

**VELKOMIN Í
HÁSKÓLA ÍSLANDS**



Taktu skrefið!

Kynntu þér MBA við Háskóla Íslands

MBA-nám við Háskóla Íslands gæti verið fyrir þig og gildir þá einu hvort bakgrunnur þinn er á sviði lista, bókmennta, verkfræði eða viðskipta. MBA-nám er stjórnunarnám og ákjósanlegur valkostur fyrir fólk sem skipta vill um starfsvettvang og takast á við nýjar áskoranir eins og rekstur og stjórnun.

MBA-námið gefur þér nýjar forsendur til starfsþróunar og bætir verulega tækifæri til starfsframa. Skoraðu á þig – og taktu skrefið!

www.mba.hi.is



HÁSKÓLI ÍSLANDS
VIÐSKIPTAFRÆÐIDEILD



HÁSKÓLI Í FREMSTU RÖÐ

Tímarit Háskóla Íslands kemur nú út í þriðja sinn í aðdraganda Háskóladagsins þegar allar deildir Háskóla Íslands kynna námsframboð sitt fyrir stúdentsefnum og öðrum þeim sem áhuga hafa á að kynnast starfsemi skólans.

Það markar tímamót í lífi hvers einstaklings að skrá sig í háskóla. Háskólanám er ögrandi og kallar á sjálfstæð vinnubrögð og frumkvæði. Það er því mikilvægt við val á námi og í upphafi náms að vera óhrædd við að spyrja og leita ráða. Það er kappsmál Háskóla Íslands að styðja við nemendur sína í einu og öllu.

Meginhlutverk háskóla er að skapa nýjan skilning stúdenta á margflóknum veruleika, þroska rökhugsun og auðga heimsmynd þeirra. Það hlutverk tekur Háskóli Íslands alvarlega og rækir af metnaði og alúð. Háskóli Íslands er alþjóðlegur háskóli og kappkostar að skapa ungu fólki tækifæri, heima sem að heiman. Nemendur við Háskóla Íslands geta í vaxandi mæli tekið hluta af námi sínu við virta erlenda háskóla. Jafnframt tekur Háskóli Íslands fagnandi á móti stúdentum frá tæplega 90 löndum.

Háskóli Íslands er í sókn og stunda tæplega 15.000 nemendur nám við skólann þennan

veturinn. Námsframboðið er hvergi fjölbreyttara hér á landi en hátt á fjórða hundrað námsleiða eru í boði við skólann. Innan skólans eru fimm fræðasvið og 25 deildir sem bjóða góða þjónustu við stúdenta og kennara. Umfangsmiklar skipulagsbreytingar hafa verið gerðar á innra starfi Háskólans til að hann nái metnaðarfullum markmiðum á sviði kennslu, vísinda, nýsköpunar, alþjóðasamskipta og samskipta við íslenskt atvinnulíf.

Markmið Háskóla Íslands er að vera í fremstu röð háskóla og að nota alþjóðlega viðurkennda mælikvarða við allt gæðamat á starfi skólans. Miklar kröfur eru gerðar til kennara, stjórnenda og annars starfsfólks. Jafnframt eru gerðar miklar kröfur til nemenda því við viljum tryggja að prófgráða frá Háskóla Íslands hafi á sér öruggan gæðastimpil og njóti trausts um allan heim. Þetta markmið Háskólans verður styrkur nemenda í framtíðinni.

Á þeim einstöku tímum sem við lifum nú er mikilvægara en nokkru sinni að nýta þann styrk sem býr í Háskóla Íslands. Við endurreisn íslensks efnahagslífs er brýnt að Háskóli Íslands haldi fast við stefnu sína um afburðaárangur í menntun og vísindum, og leggi rækt við nýsköpun sem felur í sér að skapa og koma á framfæri þekkingu þannig

að verðmætasköpun og aukin lífsgæði fylgi. Með stefnu Háskóla Íslands er sáð til framtíðar.

Árið 2011 mun Háskóli Íslands fagna aldarafmæli. Yfirskrift afmælisársins er „Fjár sjóður framtíðar.“ Sá fjár sjóður sem vísað er til er sú auðlegð sem býr í öflugu starfsliði Háskóla Íslands, sú auðlegð sem býr í þeim stóra hópi nemenda sem hafa stundað og stunda nú nám við skólann og ekki síst sú auðlegð sem býr í þeim kynslóðum sem nú eru að vaxa úr grasi og munu á næstu árum og áratugum útskrifast úr skólanum. Við sem störfum innan Háskólans viljum taka höndum saman við einstaklinga, fyrirtæki og stofnanir til að byggja hér upp háskóla í fremstu röð. Reynsla annarra þjóða hefur ítrekað sýnt að framtíðarvæðing þeirra, ekki síst þegar erfiðleikar steðja að, byggist á því hve hratt og örugglega þær örva þekkingarsköpun, bæta menntun og nýta sér hana. Menntun og öflugt rannsókn- og vísindastarf er svar Háskóla Íslands við þeim efnahagserfiðleikum sem þjóðin stendur nú andspænis; „Fjár sjóður framtíðar“ er sá sáttmáli sem skólinn vill gera við íslenskt samfélag.

Vertu velkomin/n í Háskóla Íslands
Kristín Ingólfssdóttir
rektor

Stúdentaforingjar fjölga sér

Það vakti athygli margra á Háskólatorgi þegar Hildur Björnsdóttir, formaður Stúdentaráðs, tók að þykkna undir belti. Ekki þurfti að fara langt til að koma auga á hinn væntanlega föður. Jóhann Már Helgason, framkvæmdastjóri Stúdentaráðs, og Hildur formaður eru par.

Þau Hildur og Jóhann kynntust í gegnum hagsmunabaráttu stúdenta fyrir tveimur árum og þekkja því ekkert annað en að vinna saman að bættum hag stúdenta. Þau hlæja hátt þegar þau tala um hversu smeyk þau séu við að skilja við leiðtoga hlutverkið hjá Stúdentaráði. Þau grunar að heimilislífið muni hrynja segja þau með hálfkæringi.

„Við þekkjum ekkert annað en að vinna saman í hagsmunabaráttunni,“ segir Hildur og hlær. Jóhann Már bætir við að þau séu samt búin að vera dugleg við að aðskilja heimilislífið og vinnuna og bæði séu þau skilningsrík á skólann og vinnuna hvort hjá öðru.

Að vissu leyti má segja að árið hjá stúdentaforingjunum hafi verið stormasamt þótt það hafi endað býsna vel með því að þeim fæddist lítið jólabarn. En það er kreppa sem tekur á hjá fjölmörgum stúdentum.

„Árið hefur einkennst af því að verja það sem stúdentar hafa í stað þess að vera í sókn eins og hin



siðustu ár,“ segir Hildur. Hún bætir við að það hafi ekki alltaf verið létt verk. Hildur segir að mikilvægt sé að sýna eindreginn skilning þegar kreppir að. Stúdentar séu ekki tilbúnir að gefa réttindi sín eftir, þrátt fyrir að harðni á dalnum, og þeir kalli eftir samstöðu til að verja réttindi stúdenta og Háskólans.

Þau hjónaleyisn eru þó ekkert að kvarta því bæði segja þau forréttindi að hafa fengið að starfa í Stúdentaráði.

„Það er mikill kraftur í þessum hópi hér og við höfum keyrt á öll þau mál sem upp hafa komið,“ segir Jóhann.

En nú er tekið við nýtt forréttindahlutverk í lífi stúdentaforingjanna því þau Hildur og Jóhann eignuðust jólastrák þann 25. desember 2009. Þau hverfa þó ekki af háskólasvæðinu alveg í bráð því Hildur heldur áfram í MA-námi sínu í lögfræði og Jóhann lýkur BA-námi í stjórnmálafræði í sumar. Hann er að velta fyrir sér möguleikum á framhaldsnámi.

Við óskum Hildi og Jóhanni innilega til hamingju með frumburðinn.



Metaðsókn

Metaðsókn hefur verið í Háskóla Íslands í vetur. Umsóknnum um skólavist, bæði í grunnám og framhaldsnám, fjölgaði um 20% milli ára og eru nemendur skólans nú tæplega 15 þúsund. Kristín Ingólfssdóttir rektor segir að þessi mikla aðsókn endurspeglar það traust sem skólinn nýtur hjá þjóðinni og þann árangur sem náðst hefur í uppbyggingu náms og rannsókna undanfarin ár.

Kristín segir að Háskólinn sé að ná markmiðum sem sett voru fram í stefnu skólans fyrir tímabilið 2006–2011. Til dæmis séu horfur á að fjöldi útskrifaðra doktora fimmfaldist á þessum fimm árum eins og að er stefnt. Fjöldi brautskráðra doktora verði þá um helmingur þess sem gerist í löndum Evrópu, þar sem atvinnulífið knýr á um eflingu doktorsnáms vegna mikilvægis þess í nýsköpun og verðmætasköpun.

Rektor Háskóla Íslands hefur ítrekað lagt áherslu á að ekki megi sóa þeim árangri sem náðst hefur á sviði mennta og rannsókna á undanföllum árum við leitina að úrræðum til að spara í menntakerfinu.

„Við verðum að hafa vit til þess að hlúa að því sem best er gert og því sem skapar okkur sérstöðu og áþreifanlegan árangur. Ef við náum þannig að styrkja menntakerfið, og nýta það sem lið í að varða leiðina úr þrengingunum, komum við vel undirbúin til leiks þegar þessu samdráttarskeiði lýkur. Til þess verðum við að hugsa stórt, hafa heildarhagsmunir í huga og þor til að taka erfiðar ákvarðanir. Ef menntakerfið fellur hins vegar í far meðalmennsku verðum við lengi að ná okkur á strik aftur,“ segir Kristín.

Að taka fyrstu skrefin í Háskóla Íslands

Háskóli Íslands gerir allt til að einfalda nemendum að hefja nám við skólann. Á ári hverju eru sérstakar kynningar sniðnar fyrir nýnema og er þar farið yfir alla helstu þætti sem snerta námið, aðstöðuna, búnað og félagslíf. Þetta er gert fyrir Háskólann í heild sinni en fræðasvið og deildir halda einnig sérkynningar fyrir sína nemendur.

Á Háskólatorgi eru ýmsar uppákomur s.s. tónleikar, Háskóladansinn kynnir sína dagskrá, Stúdentaráð stendur fyrir gönguferðum um Háskólasvæðið og grillveisla hefur verið haldin til að hrista fólk saman svo fátt eitt sé nefnt.

Á síðasta ári var opnuð nýnemagátt á

student.is þar sem nemendur geta kynnt sér grunninn að starfi Háskólans á auðveldan hátt og hvernig best sé að fóta sig í nýjum skóla.

Dagný Ósk Aradóttir Pind hefur stýrt móttöku nýnema síðustu tvö ár í félagi við aðra starfsmenn Háskólans. Hún segir að nýnemagáttin sé mikil og góð viðbót við miðlun upplýsinga til nýnema Háskólans.

„Það getur verið snúið að fóta sig í nýjum skóla með nýjum reglum og nýju skipulagi. Því vildum við reyna að auðvelda nemendum að taka fyrstu skrefin í Háskóla Íslands,“ segir Dagný Ósk.

Að hennar mati hefur verkefnið tekist vel og



mun nýnemagáttin verða þróuð áfram til að einfalda nýnemum enn frekar að hefja nám í HÍ.

Slóð á nýnemavefinn: <http://student.is/nynemar>



Sigurður Pálsson, rekstrarstjóri Bóksölu stúdenta

Fólk heldur tryggð við Bóksöluna

Bóksala stúdenta er ein vinsælasta bókabúð landsins en meginmarkmið hennar er að útvega stúdentum við Háskóla Íslands kennslubækur og önnur námsgögn á sanngjörnu verði.

„Bóksalan sinnir samt ekki bara stúdentum við Háskóla Íslands því hún þjónar í raun öllum akademíska heiminum á Íslandi,“ segir Sigurður Pálsson, rekstrarstjóri Bóksölnnar.

„Þá hefur hún lengi heillað marga grúskara auk þess sem skáldverk eru þar á boðstólum og vasabrotsbækur í óvenjulegu úrvali,“ bætir hann við.

Að sögn Sigurðar útvegar Bóksalan öll helstu fræðirit og handbækur sem háskólamañn og háskólamañntaðir sérfræðingar nota.

Þótt viðskiptavinir Bóksölnnar séu fjölmargir

og áberandi á Háskólatorgi, þar sem Bóksalan starfar, þá fjölga þeim stöðugt sem kaupa bækur á heimasíðu Bóksölnnar. Bóksalan er raunar frumkvöðull í vefverslun á Íslandi.

„Vefverslun okkar gengur ljómandi vel og hún hefur eflst jafnt og þétt,“ segir Sigurður. „Mjög margir viðskiptavinir okkar kaupa bækurnar bara í vefbúðinni okkar.“

Þótt Bóksalan hafi flust yfir á Háskólatorg fyrir tveimur árum, og aðstaðan sé öll bjartari og betri en áður, er margt óbreytt. Starfsfólkið er á sínum stað og hefur haldið tryggð við Bóksöluna á svipaðan hátt og viðskiptavinirnir.

Sigurður segir að starfsfólkið búi yfir mikilli sérþekkingu og sumir telji sérstöðu Bóksölnnar einmitt felast í henni.

„Reynsla starfsfólksins og ábyggileg þjónusta



hefur átt stóran þátt í því að við höfum haldið velli þrátt fyrir harða samkeppni,“ segir Sigurður. „Svo má ekki gleyma því að áratugalangt samstarf Bóksölnnar við erlend bókaforlög hefur áreiðanlega stuðlað að sterkri stöðu okkar.“

Skóli með sögu og sál

Háskóli Íslands hefur verið hornsteinn þekkingaruppbyggingar á Íslandi í næstum 100 ár. Stöðug framþróun og sterk framtíðarsýn er og verður styrkur Háskóla Íslands til að ná markmiðum sínum.

Skóli í stöðugri mótun

Háskóli Íslands er sífellt að stækka, nemendum fjölga og kennarar skólans afa sér stöðugt nýrrar þekkingar og reynslu sem kemur þeim til góða við kennslu og rannsóknir. Á hverjum degi vinna kennarar, nemendur og starfsfólk Háskóla Íslands að því að gera skólann betri – samfélaginu öllu til góða.



Nýsköpun og rannsóknir

Kennarar Háskólans og nemendur í rannsóknartengdu framhaldsnámi stunda fjölbættar rannsóknir í nánum tengslum við íslenskt samfélag og atvinnulíf. Það má með sanni

segja að dag hvern fari fram öflugt nýsköpunar- og frumkvöðlastarf í Háskóla Íslands.

Alþjóðlegur háskóli

Alþjóðleg tengsl kennara Háskóla Íslands eru mikil og sterk og margir þeirra eru í fremstu röð í sínum fræðum í alþjóðlegu vísindasamfélagi. Þá á Háskóli Íslands í samstarfi við fjölmarga framúrskarandi erlenda háskóla og rannsóknarstofnanir um nemendaskipti, rannsóknir og fleira. Allir nemendur Háskólans eiga kost á að taka hluta af námi sínu við erlendan háskóla og á hverju ári tekur Háskóli Íslands á móti hundruðum erlendra nemenda.



ERLENDIR
STÚDENTAR VIÐ HÍ



Sylvia Laurensse

Where are you from?

I come from Venray, a small city (40.000 inhabitants) in the south-east of the Netherlands.

What is your home university and programme?

I am a Master student from the Eindhoven University of Technology. My field of study is Innovation Sciences. In this Master's degree program I study the socio-economic effects of technological innovations. Also I obtain knowledge through studying the design and evaluation of strategies and interventions that are intended to influence innovation processes and technological change.

Why did you choose to study at the University of Iceland?

Several topics of courses taught in English at the University of Iceland are relevant to my planned MSc research area in Innovation Management, which makes it a good learning place. Besides, Iceland is an interesting country.

What do you like the most about the University of Iceland?

I like the enthusiasm of both students and teachers during the lectures.

What did you feel about the welcome you got when you arrived?

The welcome in Iceland was warm (also because of the weather that day).

The orientation at the University – what do you think about it?

The good points about the orientation at the University of Iceland: the staff and teachers are willing to help, the buddy system and the university facilities.

What is interesting about Iceland?

Among several other things, living on an island which is in size three times bigger than the Netherlands and with only 300.000 inhabitants have attracted my attention.

Have you heard of Icesave?!

The day after I decided to do my international semester in Iceland, the news was dominated by the bankruptcy of Icesave. Since Icesave with high interests attracted many Dutch clients, it was almost impossible to miss the severe bank and currency crisis in your country.

Do you think Iceland is affordable?

Despite the fact that the crisis in Iceland didn't influence my decision to go to Iceland, it has financial advantages for the current affordability of Iceland. The íslensk króna declined already with 30 krónur during my stay in Iceland. For international students, this makes the daily life in Iceland more affordable.

Hrafnhildur Hannesdóttir, doktorsnemi í Jarðvísindadeild
Sambúð manns og jökuls

Hvergi hefur sambúð manns og jökuls verið eins nán og í Austur-Skaftafellssýslu og saga jöklabreytinga á fyrri öldum er þar vel skráð," segir Hrafnhildur Hannesdóttir, doktorsnemi í Jarðvísindadeild. Talsverðar rannsóknir hafa átt sér stað á suðurhluta Vatnajökuls undanfarin ár. Þar hafa tengsl jökla og loftslagsbreytinga verið skoðuð. Skriðjökklar í Austur-Skaftafellssýslu eru á hlýjasta og úrkomumesta svæði landsins. Þeir bregðast hratt við öllum breytingum. Jökklar hafa óviða breyst meira á liðnum árum en við sunnanverðan Vatnajökul. Jökulmenjar geyma upplýsingar um

„VIÐ REKJUM SÖGU JÖKLA-
BREYTINGA Í AUSTUR-SKAFTA-
FELLSSÝSLU FRÁ ÞVÍ UM 1700
FRAM TIL DAGSINS Í DAG“

mestu útbreiðslu jöklanna. Þær hafa varðveist mjög vel þarna fyrir austan. Stór hluti verkefnisins hefur verið að kortleggja jökulgarða og jaðarurðir í nágrenni þeirra.

„Við rekjum sögu jöklabreytinga í Austur-Skaftafellssýslu frá því um 1700 fram til dagsins í dag," segir Hrafnhildur. „Notast er við gagnasöfn til að stilla af líkón sem herma eftir viðbrögðum jöklanna við breytingum í loftslagi. Tíu skriðjökklar eru skoðaðir í þessari rannsókn. Jöklarnir eru ólíkir að stærð og lögun og bregðast mismunandi við

sömu breytingum á loftslagi." Hrafnhildur segir að markmiðið sé að geta útskýrt þennan mun og fá trúverðuga mynd af því hvernig líklegt er að jöklarnir breytist á næstu áratugum, að gefnum forsendum um loftslag.

„Meðalárshiti síðasta áratugar er um það bil einni gráðu hærra en við lok 19. aldar og á þeim tíma hefur rúmmál Vatnajökuls rýrnað um 11 prósent. Það verður spennandi að sjá hversu hraðar breytingarnar verða á næstu árum," segir Hrafnhildur.

Að sögn Hrafnhildar mun bráðnun íslenskra jökla ekki valda nema eins millimetra hækkun í heimshöfunum. Hún nefnir að afrennsli vatns frá jöklunum hafi og muni breytast talsvert á næstu árum. „Austurfljót í Hornafirði og Skeiðará hafa nú þegar horfið úr farvegum sínum," segir hún.

Mikilvægi íslenskra jökla fyrir fræðimenn er ekki síst vegna þeirra rannsókna sem staðið hafa yfir í marga áratugi. Þeir veita þar af leiðandi upplýsingar um við hverju má búast á öðrum svæðum á jörðinni með álíka jöklum. Hrafnhildur segist sannfærð um að niðurstöður rannsóknarinnar muni gagnast við framtíðarskipulag byggðar sunnan Vatnajökuls, og þá sérstaklega fyrir vegagerð, landnýtingu og gróðurvernd.

Leiðbeinandi: Helgi Björnsson, vísindamaður við Jarðvísindastofnun.



JÖKLAR Á ÍSLANDI Á UNDAHVALDI

– Bók **Helga Björnssonar** jöklafræðings fær Íslensku bókmenntaverðlaunin

Jöklar á Íslandi, verk Helga Björnssonar jöklafræðings við Háskóla Íslands, hefur fengið afar lofsamlega dóma í fjölmiðlum en bókina kom út fyrir jólin. Bókina var tilnefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna í flokki fræðiritna og bóka almenns efnis. Í þeim flokki voru reyndar tvær bækur tilnefndar eftir vísindamenn við HÍ,

„STÓRVIRKI – ÞAÐ ER ORÐIÐ SEM MÉR FINNST EIGA BEST VIÐ UM BÓKINA JÖKLAR Á ÍSLANDI“

Því bókina Mynd af Ragnari í Smára eftir Jón Karl Helgason, var einnig tilnefnd. Jón Karl er dósent í íslensku fyrir erlenda stúdenta.

Bók Helga fékk svo Íslensku bókmenntaverðlaunin í febrúar.

„Stórvirki – það er orðið sem mér finnst eiga

best við um bókina Jöklar á Íslandi,“ segir Guðni Einarsson, gagnrýnandi í Morgunblaðinu. Það segir Guðni fyrst og fremst eiga við þá miklu og víðtæku þekkingu sem dr. Helgi hafi safnað og sett fram á auðskilinn hátt. Í Morgunblaðinu fær bókina fimm stjörnur eða fullt hús hjá gagnrýnanda blaðsins.

Helgi Björnsson er vísindamaður við Jarðvísindadeild Háskólans og einn helsti sérfræðingur Íslendinga í jöklarannsóknum. Rannsóknir hans hafa verið fjölbættar. Helgi hefur aflað grundvallargagna um alla helstu jökla Íslands. Meginverkefni hans hefur verið kortlagning á yfirborði og botni jökla með íssjármælingum, afmörkun vatnasvæða jökulfljótanna, mælingar á afkomu jökla og tengsl við veðurfar. Á grundvelli þessara gagna hefur Helgi kannað hegðun jökla í nútíð og fortíð

og hvernig ætla má að loftlagsbreytingar hafi áhrif á jökla til framtíðar.

Jöklar Íslands rýrna nú hratt og rannsóknir Helga og samstarfsmanna hans benda til þess að Langjökull verði horfinn eftir 120 til 130 ár og Hofsjökull verði aðeins smáskella eftir 200 ár gangi spár veðurfræðinga eftir um hlýnun. Rannsóknirnar benda til þess að suðurhluti Vatnajökuls hverfi líka á sama tíma en norðurhluti hans gæti staðist áhlaupið í þrjár aldir.

Í bók sinni útskýrir Helgi myndun jökla og mismunandi gerðir þeirra. Einnig rifjar hann upp heimildir um jökla allt frá upphafi Íslandsbyggðar. Helgi rekur hvernig þekkingu manna á jöklunum og eðli þeirra hefur fleygt fram í aldanna rás. Hann gerir einnig ítarlega grein fyrir ísöldum og hlýskeyðum líku því sem við lifum nú en saga loftslagsbreytinga hefur einmitt verið lesin úr jöklum og sjávarseti.



Svanborg Rannveig Jónsdóttir,
doktorsnemi í menntunarfræðum

Tækifæri í hindrunum

Ég tel mikilvægt að nemendur fái tækifæri gegnum alla skólagöngu sína til að vinna skapandi og raunveruleikatengd verkefni sem eru þeim sjálfum mikilvæg," segir Svanborg Rannveig Jónsdóttir, doktorsnemi við Menntavísindasvið, en hún vinnur að rannsókn á stöðu nýsköpunarmenntar í íslenskum grunnskólum. „Í minni eigin kennslu í grunnskóla sá ég fleiri markmið rætast í nýsköpunarmennt en öðrum greinum sem ég hafði kennt, svo sem að nemendur væru skapandi, virkir og framkvæmdasamir og að þeir öðluðust þau viðhorf að þeir gætu gert ýmislegt gagnvart margvíslegum vandamálum en væru ekki óvirkir viðtakendur og þolendur.“

Í nýsköpunarmennt eru nemendur fyrst og fremst að vinna með að bæta tilveruna á einn eða annan hátt, þjálfast í að lesa umhverfi sitt, náttúrulegt og tæknilegt. Þeir þróa stundum hugmyndir yfir í afurðir sem verða söluvörur.

„NEMENDUR KYNNAST ÞVÍ HVERNIG HUGMYNDIR VERÐA AÐ VERÐMÆTUM ÁSAMT ÞVÍ AÐ LÆRA OG ÞJÁLFAST Í SKIPULAGNINGU, STJÓRNUN OG SAMVINNU“

„Nemendur kynnst því hvernig hugmyndir verða að verðmætum ásamt því að læra og þjálfast í skipulagningu, stjórnun og samvinnu.“

Markmið rannsóknarinnar er að varpa ljósi á hvar skólafólk staðsetur nýsköpunarmennt í skólafarfinu, hvernig það upplifir hana og hvaða stuðningur er nauðsynlegur til að koma henni

fyrir. Gagnasöfnun felst í að fylgjast með kennslu í grunnskólum og ræða við nemendur, kennara og skólastjórnendur.

Ein af vísbendingunum sem hefur komið í ljós í rannsókn Svanborgar er sú að almenningur og skólafólk veit almennt lítið um nýsköpunarmennt. Úr rannsókninni hafa einnig verið þróuð hugtakalíkon til að skoða ferli nýjunga í skólafarfinu. Vonast er til að líkonin komi vísindasamfélaginu, stjórnvöldum, kennaranemum, skólafólki á vettvangi og almenningi til góða svo að betri yfirsýn fái stundum hversu margir þættir spila saman og á hvaða hátt þeir hafa áhrif hver á annan.

Svanborg vonast einnig til að niðurstöðurnar nýtist til að þróa markvisst nám fyrir íslenska kennaranema og starfandi kennara í nýsköpunarmennt og í framhaldi af því að þróa samfellt og stígandi nám á þessu sviði fyrir grunnskólanemendur. „En aðallega vonast ég þó til að niðurstöður nýtist til að ýta undir að íslenskum nemendum verði töm möguleikahugsun, þ.e. að þeir geti komið auga á möguleika frekar en hindranir og jafnvel að búa til möguleika og

tækifæri úr hindrunum,” segir Svanborg.

Aðalleiðbeinandi er Allyson Macdonald prófessor við Menntavísindasvið og meðleiðbeinendur eru Örn Daniel Jónsson, prófessor í Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands, og Anna Craft, prófessor við Háskólann í Exeter.



Hvar er Peysan mín?

Það þarf oft ekkert annað en frjóan hug til að fyrirtæki fæðist.

Það telst varla til tíðinda að nemendur í verkfræðinámi við HÍ hendi sér í að stofna sprotafyrirtæki en það er nýstárlegt í meira lagi að fyrirtækið snúist um að þrjóna úr garni.

Hugdetta nokkurra nema í verkfræðinni um að viðskiptavinurinn geti pantað sérþjónaða peysu á Netinu varð til þess að hjólin fóru að snúast. Hugmyndin spratt fram á námskeiðinu Stjórnun fyrirtækja undir leiðsögn Hauks Inga Jónssonar, lektors við HÍ.

Í því árferði sem nú er fannst nemendum við hæfi að byggja á einhverju séríslensku og hvað er íslenskarar en lopapeysan? Í fyrstu átti verkefnið einungis að lifa af námskeiðið sjálft en viðtökur urðu framar vonum. Því sáu aðstandendur hugmyndarinnar fram á áframhaldandi rekstur og jafnvel aukin umsvif.

Og hvaða nafn var fundið á þetta nýja sprotafyrirtæki? Auðvitað Peysan mín!

Stofnendur fyrirtækisins eru Elvar Þór Hjörleifsson, Eymundur Sveinn Leifsson, Gunnar Skúlason, Kristín Björg Sveinsdóttir, Maren Lind Másdóttir og Teitur Birgisson, sem öll eru nemendur í iðnaðarverkfræði, ásamt Ómari Þorvaldi Kristinssyni, nemandi í tölvunarfræði.

www.peysanmin.com



Inga Guðrún Kristjánsdóttir,
meistaraneimi í Uppeldis- og menntunarfræðideild

Fræðslustarf í fangelsum

Nám er besta betrunin“ er titill meistararitgerðar Ingu Guðrúnar Kristjánsdóttur í uppeldis- og menntunarfræði. Ritgerðin byggist á langtímarannsókn um fræðslustarf í fangelsum þar sem Inga fylgdist með átta föngum á Litla-Hrauni sem stunda þar nám. Eftir því sem hún kemst næst er þetta fyrsta eiginlega langtímarannsóknin á þessu sviði.

Fangar hafa lögbundinn rétt til náms og á Litla-Hrauni er rekið útíbú frá Fjölbrautaskóla Suðurlands.

Inga segist alls ekki smeyk við að fylgja föngum eftir. „Ég hef alls staðar mætt mikilli velvild og fengið góðar móttökur, sama hvort það eru fangarnir, starfsmenn skólans, stjórnendur fangelsanna eða aðrir,“ segir hún. Inga tekur viðtöl við fangana, fylgdist með námsárangri þeirra og líðan í námi.

„Margir fanganna standa sig gríðarlega vel og dæmi eru um framúrskarandi árangur í háskólanámi. Svo gengur öðrum ekki eins vel, en það er ekki síður mikilvægt að fá að kynnst reynslu þeirra,“ segir Inga.

„Ég legg áherslu á að spyrja þá út í fyrri skólareynslu. Þeir eiga flestallir sameiginlegt að sú reynsla er frekar brotin og hafa ekki allir lokið hefðbundnu grunnskólanámi,“ segir Inga.

Inga hefur mikla trú á forvarnargildi menntunar og telur menntunina geta bætt möguleika fanganna gríðarlega að lokinni afplánun. Hún



bendir einnig á að rannsóknir hafi sýnt að nám í afplánun hefur marktæk áhrif á tíðni sibrotta og að þeir lendi síður aftur í fangelsi en ef þeir fengu ekki menntun.

Fangarnir sem taka þátt í rannsókn Ingu eru almennt afar ánægðir með að fá tækifæri til menntunar og eru sannfærðir um að hún eigi eftir að styrkja þá því, eins og þeir segja sjálfir, „nám er besta betrunin“.

Leiðbeinandi: Guðný Guðbjörnsdóttir, prófessor í uppeldis- og menntunarfræði.

Hvers vegna valdir þú þína námsleið?



María Lind Ingvarsdóttir,
BA-nemi í kvikmyndafræði

Það heillar mig að búa til efni og miðla því á myndrænan hátt enda er kvikmyndin sá miðill sem er betur til þess fallinn en flestir aðrir. Ég stefni á framhaldsnám í fjölmiðlun með áherslu á myndræna þáttinn.



Hinrik Örn Hinriksson, BA-nemi í japönsku

Japanska er öflugt tungumál í viðskiptum og mig langar til að vera milliliður milli íslenskra og japanskra fyrirtækja í framtíðinni. Ég fer í skiptinám til Japans í haust til að læra málið betur.



Pétur Markan, meistaraneimi í guðfræði

Guðfræði er drottning vísindanna samkvæmt hefðinni. Námið er eins gott og best er á kosið, stendur fyllilega undir væntingum og svo er kaffið gott í Kapellukjallaranum.



Ásdís Emilsdóttir Petersen, doktorsnemi við Guðfræði- og trúarbragðafræðideild

HÆFILEIKAR PRESTA

Það hefur vart farið fram hjá neinum að Þjóðkirkjan starfar í ögrandi umhverfi sem gerir miklar kröfur til leiðtoga hennar. Kirkjan er áhugaverður vinnustaður, með tilliti til leiðtogastjórnunar, starfsumhverfis og ekki síst breytinga á kynjahlutfalli," segir Ásdís Emilsdóttir Petersen, doktorsnemi við Guðfræði- og trúarbragðafræðideild. „Í ljósi þessa ákvað ég að nýta menntun mína úr guðfræðinámi og stjórnunarnámi til þess að vinna að doktorsverkefninu „Leiðtogahlutverkið í kirkjunni í ljósi nútímastjórnunarfræða.“ Aðalleiðbeinandi er dr. Pétur Pétursson, prófessor í Guðfræði- og trúarbragðafræðideild, og meðleiðbeinandi er Runólfur Smári Steinþórsson, prófessor í Viðskiptafræðideild.“

„Markmiðið er að skilgreina prestshlutverkið og öðlast vitneskju um árangursríka eiginleika í fari presta. Eiginleikarnir eru bornir saman við sjónarhorn úr fræðum hagnýtrar guðfræði en einnig við nútímastjórnunarkenningar um leiðtoga og árangur. Meginrannsóknarspurningin beinist að því að skoða samhengið á milli hæfileika presta í tiltekinni safnaðargerð og árangurs í starfi.“

Ásdís byggir rannsókn sína á spurningalístum og viðtölum. Sérvaldir prestar og virkir leikmenn hafa tekið þátt í alþjóðlegri spurningakönnun um árangursríka gæðabætti í safnaðarstarfi. Spurningakönnunin er hönnuð af þýskri stofnun sem er kennd við fræði um náttúrulega safnaðaruppbyggingu (NCD).

„Til þess að fá vitneskju um séríslenskar



aðstæður tók ég jafnframt viðtöl við reynslumikla presta af báðum kynjum. Með því að mæla og meta hæfnisþætti sem leiða til árangurs vona ég að niðurstöður auki þekkingu um árangur í kirkjustarfi og geti nýst við ráðningu presta, starfsþjálfun og stefnumótun," segir Ásdís.

Arndís S. Árnadóttir, doktorsnemi í Sagnfræði- og heimspekideild

Híbýlahættir landans eftir torfhúsatímabilið

„Verk frumherjanna í nútímahúsgagnagerð á fjórða áratug 20. aldar gáfu mér tilefni til að rannsaka hvernig hönnun tengist húsgagnaframleiðslu hér á landi og híbýlahættir breyttust á tímabilinu 1907-1970. Heimildir eru nægar, það þarf bara að hefjast handa," segir Arndís S. Árnadóttir sem vinnur að doktorsritgerð í sagnfræði um híbýlahætti á Íslandi.

„Tilgangurinn er að skýra breytingar á híbýlaháttum Íslendinga þegar þeir yfirgáfu torfhúsin og hófu að móta heimili sín í nýjum húsum úr timbri eða steinsteypu. Ég skoða þróun húsgagnaframleiðslunnar og einnig hvaða hlutverki sýningar gegndu í að miðla nýjum hugmyndum. Rannsókninni er í fyrsta lagi ætlað að greina hvernig nýjar stefnur, ekki síst módernismi, breyttu útliti heimila á þessu norðlæga jaðarsvæði Evrópu

og höfðu áhrif á listræna sköpun Íslendinga og hugmyndir þeirra um fegurra mannlíf og heimili þar sem húsgögn urðu mikilvægir hlutir.

Í öðru lagi verður greint hvernig erlend áhrif, einkum norræn, og fyrirmyndir um hönnun bástur hingað og mótuðu verk þeirra sem unnu við hönnun og nýsmíði. Ekki síst þarf að skýra tengsl Íslendinga við hönnunarhreyfinguna „Scandinavian design.“ Mér sýnist þróunin hér á landi hafa verið í meginatriðum hin sama og í nágrannalöndunum hvað híbýlahætti snertir en Íslendingum tókst ekki að efla listiðnað sinn og hönnun líkt og aðrar norrænar þjóðir," segir Arndís.

Aðspurð um gildi rannsóknarinnar segir Arndís að „um þessar mundir sé meiri áhugi á samtímahönnun í Þjóðfélaginu en áður en sárlega



vanti rannsóknir á eldri verkunnáttu, handverki, listiðnaði og hönnun. Þessi rannsókn leggur sitt á þær vogarskálur en ekki síður til miðunar til almennings.“

Leiðbeinandi: Guðmundur Jónsson, prófessor við Sagnfræði- og heimspekideild.



Guðbjörg R. Jóhannesdóttir, doktorsnemi í heimspeki

Undrun er ein algengasta tilfinningin sem fólk upplifir gagnvart jökklum og háhitasvæðum á Íslandi. Þessu hefur Guðbjörg R. Jóhannesdóttir, doktorsnemi í heimspeki, komist að í rannsókn sinni á fagurfræðilegri upplifun manna á náttúrunni.

Í rannsókn sinni hefur Guðbjörg farið með hópa fólks í ferðir, annars vegar á háhitasvæðin í Krísuvík og hins vegar upp á jökla eins og Sólheimajökul, Svínafellsjökul og Falljökul. Þar hefur hún kannað viðbrögð fólksins við þessum náttúru fyrirbærum. Guðbjörg segir að ástæðan fyrir því að háhitasvæði og jöklar urðu fyrir valinu sé sú að þetta eru þau fyrirbæri sem eru algeng hér á landi en sjaldgæf á heimsvísu.

Hvað er ægifygurð?

„Ægifygurð er hugtak sem maður hefur ekki heyrt oft en lýsir upplifun af þessum fyrirbærum mjög

„HUGTAKIÐ BER MEÐ SÉR AÐ UM SÉ AÐ RÆÐA EITTHVAÐ STÓRT OG MIKIÐ FYRIRBÆRI EÐA AFL“

vel,“ segir Guðbjörg. Hugtakið ber með sér að um sé að ræða eitthvað stórt og mikið fyrirbæri eða afl. Upplifun af ægifygurð á sér helst stað gagnvart slíkum yfirþyrmandi fyrirbærum. Hugtakið tengist því einnig að vera svolítið hræddur og segir Guðbjörg að margir hafi fundið fyrir smæð sinni



gagnvart jökklunum. Sú tilfinning hafi svo gjarnan leitt til lotningar fyrir þeim.

Flestir sammála

Það sem kom Guðbjörgu helst á óvart var hversu marga sameiginlega þætti var að finna í svörum viðmælendanna, stundum komu jafnvel sömu setningarnar fram. Einnig kom á óvart hversu stórt hlutverk ímyndunaraflið spilar í upplifun fólks á náttúrunni, þ.e. fólk fer að reyna að sjá fyrir sér hvernig þetta hafi komið til, hvað hafi verið þarna áður og hvernig þetta eigi eftir að líta út í framtíðinni.

Leiðbeinendur: Sigríður Þorgeirsdóttir, dósent við Sagnfræði- og heimspekideild, og Þorvarður Árnason, forstöðumaður Fræðaseturs Háskóla Íslands á Hornafirði.



Helga Birgisdóttir, doktorsnemi í íslensku

Ótrúlegar vinsældir Nonna litla

„Ég hef alltaf haft mikinn áhuga á barnabókmenntum, fyrst sem ungur lesandi og síðan sem íslenskunemi. Það var þó ekki fyrr en í doktorsverkefninu sem ég ákvað að sérhæfa mig á þessu sviði. Persónulegur áhugi minn stýrði ekki einn þessu vali heldur einnig sú staðreynd að þetta er alþjóðlegt fræðasvið í vexti. Sérfræðingar á sviði barnabókmennta eru hins vegar sárafáir hér á landi og fjölmargar frumrannsóknir á íslenskum barnabókmenntum vantar. Áhuginn er vaxandi en ég vona að verkefnið mitt muni eiga þátt í að efla og auka fjölbreytni í þessum rannsóknnum,“ segir Helga Birgisdóttir, sem vinnur að doktorsrannsókn í íslenskum bókmenntum á einum af fyrstu íslensku barnabókunum – Nonnabókum Jóns Sveinssonar (1857-1944).

Jón Sveinsson yfirgaf Ísland 12 ára gamall og bjó alla tíð í Evrópu en hann skrifaði Nonnabækurnar tólf um æsku sína á Íslandi og ferðalög. Bækur hans hafa vakið mikinn áhuga barna á Íslandi og víða í Evrópu en þær hafa verið þýddar á um 40 tungumál, seldar í yfir 7 milljónum eintaka og Jón flutti rúmlega 4000 fyrirlestura um ævintýri bernsku sinnar.

„Það eru meðal annars vinsældir Nonnabókanna sem ég rannsaka og tengsl þeirra við íslenska og evrópska barnabókmenntahefð. Þannig tengist rannsókn á bókum sem höfðu gríðarleg áhrif á íslenskar barnabókmenntir, allt til dagsins í dag, rannsókn á áhrifum evrópskra barnabókmennta á verk íslensks höfundar. Við sjáum að barnabókmenntir eru ekki einangrað svið heldur alþjóðlegt sem íslenskir fræðimenn eiga fullt erindi inn á,“ segir Helga.

Leiðbeinandi: Dagný Kristjánsdóttir, prófessor við Íslensku- og menningardeild.



Helga Zoëga, doktorsnemi í lýðheilsuvísindum

Geðlyfjanotkun barna algeng hér

Kveikjan að rannsókn minni var áhugi á lýðheilsu og faraldsfræði, ekki síst á geðheilbrigði barna. Þótt margir hafi sterkar skoðanir á geðlyfjameðferð fyrir börn er tiltölulega lítið um vísindalegar rannsóknir á því sviði,” segir Helga Zoëga. Hún lauk MA-prófi í megindlegum rannsóknaraðferðum félagsvísinda við Columbia-háskóla, og stundar nú doktorsnám í lýðheilsuvísindum undir leiðsögn Unnar A. Valdimarsdóttur, dósent og forstöðumanns Miðstöðvar í lýðheilsuvísindum, og Önnu Birnu Almarsdóttur, prófessors við Lyfjafræðideild.

„Með einstökum og ópersónugreinanlegum gögnum úr Lyfjagagnagrunni landlæknis höfum við kortlagt geðlyfjanotkun allra barna á Íslandi síðastliðin ár, meðal annars með tilliti til

tegundar lyfja, aldurs og kyns barna, og sérgreina lækna sem hefja meðferð. Við samanburð á notkunarmynstri á Norðurlöndum höfum við komist að því að geðlyfjanotkun barna á Íslandi er mun algengari en í nágrannalöndum okkar, ekki síst notkun á lyfjum við ADHD og þunglyndislyfjum,” segir Helga.

Einn hluti rannsóknar Helgu felst í að leita svara við því hvort geðlyfjameðferð fyrir börn með ADHD leiði til bættis námsárangurs. „Við höfum töluverðar væntingar til þessa hluta rannsóknarinnar. Í honum skoðum við árangur og framfarir barna á samræmdum prófum, í tengslum við lyfjanotkun. Þetta er fyrsta rannsóknin þar sem hægt er að meta áhrif lyfja við ADHD hjá börnum meðal heillar þjóðar.“



Helga vonar að rannsóknin muni skila bættri þekkingu á umfangi geðlyfjanotkunar meðal barna og áhrifa geðlyfja á börn. „Minnihluti geðlyfja hefur verið forprófaður með tilliti til notkunar hjá börnum og enn er lítið vitað um langtímaáhrif þeirra, hvort heldur jákvæð eða neikvæð.“

Ragnhildur Guðmundsdóttir, doktorsnemi í lýðheilsuvísindum

Áhrif náttúruhamfara

„Doktorsverkefni mitt er tvíþætt,” segir Ragnhildur Guðmundsdóttir, doktorsnemi í lýðheilsuvísindum.

„Annars vegar er ætlunin að kanna áhrif snjóflóðanna í Súðavík og á Flateyri árið 1995 á eftirlifendur, hins vegar að skoða áhrif tsunamiflóðbylgjunnar í Suðaustur-Asíu júlín 2004 á um 5.000 sænska eftirlifendur, en um 18.000 Svíar voru staddir á svæðinu þegar flóðbylgjan reið yfir.“

„Markmið beggja rannsókna er að kanna hvort aukin hætta sé meðal eftirlifenda á langtímaheilsufarsafleiðingum, sálrænum eða líkamlegum, í kjölfar áfallsins. Íslendingar þekkja náttúruhamfarir af eigin raun og búa yfir mikilli reynslu af slíkum áföllum. Þrátt fyrir að náttúruhamfarir séu ríkur hluti af sögu Íslands hafa langtímaáhrif þeirra á heilsu lítið verið rannsökuð hér á landi,” segir Ragnhildur.

„Eitt af því sem kannað verður meðal eftirlifenda

tsunami-flóðbylgjunnar er hvort lengri dvöl á hamfarasvæðum og dráttur á að fá staðfestingu á að nákominn ættingi sé látinn auki hættu á langtímaheilsufarsafleiðingum.“

Viðfangsefni Ragnhildar er viðkvæmt og því fylgir mikil siðferðisleg ábyrgð. „Rannsóknin er framkvæmd af virðingu og umhyggju fyrir eftirlifendum og í þeim tilgangi að uppskera þekkingu sem nýtist. Fyrri rannsóknir sýna að rannsóknum á heilsufarsafleiðingum ástvinamissis og náttúruhamfara er vel tekið af eftirlifendum. Því má ekki vanmeta möguleikann á að þessi rannsókn muni gagnast eftirlifendum, því að niðurstöðurnar gætu t.d. réttlætt frekari tilraunir yfirvalda til að bæta aðstæður þeirra og heilsu.“

Ragnhildur minnr á að mikill lærdómur hafi verið dreginn af snjóflóðunum á Flateyri og í Súðavík hvað varðar legu þorpanna, byggingu varnargarða



og endurmat á snjóflóðavörnum. „Þessi rannsókn getur bætt um betur og gefið okkur mikilvægar upplýsingar um áhrif náttúruhamfara á sálræna og líkamlega heilsu. Þær upplýsingar geta gagnast við ákvarðanatöku í kjölfar náttúruhamfara í framtíðinni.“

Leiðbeinandi: Unnur A. Valdimarsdóttir, dósent og forstöðumaður Miðstöðvar í lýðheilsuvísindum



Tinna Eysteinsdóttir, doktorsnemi við Matvæla- og næringarfræðideild



Lárus Steinþór Guðmundsson, doktorsnemi við Læknadeild
Tengsl mígrenis við sjúkdóma

MATARÆÐI FRÁ VÖGGU TIL GRAFAR

Niðurstöður fyrri rannsókna hafa bent til þess að tengsl séu á milli heilsu á efri árum og mataræðis fyrr á ævinni. Því má segja að vísindasamfélagið kalli eftir frekari rannsóknum og þekkingu á þessu sviði," segir Tinna Eysteinsdóttir, doktorsnemi í næringarfræði við Matvæla- og næringarfræðideild. „Rannsókn mín er í rauninni tvískipt. Fyrst met ég gildi spurningalista um mataræði, sem notaður er í öldrunarrannsókn Hjartaverndar. Þar hefur verið safnað ítarlegum upplýsingum um heilsufar á sjötta þúsund eldri þátttakenda, sem svöruðu spurningalista um núverandi mataræði, mataræði á miðjum aldri og á unglingsárunum. Nauðsynlegt er að byrja á því að meta hversu vel spurningalistinn mælir raunverulega fæðuinntöku, svo nýta meg þau mataræðisgögn úr öldrunarrannsókninni sem aflað hefur verið og tengja þau við aðrar rannsóknarbreytur. Seinni hluti rannsóknarverkefnis míns felst einmitt í að vinna með gögn sem þegar hefur verið safnað í öldrunarrannsókninni, og athuga tengsl mataræðis



og afleiðingar mataræðisins komi ekki fram fyrr en mörgum árum eða jafnvel áratugum síðar. Heilbrigði öldrun getur því að einhverju leyti átt rót sína að rekja til mataræðis á fyrri æviskeiðum.

„TALIÐ ER AÐ ÁHRIF MATARÆÐIS Á HEILSU OG SJÚKDÓMA EIGI SÉR OFT LANGAN AÐDRAGANDA“

fyrir á lífsleiðinni við heilsu og þróun sjúkdóma á efri árum.“

Tinna segist vonast til að finna tengsl milli neyslu á ákveðinni fæðu eða fæðutegundum á fyrri æviskeiðum og þess að þróa með sér ákveðna sjúkdóma á síðari æviskeiðum og heilsufar á eftir árum. „Talið er að áhrif mataræðis á heilsu og sjúkdóma eigi sér oft langan aðdraganda

Því er mikilvægt að auka skilning á þeim þáttum sem hafa hvað mest áhrif á þróun kvilla eða tengjast heilbrigði og lífsgæðum

á efri árum. Niðurstöður rannsóknarinnar munu mögulega hjálpa til við að efla sértækar forvarnir og auka líkur á heilbrigðri öldrun.“

Leiðbeinendur: Laufey Steingrimsdóttir, prófessor við Landbúnaðarháskóla Íslands og gestaprófessor við Matvæla- og næringarfræðideild, og Inga Þórsdóttir, prófessor við Matvæla- og næringarfræðideild.

„Röð tilviljana réð því að ég fór að rannsaka samband milli mígrenis og áhættuþátta hjarta- og æðasjúkdóma,“ segir Lárus St. Guðmundsson lyfja- og faraldsfræðingur, sem nú stundar doktorsnám við Læknadeild. „Ég byrjaði að rannsaka meðferð við of háum blóðþrýstingi í tengslum við hjarta- og æðasjúkdóma í hóprannsókn Hjartaverndar, sem hófst árið 1967. Magnús Jóhannsson prófessor benti mér á að áhugavert væri að skoða tengsl mígrenis og blóðþrýstings og það verkefni vatt síðan upp á sig. Nokkrar rannsóknir hafa sýnt samband milli mígrenis og háþrýstings en niðurstöður úr hóprannsókn Hjartaverndar sýna að svo er ekki.“

Lárus og samstarfsmenn hans birtu nýverið niðurstöður í JAMA, blaði bandarísku læknasamtakanna, um að mígreni með áru, þ.e. sjón- og/eða skyntuflunum samfara mígrenikasti, á miðjum aldri sé tengt aukinni tíðni vefjabreytinga í heila, mældra með segulómum, á efri árum. „Samband þetta fannst hjá konum en ekki hjá körlum. Þess ber að geta að mígreni er um þrefalt algengara hjá konum en körlum á miðjum aldri og því voru karlarnir of fáir til þess að meta sambandið með afgerandi hætti. Vefjabreytingarnar voru án klínískra einkenna. Það á eftir að meta hvaða þýðingu þessar vefjabreytingar hafa, en þær renna stöðum undir kenningar um tengsl mígrenis við hjarta- og æðasjúkdóma.“

„Nú erum við að leggja lokahönd á rannsókn þar sem við athugum hvort samband sé milli mígrenis og dauða vegna hjarta- og æðasjúkdóma, sem og dauða af hvaða orsök sem er,“ segir Lárus, sem kveðst vonast til þess að niðurstöður rannsóknarinnar nýstist við að skýra hvernig mígreni með áru tengist hjarta- og æðasjúkdómum.

Leiðbeinandi: Vilmundur Guðnason, prófessor við Læknadeild og forstöðulæknir Hjartaverndar.





Jón K. Ragnarsson, meistaranemi í alþjóðasamskiptum



Katrín Pálsdóttir, doktorsnemi við Viðskiptafræðideild

Er netógn raunveruleg?

Árið 2007 var ráðist á Eistland en þetta var ekki hernaðarárás í hefðbundnum skilningi. Hermennirnir komu í gegnum símalínur, beittu stafrænum vopnum og réðust á helstu innviði landsins, meðal annars á bankakerfi og fjölmiðla. Þegar ráðist var á Georgíu í ágúst 2008 var fyrsta bylgja árársinnar netárás. Í báðum tilvikum var um netárásir að ræða til að koma í veg fyrir að íbúar ríkjanna sem og umheimurinn vissu hvað raunverulega ætti sér stað.

Nokkur ríki, þar á meðal Rússland og Kína, hafa komið á fót sérstökum „net-herdeildum“ sem hluta af hernaðaruppbyggingu sinni. Þá hefur alþjóðleg glæpastarfsemi einnig fært sér möguleika Netsins í nyt og eru fórnarlömb þeirra glæpa óháð landamærum.

Ísland er þátttakandi í alþjóðasamfélaginu og því er þessi ógn vissulega til staðar hér sem annars

staðar. Atburðir undanfarinna missera hafa síst skapað okkur vinsældir á alþjóðavettvangi, og eru smáriki á borð við Ísland oft viðkvæmari en önnur ríki vegna takmarkaðra bjarga. Þá má nefna að íslensk stjórnvöld hafa ákveðið að auka hlut rafrænnar stjórnsýslu til að stuðla að skilvirkni og gagnsæi, en það gerir stjórnvöld enn háðari viðkvæmum tölvubúnaði.

Alþjóðasáttmálar eru til um notkun á flestum nútímahernaðarvopnum, svo sem geryðingarvopnum og jarðsprengjum, og er þeim ætlað að vernda saklausa borgara. Þar sem netógn er ein stærsta ógn komandi ára er samstillt átak alþjóðasamfélagsins nauðsynlegt í baráttunni gegn netárásum.

Leiðbeinandi: Alyson J.K. Bailes, aðjunkt við Stjórnmalafraeðideild.

Hrunið rannsakað

„Á haustdögum árið 2008 varð bylting á högum íslensku þjóðarinnar. Hér skall á dýpsta og bráðasta fjármálakreppa sem orðið hefur á Vesturlöndum og svo virðist sem almenningur hafi ekki haft hugmynd um að hverju stefndi,“ segir Katrín Pálsdóttir, kennari og doktorsnemi við Viðskiptafræðideild. Leiðbeinandi hennar er Runólfur Smári Steinþórsson prófessor.

Katrín vinnur nú að doktorsritgerð sinni um upplýsingamiðlun stjórnvalda á Íslandi í aðdraganda efnahagskreppunnar. Það kemur ef til vill ekki á óvart að Katrín fái við upplýsingamiðlun. Hún var fréttamaður í um tvo áratugi hjá Sjónvarpinu og hefur einnig starfað sem dagskrárstjóri og ritstjóri.

„Það var upplýsingamiðlun stjórnvalda í aðdraganda efnahagskreppunnar og einnig upplýsingamiðlunin í kreppunni sem vakti áhuga minn á því að rannsaka hvernig stjórnvöld miðla upplýsingum til almennings þegar áfall dýnur yfir. Hér gefst einstakt tækifæri til þess að rannsaka upplýsingamiðlun og áfallastjórnun,“ segir Katrín.

Markmið verkefnisins er að afla þekkingar á því hvernig stjórnvöld geta brugðist við þegar áfall dýnur yfir. Hún segir að hægt verði að gera rannsóknina þannig úr garði að hún nýttist í hugsanlegri innleiðingu á nýjum og betri vinnubrögðum í upplýsingamiðlun til almennings.

„Ég nota eigindlegar rannsóknaraðferðir og ræði við fjölmarga. Ég lít á þau mörg þúsund viðtöl sem ég hef tekið við fólk, bæði hér á landi og erlendis, sem æfingu fyrir viðtölin sem ég tek vegna rannsóknarinnar,“ segir Katrín brosandi.

„Ég tel að það sé mjög mikilvægt fyrir landsmenn að sem flestir þættir sem tengjast efnahagshruninu hér á landi séu rannsakaðir. Það er mikilvægt fyrir Íslendinga að læra af því sem fór úrskeiðis og nýta sér þá þekkingu til að bæta úr og að koma í veg fyrir að það sem miður fór endurtaki sig.“

Hvaða máli skiptir Háskóli Íslands fyrir íslenskt samfélag?



Arna Hilmarsdóttir, BS-nemi í hjúkrunarfræði

Háskóli Íslands er einn stór stökkpallur fyrir þegna samfélagsins, stofnun tækifæra. Og ekki má gleyma að allir hafa jafnan aðgang sem er mikill plús.



Hafdis Björk Jónsdóttir, tannlæknanemi

Háskóli Íslands gegnir lykilhlutverki í að efla menntun þjóðarinnar og er ein þeirra stofnana sem skiptir mestu fyrir atvinnulífið. Án Háskólans væri vinnuaflið hérlendis ekki eins fjölbreytt og fleiri þyrftu að sækja menntun sína til útlanda, t.d. í tannlækningum.



Hafrún Hauksdóttir,
doktorsnemi í verkfræði

Burðarvaki bestur

Hagnýtingarverðlaun Háskóla Íslands voru afhent á nýsköpunarmessu HÍ en að þessu sinni bárust 18 tillögur, sem er metfjöldi. Hagnýtingarverðlaunin eru veitt þeim aðilum innan Háskólans sem draga fram í dagsljósið hugmyndir sem hagnýta má, m.a. í atvinnurekstri sprotafyrirtækis með frekari þróun og áframhaldandi nýsköpun.

Burðarvaki Hafrúnar Hauksdóttur hlaut fyrstu verðlaun en Hafrún er doktorsnemi í verkfræði. Hugmyndin snýst um þróun og smíði á tæki sem fylgist með meðgöngu kúa. Samkvæmt rannsóknnum deyja um 15% kálfa á meðgöngu. Hér er því um verulega hagsmuni að ræða en öll þróun aðferða og tækja til þess að fylgjast með kelfdum kúm, í því skyni að draga úr kálfadauða, er brýnt verkefni.

Önnur verðlaun hlaut hugmyndin Skólapúlssinn. Höfundar eru Almar Miðvík Halldórsson og Kristján Ketill Stefánsson, báðir nemar á

Menntavísindasviði HÍ. Hér er um að ræða aðferð sem metur námsframvindu nemenda og snýst um að meta skólalíf og bæta það.

Flæðigildran er hugmyndin sem hreppi þriðju verðlaun. Hún byggist á vinnu nema í verkfræði, þeirra Stefáns Hjalta Garðarssonar, Darra Kristmundssonar, Hagalíns Á. Guðmundssonar og Birkis Veigarssonar. Þeir eru allir nemendur við Verkfræði- og náttúruvísindasvið.

Flæðigildrunni er ætlað að leysa tiltekið tæknilegt framleiðsluvandamál í iðnaði. Kitín er unnið úr rækjuskel en rækjan kemur frosin í plastpakkingum í vinnslustöð. Plastrefjar eiga það til að berast í framleiðsluferlið og menga framleiðsluna. Höfundar hugmyndarinnar þróuðu skilju til að fyrirbyggja þetta.

Sérstök heiðursverðlaun hlaut Páll Theódórsson, eðlisfræðingur við Raunvísindastofnun, fyrir rannsóknir sínar á geislavirkni og notkun hennar til aldursgreininga.

Óvissuferðum í fjósið fækkar

„Markmið okkar er að hanna tæki sem metur á öruggan hátt þegar kýr er komin að burði og sendir viðvörðun þar um. Við köllum þetta tæki Burðarvakann,“ segir Hafrún Hauksdóttir, doktorsnemi við Háskóla Íslands. Hún er verkefnisstjóri í þróun tækis sem á að auka lífslíkur kálfa. Verkefni Hafrúnar hlaut hagnýtingarverðlaun Háskóla Íslands 2009.

Hafrún segir að Burðarvakinn sé samvinnuverkefni Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands og Landbúnaðarháskóla Íslands og að það sé sprottið frá hugmynd sem kviknaði á Nýsköpunarmiðstöð.

„Það þarf langa reynslu af búskap til að meta fjölda daga að burði hjá kúm,“ segir Hafrún, og bætir við að það mat sé alltaf huglægt. „Með aukinni tæknivæðingu eykst fjöldi kúa á hverju búi og bændur verða sjálfkrafa í minni snertingu við skepnurnar. Þessi stækkun búanna kallar eftir tækni sem getur metið ástand skepnunnar hlutlægt og tilkynnt bóndanum sjálfvirk þegar stutt er í burð,“ segir Hafrún.

„Með því fækkar óvissuferðum í fjósið,“ bætir hún við og brosir, „vinna við burðinn verður einfaldari og álag á bændur minnkar.“

Hafrún segir að kálfadauði sé alþjóðlegt og vaxandi vandamál og svo sé komið að fjöldi dauðfæddra kálfa sé verulegt áhyggjuefni kúabænda.

„Þetta eykur kostnað, dregur úr framleiðni búanna og er að auki íþyngjandi andlega fyrir kúabændur. Með Burðarvakannum standa vonir til að verulega megi minnka kálfadauða og önnur áföll tengd burði,“ segir Hafrún.

Hún segir að stefnan sé að ná fótfestu með tæknina á alþjóðamarkaði, með einkaleyfi og kynningum á fagráðstefnum dýralækna, landbúnaðarsýningum og kynningum í bændablöðum og síðast en ekki síst með góðri afspurn.

Leiðbeinandi: Magnús Örn Úlfarsson, lektor við Rafmagns- og tölvuverkfræðideild.

Gítarstillir slær í gegn

– langvinsælasti búnaður sem notendur snertiskjásíma hlóðu niður

Íslenskur gítarstillir fyrir farsíma, sem er afsprengr hugmyndað sem kviknaði innan HÍ, hefur slegið í gegn hjá símarísanum Nokia. Hugbúnaðarlausnin, sem kynnt var á nýsköpunarmessu HÍ, var um tíma sú langvinsælasta sem notendur snertiskjásíma frá Nokia hlóðu niður í öflugri vefverslun Nokia. Um er að ræða gítarstilli sem er markaðssettur undir heitinu Tunerific en hann gerir notanda Nokia-farsímans kleift að stýðjast við símann sinn einvörðungu þegar hann stillir strengina. Farsíminn nemur hljóð frá gítarnum og gefur myndrænt merki um hvernig stilla eigi strengina. Upprunalega þróaði nemandi við Háskóla Íslands lausnina í samvinnu við kennarann sinn en hugmyndin hlaut hagnýtingarverðlaun Háskóla Íslands fyrir tveimur árum.

Þeir Guðmundur Freyr Jónasson, fyrrverandi nemandi við HÍ, og Jóhann P. Malmquist, prófessor við HÍ, reka nú saman sprotafyrirtækið Hugvakann sem hefur þróað gítarstillinn en fyrirtæki þeirra



hefur það verkefni að sækja á fleiri markaði og þróa frekari forrit í farsíma. Næstu skref Hugvakans eru m.a. að bjóða Tunerific til sölu í verslun Sony PlayNow og bjóða nýja afurð til sölu í Ovi-verslun Nokia, Ukulele-stilli og Ukulele-hljómabók.

Þess má geta að Hugvakinn hefur einnig hlotið stuðning Rannís og Nýsköpunarmiðstöðvar við þróun Tunerific.



Finnur nálina í heystakknunum

Sprotafyrirtækið CLARA, sem á uppruna sinn innan Háskóla Íslands, hefur vakið mikla athygli að undanförnu, en hugbúnaðarlausnir fyrirtækisins voru notaðar á þjóðfundinum í vetur til að einfalda aðgengi að miklum gögnum sem fundarmenn sköpuðu sjálfir. Fyrirtækið var einnig kynnt á nýsköpunarmessu HÍ.

Stúdentar úr ýmsum fræðigreinum Háskóla Íslands, allt frá tölvunarfræði og verkfræði að sálfræði, komu að stofnun CLARA og er Gunnar Hólmsteinn Guðmundsson, verkfræðinemi við Háskóla Íslands, forspraki fyrirtækisins.

CLARA hefur þá náttúru að vinsa kjarnann frá hisminu ef svo má segja en það vinnur eiginlega merkingu og hugtök úr gríðarlega miklum texta af Netinu og gefur mynd af straumum og stefnum í slíkum texta.

„CLARA hjálpar fyrirtækjum að skilja viðskiptavini sína betur,“ segir Gunnar Hólmsteinn. „Það gerum við með því að hlusta á það sem sagt er á Netinu, hvernig er verið að ræða um fyrirtæki,

vörumerki og persónur, hvernig þessi umræða þróast og hvað það er sem hefur áhrif á hana.“

Mikið hefur verið fjallað um verkefnið vegna frumleika þess og nýsköpunargildis. CLARA vakti þannig mikla athygli í New York í vetur en fulltrúar fyrirtækisins tóku þá þátt í alþjóðlegri tölvuleikjaráðstefnu í Bandaríkjunum. Gunnar Hólmsteinn segir að ánægjulegt hafi verið að finna fyrir áhuganum: „Allir stærstu leikjaframleiðendur og útgefendur voru þarna samankomnir til skrafs og ráðagerða og að kynna sér það nýjasta í leikjaiðnaðinum.“

„CLARA gerir leikjafyrirtækjum kleift að fá innsýn í hug notenda tölvuleikja með því að fara sjálfvirkt yfir þá umræðu sem á sér stað milli tölvuleikjanotenda á Netinu. CLARA byggist á flókinni gervigreind sem skilur samhengið í umræðunni á milli tugþúsunda notenda tölvuleikja og milljóna spjallþræða á Internetinu,“ segir Gunnar.

Með aðstoð CLARA geta leikjaframleiðendur



þannig, segir Gunnar, öðlast skilning á því sem fælir notendur frá leikjum og hvernig hægt er að gera upplifun þeirra skemmtilegri.

„Þegar fyrirtæki er með fleiri hundruð þúsund notendur eða jafnvel milljónir getur nokkurra prósentu minnkun á brottfalli verið gríðarlega miklir peningar,“ útskýrir Gunnar Hólmsteinn.

Nýsköpun í Háskóla Íslands Hlutverk HÍ að stuðla að nýsköpun

Hlutverk Háskóla Íslands er að leggja á ráðin um uppbyggingu til framtíðarinnar. Markmið Háskólans er að unga út hugmyndum, verkefnum og sprotafyrirtækjum sem verða ný aflstöð í atvinnulífinu. Háskóli Íslands styrkir umgjörð nýsköpunarverkefna til að hraða þróun þeirra og auka líkur á að þau verði að fullburða fyrirtækjum og láti kveða að sér í atvinnu- og

verðmætaskapandi starfsemi.

Það er öllu vísindastarfi mikilvægt að það njóti styrkja. Stefna Háskóla Íslands er að hraða uppbyggingu á vísindastarfi og rannsóknatengdu framhaldsnámi og örva nýsköpun í vísindum ásamt því að efla stuðning við sprotafyrirtæki vísindamanna og nemenda.





SKIPTINÁM

Hvernig þætti þér að taka hluta af háskólanáminu þínu í Bandaríkjunum, Kína, Póllandi, Bretlandi eða Danmörku? Skiptinám gefur nemendum Háskóla Íslands kost á að kynna nýju landi, menningu, tungumáli og fólki, auk þess sem námsframboð getur aukist í mörgum tilvikum. Oft er mögulegt að taka námskeið eða aukafag erlendis sem ekki er í boði við HÍ.

„Það gefur auga leið að það er frábært tækifæri fyrir nemendur að fara í skiptinám til margra af bestu skólum heims með því einu að greiða skráningargjöldin,“ segir Hildur Björnsdóttir, formaður Stúdentaráðs HÍ.

Háskóli Íslands hefur gert fjölda samstarfs-

samninga við erlenda háskóla. Að fara til náms sem skiptistúdent getur gert þér kleift að komast á auðveldan hátt inn í háskóla sem ella gæti reynst illmögulegt. Einnig getur skiptinám í ákveðnu landi auðveldað þér að fara síðar í áframhaldandi nám í því landi, þar sem reynslan kemur að góðum notum síðar.

Með því að gera stúdentum kleift að stunda hluta af námi sínu erlendis, m.a. á grundvelli samstarfssamninga við erlenda háskóla, ná stúdentarnir að aðlagast margvíslegum aðstæðum og verða hæfari til að eiga samskipti við fólk með ólíkan menningarbakgrunn. Þessi reynsla er einnig góður kostur þegar komið er út á vinnumarkaðinn.

Að fara í skiptinám er líka mun einfaldara og ódýrara en að fara í fullt nám á eigin vegum. Skólagjöld við gestaskólann eru felld niður í langflestum tilfellum og oftast aðstoðar gestaskóli við húsnæðisleit. Í svokölluðum Nordplus- og Erasmus-skiptum er einnig sótt um ferðastyrk og dvalarstyrk, sem léttir mikið róðurinn í nýju landi.

Nám við HÍ opnar dyr út um allan heim
Á alþjóðadegi HÍ kraumaði mismunandi menning á Háskólatorgi.

Alþjóðadagur HÍ er árviss viðburður á Háskólatorgi. Markmiðið er að gefa nemendum Háskóla Íslands og raunar annarra háskóla og menntaskóla, tækifæri til að kynna þeim miklu möguleikum sem bjóðast við að flétta saman námi við Háskóla Íslands og námi við erlenda háskóla.

Háskóli Íslands á í samstarfi við hundruð skóla erlendis og fjölmargir stúdentar skólans fara til náms erlendis í lengri eða skemmri tíma. Nám við Háskólann opnar því ótal dyr út um allan heim og markmið með alþjóðadeginum er að kynna þessa möguleika.

Óteljandi möguleikar á skiptinámi

Háskóli Íslands býður nemendum sínum upp á mikla möguleika á skiptinámi. Alþjóðaskrifstofa HÍ veitir allar upplýsingar um möguleikana á að flétta saman námi hér heima og erlendis.





ERLENDIR STÚDENTAR VIÐ HÍ



Steve Schulze

Where are you from?

Germany

What is your home university and programme?

Friedrich Schiller University of Jena; Study programme: Physics

Why did you choose to study at the University of Iceland?

Before I came to Iceland, I already started my PhD in Germany. (Un)Fortunately after 9 months we still haven't got any grant money. By accident I asked Páll Jakobsson if he had a vacant position and within a few days I had the position. It still makes me speechless.

What do you like the most about the University of Iceland?

First, the people. They are so much more open than in Germany. Also the way of living is less stressful. One has a life after university. Secondly, I love the nature. Iceland is so diverse. Sometimes I feel like being on a different planet.

What did you feel about the welcome you got when you arrived?

From the first moment, I felt welcome. Last October I was here to get in touch with my supervisors. So, moving to Iceland was not so difficult.

The orientation at the University – what do you think about it?

My supervisors helped me a lot to get through the bureaucracy. I also tried to prepare things in Germany, in particular the health care. However, not speaking Icelandic is somehow a handicap. Everybody speaks English perfectly but many documents or web pages are only available in Icelandic also ones of the university. It would be very good if the university would extend it, e.g. Uglá.

What is interesting about Iceland?

Iceland is one of the most bizarre places I have ever met. Reykjavik is a metropolis in a small-town format with all pros and cons. But also the nature, the people, and the huge active music scene make Iceland so exceptional.

Have you heard of Icesave?!

I've heard of it but I don't know anything about it.

Do you think Iceland is affordable?

Compared to time before the break down, it is much cheaper. One can already get one-way flight tickets for about 100 Euros to Europe. Also, the costs for a room are quite low at the moment.

Prins póló, tapas, gúllas, núðlur og belgískt súkkulaði

Gríðarlegur fjöldi erlendra skiptinema er við nám í Háskóla Íslands. Á alþjóðadeginum fengu gestir og gangandi að kynnst fjölbreyttum þjóðarréttum þessara nemenda en þeir mættu hver með sinn pott í alþjóðaveislu um kvöldið. Ýmsar dísætar og framandi gufur stigu til lofts þegar pottlokunum var lyft.

Alþjóðlega matarveislan er kjörið tækifæri fyrir þá sem hyggja á nám erlendis til að hitta stúdenta frá því landi sem förinni er heitið til og til að kynnst menningu landsins. Mikið fjör var í matarveislunni og fengu gestir að kynnst því hvernig er að blanda Prins póló, finnskum lakkris og belgísku súkkulaði saman við tapas, ungverskt gúllas og kínverskar núðlur.



HRAFNA Í ÖNDVEGI





Eggert Þór Bernharðsson, forseti Sagnfræði- og heimspekideildar

Uppstoppaðir hrafnar, myndbönd, leðursófi og forláta teborð eru meðal áhugaverðra hluta á skrifstofu Eggerts Þórs Bernharðssonar, prófessors í hagnýtri menningarmiðlun. Skrifstofan er á annarri hæð í Nýja-Garði og er líklega sú heimilislegasta á háskólasvæðinu. Hlyleg birta frá sérvöldum lömpum lýsir upp herbergið. Við gluggann hanga þykk rauð gluggatjöld og á gluggasyllunni standa nokkrar plöntur sem þarfnastr vökvunar á 7–10 daga fresti.

Myndbönd og DVD-diskar með ýmiss konar efni þekur töluvert af hilluplássi á skrifstofunni. Eggert kennir um kvikmyndir og skrifar gjarna um þær líka. „Þótt erfitt sé að velja held ég mest upp á The

Godfather af kvikmyndaskáldskap vegna þess að í heildina er sú mynd sannkallað listaverk í mínum huga og margra annarra.“

Teborðið á hjólum gert úr gulllituðum sívöllum málm og dökku gleri stendur vinstra megin rétt innan við dyrnar. „Borðið varð afgangsríkið 2003 þegar nemendur mínir luku námskeiði þar sem lokaverkefnið var sýningin „Dagur í lífi Reykvíkinga – 6. áratugurinn“. Þannig vildi til að Verslun Þorsteins Bergmann gaf ýmsa hluti fyrir þetta verkefni, þ.m.t. þetta teborð sem er frá 1952–53. Borðið hafði reyndar aldrei verið tekið úr kassanum fyrr en ég opnaði hann tveimur árum síðar. Þá kom þetta glæsilega teborðið í ljós. Seinna var ég á ferð í Amsterdam þar sem ég fann bolla

frá árinu 1954 sem pössuðu við borðið. Ég keypti bara tvo vegna þess að þeir voru svo dýrir og svo keypti ég lampa til að lýsa ofan á teborðið og fullkomnaði leikmyndina.“

„Hrafnar hafa mér alltaf fundist fallegir og tilkomumiklir. Hrafninn er spádómsfugl og hegðar sér með ýmsum hætti sem kemst í skáldsögur og fréttir,“ segir Eggert og horfir ábúðarfullur á stóran bleksvartan hrafn sem hann heldur á. „Eitt sinn þegar ég var að koma úr starfsmannabústað BHM fyrir austan fjall rakst ég á þennan hrafn í Eden í Hveragerði og heillaðist af honum. Seinni hrafninn keypti ég svo bara í Rammagerðinni í Reykjavík. Þess utan þykir mér svart skemmtilegur litur og ég geng gjarnan í svörtum fötum.“



Miloš Forman fór mikinn í HÍ

Tékkneski kvikmyndaleikstjórinn Miloš Forman sat fyrir svörum í Háskóla Íslands í haust en hann var þá heiðursgestur Alþjóðlegrar kvikmyndahátíðar í Reykjavík. Forman er einn fjögurra núlifandi leikstjóra sem hefur hlotið tvenn Óskarsverðlaun fyrir leikstjórn, annars vegar fyrir Gaukshreiðrið (One Flew Over the Cuckoo's Nest) og hins vegar Amadeus.

Það fór vel á því að Forman færi mikinn í HÍ því kvikmyndafræði er ört vaxandi námsgrein innan Íslensku- og menningardeildar.

„Forman er án efa einhver mikilvægasti leikstjóri á seinni hluta tuttugustu aldarinnar,“ segir Björn Norðfjörð, umsjónarmaður með kvikmyndafræðinámi HÍ. „Ferill hans spannar ólík tímabil og samfélög en þó má finna sameiginlegan þráð í flestum mynda hans sem snýr að stöðu og frelsi einstaklingsins andspænis óbilgjörnu samfélagi.“

Gaukshreiðrið er þekktasta afrek Formans þar sem Jack Nicholson er í lykilhlutverki lífstíðarfanga

sem glímir einmitt við félagslegt mótlæti. Í þeirri kvikmynd reynir á túlkun kvikmyndaformsins á eðli skáldsögunnar One Flew Over the Cuckoo's Nest eftir Ken Kesey. Hún kom út árið 1962.

„Kvikmyndafræðin tók mikinn vaxtarkipp samfara því að hún var gerð að aðalfagi við HÍ,“ segir Björn. „Í framhaldi af því útskrifaðist fyrsti kvikmyndafræðingurinn frá HÍ síðasta vor.“ Björn segir höfuðáhersluna í náminu vera á kvikmyndamiðlinn, í öllum sínum margbreytilegu myndum. „En við eigum líka í góðu samstarfi við greinar á borð við listfræði, menningarfræði og bókmenntafræði, og reynum þannig að skoða kvikmyndir í stærra menningar- og félagslegu samhengi.“

Miloš Forman fæddist árið 1932 en foreldrar hans létust báðir í fangabúðum nasista í Auschwitz og mótaði það mjög lífsskoðanir hans. Forman leikstýrði fjölda mynda í heimalandinu áður en hann settist að í Bandaríkjunum undir lok sjöunda áratugarins og þar hélt hann uppteknum hætti í



kvikmyndagerðinni. Myndir hans í Tékkóslóvakíu eru margar afar áhugaverðar, enda var Forman lykilmáður í nýbylgju tékkneskra leikstjóra á sjöunda áratugnum.

„Það vill svo skemmtilega til að á meðan heimsókn Formans stóð var ég fyrir hreina tilviljun í miðri yfirferð á tékknesku nýbylgjunni í stærra námskeiði um evrópskar nýbylgjur. Nemendur námskeiðsins fjölmenntu að sjálfsögðu á spjall Formans sem lék við hvern sinn fingur. Óhætt er að segja að nemendur hafi fengið þar einstaka innsýn í tékknesku nýbylgjuna beint frá helsta forsprakka hennar,“ segir Björn Norðfjörð.

Jón Ásgeir Kalmansson, Sagnfræði- og heimspekideild Aðgát í nærveru jarðar

Maðurinn horfist um þessar mundir í augu við kringumstæður sem eru einstakar. Sífelld umfangsmeiri vísindaleg gögn virðast benda til þess að ef ekki verður breyting á háttum manna innan fárra ára muni eiga sér stað keðjuverkandi breytingar á veðurskilyrðum, og jafnvel algert vistrun víða um heim.

„Í skugga þessara vísbendinga vakna áleitnar spurningar um lífsgildi og siðferðilega sýn okkar nútímamanna,“ segir Jón Ásgeir Kalmansson sem vinnur að doktorsritgerð í heimspeki um siðferðisskilning og sjálfbæra þróun.

Hvað einkennir menningu sem teflir svo á tvær hættur um framtíð sína? „Í rannsókninni verða slíkar spurningar skoðaðar út frá sígildum

hugmyndum um hlutskipti mannsins. Vandí okkar er greindur í ljósi vilja manna til að afsala sér frelsi sínu og velferð í ákafri eftirsókn eftir verðmætum sem þó eru í raun ekki eftirsóknarverð sem slík, og geta aðeins að að vissu marki gert líf okkar betra. Sem andsvar við samfélagi sem byggist á þessu sjálfskapaða helsi mannsins, sem ógnar nú framtíð siðmenningarinnar, verður haldið á lofti hugmyndinni um hinn hugsandi mann, sem gerir sér staðreyndir tilvistar sinnar á jörðinni ljósar; hann leitast sífelld við að gera sér betur ljóst hve ofurviðkvæmt og hverfult hans eigið líf er, og sömuleiðis hve háð sjálf lífríkið er brothættu jafnvægi jarðarinnar,“ segir Jón.

Að sögn Jóns þá felur viðurkenning mannsins



á þessum grundvallarstaðreyndum í sér að hann finnur merkingu í lífi sínu með því að gleðjast yfir tilvist sinni, sýna öðrum lífandi verum virðingu og samúð, og annast af athygli og umhyggju um þá jörð sem líf hans sprettur af og hverfur aftur til.

Leiðbeinandi: Róbert H. Haraldsson, prófessor við Sagnfræði- og heimspekideild.



Árni Svanur Danielsson, doktorsnemi í guðfræði Hjálpræði á hvíta tjaldinu

Ég hef skoðað guðfræðistef í kvikmyndum, nánar tiltekið svokölluð hjálpræðis- og frelsunarstef,” segir Árni Svanur Danielsson, doktorsnemi í guðfræði og stundakennari við Guðfræði- og trúarbragðafraeðideild HÍ.

„Í nýlegri rannsókn tók ég fyrir þrjár kvikmyndir sem má skoða í ljósi hjálpræðis og frelsunar, suður-afrísku kvikmyndina Tsotsi (Óþokkinn) sem var frumsýnd 2005, og bandarísku kvikmyndirnar Levity (2003), og In America (2002). Í þessum þremur myndum er að finna þroskasögur einstaklinga sem glíma við erfiðleika.”

Tsotsi fjallar um samviskulausan unglingspilt í Jóhannesarborg í Suður-Afríku sem fremur morð með glæpagengi og leggst svo lágt að niðurlægja fatlaðan útgangsmann. Skömmu síðar stelur pilturinn bíl en kemst fljótt að því að í aftursætinu

er barn sem hann ákveður að fara með heim til sín í fátækrahverfið. Barnið snýr hinum harðsvíraða morðingja frá glötunarferli og umbreytingin sem á sér stað á sex daga tímabili vekur samúð áhorfenda.

„Sameiginlegt með öllum þremur myndunum er að aðalpersónurnar eru í vanda, sem jafnvel mætti kalla synd, og að þeim er bjargað af öðrum.

Ég skoðaði hvaða sögur það eru sem við getum kallað hjálpræðissögur og vinn að því að útbúa módel til þess að nota í greiningu á kvikmyndum þar sem slíkar sögur eru sagðar. Í mörgum þeirra eru líka fleiri en einn einstaklingur í þörf fyrir frelsun. Í Levity leitar aðalsöguhetjan að lausn frá fortíðinni og uppgjöri við erfiða reynslu í eigin fortíð, en verður um leið endurlausnari annarrar persónu.”

Leiðbeinandi: Einar Sigurbjörnsson, prófessor við Guðfræði- og trúarbragðafraeðideild.



Hildur Gestsdóttir, doktorsnemi í fornleifafræði Heilsa Íslendinga til forna

„Kveikjan að rannsókninni kom úr tveimur áttum. Annars vegar var um að ræða rannsóknarverkefnið Heilsufarssaga Íslendinga frá landnámi til 18. aldar og hins vegar rannsókn á endurmati á gigt í beinagrindunum sem grafnar voru upp á Skeljastöðum í Þjórsárdal. Báðar þessar rannsóknir leiddu í ljós áhugaverðar niðurstöður um slitgigt í fornum íslenskum beinum,” segir Hildur Gestsdóttir, sem vinnur að doktorsritgerð í fornleifafræði um gigt á Íslandi.

Rannsóknir á sjúkdómum í fornum mannabeinum geta gefið ýmsar upplýsingar. Þar á meðal eru upplýsingar um sjúkdóminn, orsakir, áhrif á beinin og áhrif sem sjúkdómur höfðu á einstaklinga áður en nútímalæknisfræði og lyf komu til. Einnig geta rannsóknir á sjúkdómum í beinagrindasöfnum gefið upplýsingar um viðurværi og aðstæður í fornum samfélögum.

„Markmið verkefnisins er að rannsaka gigtarsjúkdóma í fornum beinum, bæði út frá orsakafraeðinni sem snýr að mestu að aldri, erfðum og álagi, en einnig út frá samfélaginu sem fólkið bjó í. Um 250 beinagrindur sem fundist hafa við fornleifauppgröft á Íslandi, tímasettar allt frá landnámi til 19. aldar, hafa verið rannsakaðar.

Í umfjöllunum um sjúkdóma í fornum beinum er gjarnan einblínt á sjúkdóminn, og ef eitthvað er fjallað um utanaðkomandi þætti þá er það í samhengi við það hvernig þeir gætu haft áhrif á sjúkdóminn, t.d. hvaða álag gæti orsakað slitgigt. Í minni rannsókn skoða ég áhrifin líka frá hinni hliðinni, að setja áhersluna á fólkið sjálft og fjalla um áhrifin sem sjúkdómurinn hafði á það og þannig á samfélagið,” segir Hildur.

Hingað til hefur áhersla verið lögð á rannsóknir á lífsgæðum Íslendinga til forna, og breytingum á þeim, en mun minni áhersla hefur verið lögð á að rannsaka fólkið sjálft. „Mín rannsókn er liður í að breyta því,” sagði Hildur að lokum.

Leiðbeinandi: Orri Vésteinsson, dósent við Sagnfræði- og heimspekideild.



Ásdís Hjálmsdóttir frjálsíþróttakona

KASTAR KVENNA LENGST OG DÚXAR Í LYFJAFRÆÐI

Ásdís Hjálmsdóttir er landsþekkt íþróttakona og keppti í spjótkesti á Ólympíuleikunum í Peking. Hún hefur einsett sér að komast í fremstu röð afreksmanna í heiminum í íþróttinni og ætlar sér að keppa á Ólympíuleikunum í London eftir tvö ár. Ásdís lætur sér þó ekki nægja að vinna afrek í íþróttum því hún dúxaði í grunnnámi í lyfjafræðinni í HÍ.

„Það hefur gengið furðuvel að samræma námið og íþróttirnar,“ segir Ásdís sem hefur þurft að skipuleggja tímann sinn vel. Hún segir að mikinn aga þurfi til að ná langt í íþróttum og standa sig vel í námi á sama tíma. „Þetta er allt spurning um

**„HEFUR HJÁLPAÐ MÉR
MIKIÐ Í NÁMINU AÐ VERA
Á KAFI Í ÍÞRÓTTUM“**

forgangsröðun, allt er hægt ef viljinn er fyrir hendi. Maður þarf samt að hafa mikinn metnað til að leggja svona mikið á sig.“

Ásdís segir að það hafi hjálpað sér mikið alla tíð í náminu að vera á kafi í íþróttum. „Ég hef alltaf þurft að vera skipplögð og lærdi það snemma. Það er nú líka staðreynd að einbeitingin kemur með náminu og með hreyfingunni fær maður aukið úthald í lærdóminn. Þannig fer þetta tvennt saman.“

Ásdís segir að hún hafi reyndar ekki verið í fullu

námi: „Ég tók BS-gráðuna á fjórum árum í stað þriggja til þess að samræma námið og æfingarnar. Núna í haust byrjaði ég í meistaranámi og ætla að reyna að ljúka því á tveimur og hálfu ári í stað tveggja.“

Ásdís er ekki feimin að viðurkenna að íþróttirnar séu í forgangi hjá sér. Það má reyndar ráða af því að námið gengur eillítið hægar hjá henni en hinum sem sinna því óskiptir.

„Ég hef bara takmarkaðan tíma til þess að stunda íþróttirnar af fullum krafti og keppa á heimsmælikvarða. Ég vil nota þann tíma vel. Tíminn er takmörkuð auðlind,“ segir Ásdís.

„Ég á líklega ekki nema um tíu ár eftir í spjótkastinu og ég vil ekki vakna upp einn daginn og hugsa: Hvað ætli ég hefði nú getað ef ég hefði lagt mig alla í þetta?“

Ásdís segir að það sé líf eftir íþróttirnar og þá vill hún hafa lokið háskólanámi og fara út á vinnumarkaðinn. „Þetta er eiginlega þannig að ég er í skóla til þess að hafa eitthvað fyrir stafni á milli æfinga,“ segir hún og skellihlær.

Ásdís hefur sett markið á að standa sig vel í prófunum og keppa á Evrópumeistaramótinu í Barcelona í sumar. Langtíamarkmiðin beinast að því að klára meistaranámið í byrjun árs 2012. „Það geri ég til þess að geta einbeitt mér alfarið að æfingum fyrir Ólympíuleikana í London sumarið 2012, þar stefni ég hátt.“

Nýsköpun í HÍ

Oxymap

Fyrirtækið Oxymap var stofnað af vísindamönnum í læknisfræði og verkfræði við Háskólann til að þróa tækjabúnað sem getur metið blóðþurrðarsjúkdóma í augnbotnum með stafrænni myndvinnslu. Tæknin nýtist við meðhöndlun á sykursýki, bláæðastíflum í sjónhimnu og gláku og metur einnig áhrif lyfja- og leysimeðferðar. „Við höfum selt nokkur eintök til útlanda og vonandi mun þetta leiða til framfara í greiningu og meðferð augnsjúkdóma,“ segir Einar Stefánsson, prófessor í augnlækningum, sem er einn þeirra sem standa að baki fyrirtækinu.

ReMo

ReMo ehf. er sprotafyrirtæki í heilbrigðisætni sem á uppruna sinn í HÍ. Fyrirtækið vinnur að þróun og sölu á öndunarhreyfingamæli sem eykur möguleika á nákvæmari greiningu sjúkdóma og viðeigandi meðferð. ReMo-mælirinn gefur mikilvægar upplýsingar um breytingar á öndun. Greining frávika eykur möguleika á viðeigandi og árangursríkri meðferð, sem styttr legutíma sjúklinga og dregur úr kostnaði heilbrigðiskerfisins.

Lífeind

Lífeind er rannsóknar- og þróunaryrirtæki í líf- og erfðatekni. Fyrirtækið hefur það markmið að þróa og markaðssetja nýjar aðferðir til að einangra beint, úr flóknum erfðaeftissýnum, DNA-sameindir með óeðlilega byggingu. Aðferðirnar má m.a. nota til að einangra DNA-sameindir sem innihalda erfðabreytileika, stökkbreytingar og skemmdir. Unnið er að markaðssetningu aðferða Lífeindar á alþjóðlegum vettvangi. Fyrirtækið hefur aðsetur innan Lífefna- og sameindalíffræðistofu í Læknagarði, sérhæfðu rannsóknar- og kennsluhúsnæði Læknadeildar Háskóla Íslands.



Gríðarleg aðsókn að hjálparvakt tannlækna

Tannlæknadeild Háskóla Íslands hefur boðið barnafjölskyldum upp á hjálparvakt tannlækna, sem er ókeypis tannlæknaþjónusta, í félagi við Tannlæknafélag Íslands. Gríðarleg aðsókn var á hjálparvaktina en tugir barna fengu tannlæknaþjónustu. Í ljós kom að mörg barnanna höfðu ekki farið til tannlæknis árum saman og voru dæmi um 5 til 6 ára börn sem aldrei höfðu farið til tannlæknis.

„Þetta er ekki bara tannheilbrigðismál, þetta er barnaverndarmál,“ segir Sigfús Þór Elíasson, prófessor við Tannlæknadeild Háskóla Íslands, en hann sagði að sum börnin sem hefðu komið næðu ekki að sofna án þess að fá verkjalyf fyrir svefninn vegna tannverkja. „Slíkt myndi aldrei líðast ef barnið væri með beinbrot eða aðra sjúkdóma,“ segir Sigfús.

Fjárhagslegar aðstæður margra heimila hafa breyst til hins verra að undanförunu og því er viðbúið að mörg heimili neyðist til að spara við sig



þegar kemur að tannviðgerðum og tannfirtirliti hjá börnum.

Tannheilsa íslenskra barna er sú versta á Norðurlöndum og íslensk börn eru að meðaltali með tvöfalt fleiri skemmdar tennur en börn annars staðar á Norðurlöndunum.

Um 17% barna og unglinga á aldrinum 4 til 18 ára mæta ekki í reglubundið eftirlit hjá tannlækni, samkvæmt MUNNÍS-rannsókninni sem framkvæmd var um allt land árið 2005.



Álfheiður Ástvaldsdóttir, doktorsnemi við Tannlæknadeild

Ný tækni til forvarna

„Í klínískri vinnu standa tannlæknar frammi fyrir ákveðnu vandamáli varðandi greiningu á tannáttu/tannskemmdum. Þær greiningaraðferðir sem notaðar eru í dag hafa ekki reynst sérlega næmar í að greina fyrstu merki tannáttu. Allt að helmingur tanna sem sýna merki tannáttu eru greindar sem heilbrigðar og því er engri meðferð beitt,“ segir Álfheiður Ástvaldsdóttir, doktorsnemi í tannlæknisfræði. „Til að hægt sé að meðhöndla sjúkdóminn á byrjunarstigi er nauðsynlegt að minnstu breytingar séu greindar á áreiðanlegan hátt svo beita megi forvarnaraðgerðum, fremur en fyllingarmeðferð síðar í sjúkdómsferlinu.“

Álfheiður segir að rannsóknir síðustu áratuga á sviði tannátugreiningar hafi að miklu leyti miðað að því að prófa ný tæki sem gætu aukið næmi og nákvæmni tannátugreiningar. Tvö ný tæki, sem byggjast á samspili ljóss og harðra vefja tannanna, hafa komið á markaðinn og hafa verið markaðssett til kaupa fyrir hinn almenna tannlækni. „Til að hægt sé að nota þessi nýju tæki á áreiðanlegan hátt verður að kanna næmi þeirra og nákvæmni. Mitt rannsóknarverkefni byggist því á að prófa þessi nýju tæki m.t.t. nákvæmni, næmi, sértæki og samkvæmni og bera saman við þær greiningaraðferðir sem notaðar eru í dag.“

„Ef þessi nýju tæki sýna góðar niðurstöður mun notkun þeirra auka áreiðanleika greiningar á tannáttu og jafnvel geta komið að einhverju leyti í stað röntngreiningar sem hefur verið gagnrýnd æ meir fyrir þá geislun sem af henni hlýst.“

Niðurstaða rannsókna minna verður því eitt lóð á vogarskálarnar í að finna nákvæmt og hættulaust greiningartæki fyrir tannáttu sem er grundvöllur fyrir meðhöndlun sjúkdómsins á byrjunarstigi,“ segir Álfheiður.

Leiðbeinandi: Peter Holbrook, prófessor við Tannlæknadeild.

Hvaða máli skiptir Háskóli Íslands fyrir íslenskt samfélag?



Einar Birgir Steinþórsson, M.Ed.-nemi í stjórnun menntastofnana

Háskóli Íslands er stærsti háskóli landsins og sem slíkur ber honum rík skylda til að bjóða upp á fjölbreytt nám og halda uppi menntunarstigi í landinu. Íslendingar treysta Háskóla Íslands til að stunda öflugar rannsóknir og byggja upp þá fræðilegu þekkingu sem samfélagið þarf á að halda.



Ólöf Andrjésdóttir, BS-nemi í vélaverkfræði

Háskóli Íslands stendur vörð um menntun í landinu og er uppspretta tækni og nýjunga. Á þennan hátt stuðlar HÍ að nýsköpun og framþróun í landinu og veitir atvinnuvegunum nauðsynlegan stuðning til uppbyggingar.



Íþrótt- og heilsufræði

ÖLDRUN SEINKAÐ

Aldraðir sem nærast rétt og hreyfa sig reglulega geta dregið úr sjúkdómatíðni. Þeir geta haft veruleg áhrif á áhættuþætti tengda hjarta- og æðasjúkdómum sem aukast með hækkandi aldri. Niðurstöðurnar sýna að það er aldrei of seint að tileinka sér heilbrigðan lífsstíl. Þetta segir Sandra Jónasdóttir, sem hefur rannsakað hvort holl næring og aukin hreyfing bæti lífsgæði eldra fólks. Rannsóknina gerði Sandra í félagi við Elísabetu Kristjánsdóttur, Guðrúnu Valgerði Ásgeirsdóttur, Sigurð Örn Gunnarsson, Steinunni Leifsdóttur og Janus Guðlaugsson. Þau voru öll í meistaranámi við Háskóla Íslands en Janus stundar nú doktorsnám við skólann.

Þáttur Söndru í rannsókninni snýr að næringu þátttakenda. Meðalaldur þeirra var 78 ár en þeir

„ÞAÐ ER ALDREI OF SEINT AÐ TILEINKA SÉR HEILBRIGÐAN LÍFSSTÍL“

komu úr öldrunarrannsókn Hjartaverndar og voru einnig valdir af handahófi úr íbúaskrá Árborgar á Suðurlandi.

„Minn þáttur í þessari rannsókn var að skoða áhrif 26 vikna lífsstílsíhlutunar á heilsufar hópsins frá Árborg,“ segir Elísabet Kristjánsdóttir. Hún kannaði meðal annars breytingu á holdafari þátttakenda, þreki, hreyfingu, blóðþrýstingi, blóðfitu og blóðsykri.

Elísabet segir að þótt hver og einn hafi gegnt afmörkuðu hlutverki í rannsókninni hafi samstillingin verið einstök. Undir það tekur Steinunn Leifsdóttir, sem rannsakaði

líkamssamsetningu, blóðfitugildi og fjölda einkyrninga í blóði hjá þátttakendum. Einkyrningar eru frumur sem mynda ónæmiskerfið og vísbendingar eru um að þeim hafi fjölgað hjá þátttakendum.

Janus Guðlaugsson hafði heildarumsjón með rannsókninni, sem jafnframt er doktorsverkefni hans við Háskóla Íslands. Hann segir að markmiðið hafi verið að kanna áhrif sértækrar íhlutunar og þjálfunar á heilsu og heilsutengd lífsgæði eldra fólks.

„Við unnum í því að seinka öldrunarferlinu,“ segir Janus. „Heilbrigðið er þáttur sem þarf að taka á ekki síður en að byggja fleiri íbúðir fyrir aldraða. Betri heilsa þessa hóps getur sparað umtalsverða fjármuni í heilbrigðiskerfinu.“

Guðrún Valgerður, sem tók þátt í flestu því sem vék að rannsókninni, segir að með því að hlúa að öldruðum sé

hægt að bæta félagsleg tengsl þeirra. „Félagslegur þáttur þjálfunar er ekki síðri en sá sem snýr að líkamanum. Góð heilsa felur í sér mikinn sparnað fyrir samfélagið því mikill kostnaður fylgir sjúkráhusvist og vist á öldrunarheimilum,“ segir Guðrún Valgerður.

Helstu niðurstöður mælinga sýna að hreyfing þátttakenda eykst jafnt og þétt á þjálfunartíma. „Það er jákvæð fylgni á milli aukinnar líkamlegrar virkni og heilsutengdra lífsgæða,“ segir Janus. „Afkastageta hjartans eykst hjá þeim sem stundað hafa markvissa þjálfun og þeir eru fljóttari að ná sér eftir álag en hinir sem eru óvirkir. Eftir að 70

ára aldri er náð förum við að tapa um þremur prósentum vöðvamassans á ári en með markvissri hreyfingu getum við aukið hann eða haldið honum við,“ segir Janus.

Sigurður Örn, sem skoðaði áhrif þjálfunarinnar á holdafar og hreysti, fullyrðir að með skipulagðri þjálfun geti aldraðir létt sig, sem auki lífsgæði. „Þátttakendur juku einnig styrk sinn og snerpu og bættu liðleika,“ segir Sigurður Örn. Steinunn tekur undir þetta: „Þótt einstaklingur sé kominn á síðasta æviskeiðið er hægt að bæta líðan hans til muna með hreyfingu,“ segir hún.

Rannsóknir þeirra sexmenninga sýna að hreyfing eykur ekki aðeins vellíðan heldur dregur þjálfun hreinlega úr einkennum og áhættuþáttum ýmissa sjúkdóma, m.a. hjarta- og æðasjúkdóma. Þar koma mjög athyglisverðar niðurstöður fram.

Elísabet segir að blóðþrýstingurinn hafi t.a.m. lækkað hjá sumum þátttakenda nær tvöfalt á við það sem hann geri með bestu blóðþrýstingslyfjum. Þetta dragi úr lyfjakostnaði og ekki þurfi að kljást við neinar aukaverkanir sem stundum fylgja lyfjainntöku.

Sexmenningarnir horfa vissulega á niðurstöðurnar ólíkt eftir því hvernig hver og einn kom að rannsókninni. Steinunn er, eins og þau öll, mjög ánægð með niðurstöðurnar og fullyrðir að þær sýni að hægt sé að hafa áhrif á líkamssamsetningu og blóðfitugildi þrátt fyrir háan aldur þátttakendanna.

Elísabet segir að niðurstöðurnar séu ekki síst áhugaverðar fyrir stefnumörkun í heilbrigðis- og forvarnastarfi. „Þær gefa vísbendingar um hvernig megi, með einföldum íhlutunaraðgerðum, bæta heilsufar eldra fólks og draga þannig úr



þróun ýmissa alvarlegra lífsstíllsjúkdóma, sér í lagi hjarta- og æðasjúkdóma.”

Um framhaldið segir Sigurður Örn að það sé í raun galopið. „Næsta skref finnst mér vera fölgjð í kynningu á rannsókninni og þeim jákvæðu áhrifum sem þjálfunin skilaði.”

Steinunn tekur undir það og segist líka vonast til að geta miðlað af reynslu sinni. Sandra samsinnir þeim og segist vilja fara út á land og bjóða þar upp á sams konar íhlutun fyrir eldri aldurshópa.

„Sveitarfélögin þurfa að bæta aðstöðu fyrir gangandi vegfarendur og það væri óskandi að þessar niðurstöður yrðu þeim hvatning til að bjóða öldruðum upp á skipulagða hreyfingu,” segir Guðrún Valgerður.

„Ég tel að heilbrigðisstofnanir í samvinnu við líkams- og heilsuræktarstöðvar séu í lykilhlutverki til að stýra sambærilegum íhlutum og þá í nánú samstarfi við fólk með sérmenntun á sviði íþróttar, heilsu- og næringarfræði,” segir Elísabet.

Janus horfir lengra: „Ég hef ekki séð svona kröftuga útkomu áður. Það eitt að sjá um 20 prósent af þátttakendum okkar vinna sig úr áhættuhópi hjarta- og æðasjúkdóma eða svonefndri efnaskiptavillu á aðeins sex mánaða þjálfunartíma, hlýtur að vekja ráðandi öfl í landinu til nýrrar stefnumótunar í heilbrigðismálum,” segir Janus. „Áhugi er að minnsta kosti kominn að utan þar sem Bandaríkjamenn hafa sýnt niðurstöðunum mikinn áhuga.”

Leiðbeinendur: Erlingur Jóhannsson, prófessor, Anna Sigríður Ólafsdóttir, dósent, og Janus Guðlaugsson, doktorsnemi. Öll við Menntavísindasvið.



Kolbrún Þorbjörg Pálsdóttir,
doktorsnemi í uppeldis- og menntunarfræði

Hlutverk frístundaheimila

„Staða frístundaheimila virðist óljós og að mörgu leyti utan við skólakerfið,” segir Kolbrún Þorbjörg Pálsdóttir, doktorsnemi við Menntavísindasvið, sem rannsakar hlutverk og markmið frístundaheimila fyrir 6-9 ára börn. Hún segir enn fremur að viðtöl við starfsmenn frístundaheimila og kennara í skóla bendi til að samstarf milli skóla og frístundaheimila sé lítið.

Rannsóknin byggist á greiningu á opinberum gögnum og jafnframt á tilviksathugunum á tveimur frístundaheimilum í Reykjavík og tilheyrandi skólum. Lítið hefur verið fjallað um starfsemi frístundaheimila hér á landi og því er hér um nýtt innlegg að ræða. Leiðbeinendur Kolbrúnar í verkefninu eru Jón Torfi Jónasson, forseti Menntavísindasviðs, og Jóhanna Einarsdóttir, prófessor við Menntavísindasvið.

„Í rannsókninni leitast ég við að draga fram sjónarhorn ólíkra hópa, barnanna sjálfra, starfsmanna og foreldra,” segir Kolbrún. „Fyrstu niðurstöður eru þær að starfið á báðum frístundaheimilunum byggist upp á vali barnanna á milli ólíkra leiksvæða á þeim tíma sem þau eru



á frístundaheimilinu. Sá vettvangur er börnunum mikilvægur til að vera með vinum sínum og til að gera það sem þeim finnst skemmtilegt. Í skólanum hafa börnin takmarkað svigrúm til að ákveða hvað þau gera og fá lítinn tíma til að leika sér við vini sína.”

Kolbrún vonast til að rannsóknin verði til þess að málefni frístundaheimila verði tekin fastari tókum í framtíðinni og að aðilar sem starfa við stefnumótun taki höndum saman um að efla gæði starfsins. „Jafnframt vonast ég eftir að rannsóknin efli skilning okkar á því hvernig börn upplifa vinnudag sinn, bæði í skóla og á frístundaheimili,” segir Kolbrún.

Hvers vegna valdir þú þína námsleið?



Helgi Egilsson,
BA-nemi í heimspeki

Mér fannst ég þyrfti að læra smá heimspeki áður en ég dey. Annars er heimspeki mjög heillandi vegna þess að hún hvetur mann til að velja öllu fyrir sér. Maður kynnist ýmsum spennandi hugmyndum sem er þroskandi og spennandi að fást við.



Fabien Dambron, franskur nemi í hagnýtri íslensku fyrir útlendinga

Íslenskunámið í HÍ veitir mér tækifæri til þess að kynnst Íslendingum og íslenskrri menningu betur. Það er mjög mikilvægt fyrir mig vegna þess að ég hyggst dvelja á Íslandi um óákveðna framtíð.

HRAUNBROT OG GUÐBRANDSBIBLÍA





Gunnar J. Gunnarsson, lektor í trúarbragðfræði og trúarbragðakennslu

Guðbrandsbiblía, hraunmoli úr Heklugosi og afsteypa af verki eftir Einar Jónsson myndhöggvara prýða skrifstofu Gunnars J. Gunnarssonar, lektors í trúarbragðfræði og trúarbragðakennslu, sem er undir súð í Enni.

„Hér er gott að vinna vegna þess að hér líður mér vel. Vindurinn gnauðar á gluggum og rigningin lemur þakið sem mér þykir skemmtileg tónlist. Best er að reka höfuðið út um þakgluggann og horfa yfir borgina eins og maður eigi hana.“

Ljósrit af Guðbrandsbiblíu prýðir skrifstofu Gunnars. „Það kemur fyrir að ég fletti upp í bókinni til að skoða þýðingu Guðbrands því hún er fyrsta biblíuþýðingin á íslensku.“ Átta nemendur

sem útskrifuðust árið 1958 gáfu skólanum bókina í tilefni af 25 ára útskriftarafmælis.

Undir súð á lágru bókarhillu úr furu situr hraunbrot sem varð til í eldgosi í Skjólkvíum við Heklu árið 1970. Brotið tók Gunnar fyrir nokkrum árum til minningar um vettvangsferð sem hann fór í á námsárum sínum í Kennaraskólanum með Árna Stefánssyni landfræðingi og jarðfræðikennara til að skoða gosið.

Eirafsteypa af „Þróun,“ verki Einars Jónssonar frá 1913-1914, á sér stað í ysta horni skrifstofu Gunnars og er í beinni sjónlínu frá skrifstofustól hans. Ýmis trúarleg tákn eru í verkinu, t.d. kross og biðjandi mannvera yfir krossinum. Listamaðurinn

útskýrði verkið í bók árið 1925 sem svo að það tákni „vöxt mannsins frá dýrinu í sjálfum honum.“ Það má tengja guðspekikenninum um andlega þróun mannsins, þ.e. því sem maðurinn þarf að vinna að sjálfur sem vitundarvera.

„Mér finnst virkilega gaman að fá að geyma þetta verk sem skírskotar til míns sérsviðs. Enn fremur tengist listamaðurinn og Listasafn Einars Jónssonar bernskuminningum mínum því ég ólst upp í næsta nágrenni á Þórsgötu. Ég man að ég reyndi að kíkja yfir hinar háu girðingar í kringum safnið en okkur strákunum þótti garðurinn álitlegur staður til að leika okkur þótt við gerðum það samt aldrei,“ segir Gunnar með glettnisblik í augum.

Brandarar og bankahrunið

Brandarar tengdir bankahruninu þjóna ekki síst þeim tilgangi að sameina þjóðina og ýta þeim sem teljast ábyrgir til hliðar. Þetta er meðal þess sem kemur fram í lokaritgerð Dagbjartar Guðmundsdóttur í þjóðfræði „Húmor sem vopn almennings: skopstælingar í kjölfar bankahrunsins á Íslandi.“ Þar kemur fram að það sé velþekkt að fólk noti húmor til að bregðast við áföllum og fjölmargir brandarar hafi orðið til í kjölfar hrunsins.

Dagbjört segir að brandarar sem verði til við erfiðleika af þessu tagi þjóni yfirleitt þeim tilgangi að losa um neikvæðar tilfinningar og vinna úr vanlíðan sem fylgi áföllum. Til dæmis séu stjórnmalamenn og útrásarvíkingar settir á lægri stall og gerðir að athlægi til að losa um reiðina.

Í rannsóknunum á húmor í hörmungum hefur komið fram að sumir hneykslist á þeim, finnast þeir ósmekklegir og óviðeigandi. Dagbjört segir að lítið beri á því að íslenskur almenningur hneykslist á bröndurum tengdum bankahruninu. Það tengist

án efa því að enginn hafi látið lífið. Auk þess hafi þeir sem eru skotspónn grínsins brugðist, að mati þjóðarinnar, sem stjórnendur landsins og bankanna.

Skopstælingar

Í ritgerðinni er fjallað um skopstælingar sem birtust á Netinu. Dæmi um það er skopstæling af upprunalega 500 króna seðlinum þar sem Jón Sigurðsson heldur um andlit sitt vegna ástandsins á krónunni.

Annað dæmi er skopstæling á piparkökulaginu úr Dýrunum í Hálsaskógi:

*Þegar piparúðinn notast,
litill löggumaður tekur,
fyrst af öllu brúsa úr belti,
og svo æpa allir: GAS!*

*Dælir úða yfir liðið,
undan honum getur sviðið.*

*Svona læra menn að vera ei með
þetta fjárans þras.*



Dagbjört segir að það hafi einkennt skopstælingarnar hversu sameinandi fyrir þjóðina frumverkin voru. Textar sem voru skopstældir hafi yfirleitt verið mjög þekktir eins og t.d. piparkökusöngurinn og jólasveinavísir Jóhannesar úr Kötlu.

Leiðbeinandi: Terry Gunnell,
prófessor í þjóðfræði.

Prófessor við HÍ verðlaunaður

Konunglega sænska alþýðmenningarakademían veitti Terry Gunnell, prófessor í þjóðfræði við Félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands, sérstaka viðurkenningu í haust fyrir framlag hans til rannsókna á sviði þjóðsagna og dulbúningasiða. Gunnell tók við viðurkenningunni við hátíðlega athöfn í Uppsalahöll.

Að sögn Terrys Gunnell heyrir þjóðfræði í senn til hug- og félagsvísinda, enda fjalla þjóðfræðingar jöfnum höndum um aðstæður fólks og samfélag á hverjum tíma og svo tjáningu þess, listfengi og fagurfræði hversdagsins. Gunnell segir að á meðal viðfangsefna þjóðfræðinnar séu sögur og sagnir, heimilis- og atvinnuhættir, trú og tónlist, siðir og venjur, hátíðir og leikir, auk klæðnaðar og matarháttá.

Gunnell fékk verðlaunin úr sjóði kenndum við Jöran Sahlgren. Sjóðurinn verðlaunar vísindamenn

fyrir framúrskarandi fræðimennsku í norrænum örnefnafræðum, mállýskum og þjóðsögum. Konunglega sænska alþýðmenningarakademían var stofnuð árið 1932 en meginhlutverk hennar er að efla rannsóknir og útgáfu rita á sviði alþýðmenningar.

Terry Gunnell er sérfróður um íslenskar þjóðsögur og alþýðmenningu og býr ekki einungis yfir mikilli þekkingu á þessum sviðum heldur hefur hann einstaka frásagnargáfu.

Sú námsleið sem Gunnell fer fyrir, þjóðfræðin, er í hópi þeirra sem hvað mest hafa vaxið í Háskóla Íslands síðustu misserin.

„Í þjóðfræðinni er áhersla lögð á hvernig fólk mótast líf sitt og umhverfi við kringumstæður sem það hefur ekki mótað sjálft og hvernig fólk lifir í samfélagi hvert við annað í þeim margvíslegu hópum sem það tilheyrir,“ segir Terry Gunnell.





Ása Baldursdóttir, meistaranemi í blaða- og fréttamennsku við Félags- og mannvísindadeild

„HITTUMST Á NETINU“

Lífið á Facebook: Um formgerð samskipta“ er titill lokaritgerðar Ásu Baldursdóttur, sem útskrifaðist með meistaragráðu í blaða- og fréttamennsku í júní síðastliðnum frá HÍ. Í lokaverkefninu fjallaði hún um boðskipti í íslenskum samtíma þar sem skyggst er inn í hugarheim ungs fólks og upplifanir þess á rafrænum veruleika og þær mátaðar við félagsfræðilegar kenningar.

Aðspurð um umfang og innihald verkefnisins segir Ása það vera tvíþætt; annars vegar er ítarleg umfjöllun um boðskipti í íslenskum samtíma, og hins vegar heimildarmynd þar sem tekin voru

viðtöl við íslensk ungmenni og spurt um notkun þeirra á tengslanetinu Facebook. Hún segir hugmyndina að verkefninu hafa sprottið út frá einskærum áhuga á Netinu og samskiptunum sem þar eiga sér stað: „Það er mjög áhugavert að skoða samskipti fólks í dag þar sem þau hafa breyst mikið í gegnum tíðina. Fyrir tilstilli samskiptasiðna eins og Facebook er fólk farið að hafa samskipti við einstaklinga sem það hefði e.t.v. aldrei annars gert í raunheimum.“

Rannsókn Ásu leiddi í ljós að Netíð er ekki bara tæknileg framlenging á manninum, eins og margir félagsfræðingar halda fram, heldur

þyr það til og viðheldur félagslegum böndum á mun hraðvirkari máta. Ása segir að viðmælendur hennar hafi fundið fyrir því. Einnig hafi það endurskapað raunveruleika fólks í samtímanum: „Samskipti á Netinu hafa mikil áhrif á það hvernig fólk á í samskiptum í raunheimum, og þá sérstaklega hvernig það tengist öðrum. Fyrst fámennissamfélagið Ísland á í svona tímafrekum samskiptum þarna inni eins og raun ber vitni, þá er þetta svo sannarlega verðugt rannsóknarefni fyrir fræðasamfélög framtíðarinnar.“

Leiðbeinandi: Zuilma Gabriela Sigurðardóttir, dósent við Sálfræðideild.

Guðbjört Guðjónsdóttir, meistaranemi í mannfræði við Félags- og mannvísindadeild Konur af erlendum uppruna eru í erfiðri stöðu

Guðbjört Guðjónsdóttir er að leggja lokahönd á MA-ritgerð sína í mannfræði en hún fjallar um reynslu kvenna af erlendum uppruna sem vinna á hótélum á Íslandi.

Hverjar eru helstu niðurstöðurnar?
Ég komst m.a. að því að konur af erlendum uppruna eru í slæmri stöðu varðandi störf og kjör á Íslandi. Þær virðast vera hálf-gleymdur hópur, bæði innan verkalýðsfélaganna og femínískra hópa. Mín tilfinning er sú að verkalýðsfélögin hafi unnið ágætisstarf varðandi mál innflytjenda en að þau hafi aðallega einbeitt sér að erlendum körlum og helst þeim sem vinna í byggingarvinnu. Oft glemmist að fjalla um málefni innflytjenda og kynjabreytu á sama tíma, bæði um málefni erlendra kvenna og stundum einnig karla sem hafa fyllt lægst launuðu (kvenna)störfin.

Hvers vegna er störfum innflytjendakvenna sýndur minni áhugi en -karla?

Ég er að velta því fyrir mér hvort þetta geti stafað af þeirri gömlu hugmynd að það sé mikilvægt að karlmenn fái hærri laun fyrir störf sín en konur þar sem þeir eru álitnir vera fyrirvinnur heimilanna, og þess vegna sé enn meiri áhersla lögð á hefðbundin karlastörf en kvennastörf hjá verkalýðsfélögunum. Margar kvennanna áttu eiginmenn sem unnu í byggingageiranum og þeir fengu mun hærri laun en konurnar þó að þeir væru ekki endilega menntaðir iðnaðarmenn. Í raun eru þessi störf alls ekki ósambærileg, að vinna almenn störf í byggingarvinnu eða að vinna við þrif á hótélum. Í báðum störfunum þarf starfsmaðurinn að tileinka sér ákveðna tækni til þess að sinna starfinu og störfin eru líkamlega erfið. Það er



því ekki sjálfgefið að þrif séu verr launuð en byggingarvinna.

Leiðbeinandi: Kristín Loftsdóttir, prófessor við Félags- og mannvísindadeild.

LANDAKORT OG ÞRÍMASTRASKÚTA





Ingjaldur Hannibalsson, forseti Viðskiptafræðideildar

Pað sem sameinar alla íbúa heimsins er að almennt er manneskjan góð og ef maður umgengst fólk af virðingu og reynir að setja sig inn í aðstæður þá er manni vel tekið," segir Ingjaldur sem stundað hefur ferðalög af miklum eldmóði í áratugi. Þéttriðið net rauðra límniða á heimskorti sem hangir uppi á vegg á skrifstofu hans gefur til kynna helstu staði í hverju landi sem hann hefur heimsótt.

Nyrsti rauði punkturinn á kortinu er á Svalbarða og sá syðsti er á Suðurskautslandinu þar sem Ingjaldur eyddi jólnunum 2006 um borð í skipi sem tekur mest 75 farþega. „Mig hafði alltaf langað til að fara til Suðurskautslandsins og fór í 11 daga siglingu. Ferðin var mjög skemmtileg og mikil upplifun. Það sem mér kom mest á óvart var að sjá hversu landslagið á Suðurskautslandinu er líkt strandlengju Vestfjarða.“

Galapagos er einn af upphaldsstöðum Ingjalds en þangað fór Charles Darwin og áttaði sig á þróunarkenningunni. „Um páskana fer ég til Möltu í fyrsta skipti en í sumarfríinu til Bratislava í Slóvakíu og nokkurra landa í sunnanverðri Afríku. Á næsta ári stefni ég á að fara til Frönsku Gíneu og Súrínam í Suður-Ameríku – það er forvitnin sem drífur mig áfram. Ef ég fengi annað líf mundi ég verja því til ferðalaga," segir Ingjaldur brosandi.

Ingjaldur hóf störf við HÍ 1978 sem stundakennari og hefur verið í fullu starfi frá 1993. Hann var formaður byggingarnefndar nýjustu bygginganna á háskólalóðinni sem eru Háskólatorg og Gimli. Skrifstofa Ingjalds er á annarri hæð í norð-austurhluta Gimlis.

„Af því sem hér er inni þykir mér vænst um 300 ritgerðir nemenda sem ég hef leiðbeint í gegnum tíðina," segir Ingjaldur og bendir á nokkra

hillumetra af ritgerðum á efstu hillu. „Það sem meira er um vert er að margar þeirra hafa skilað árangri og stuðlað að úrbótum af ýmsu tagi.“

Trélikan af þrímastra skútu stendur á gluggasýllu. „Þetta líkan keypti ég úti á götu í Madagaskar fyrir um áratug og hélt á því heim til Íslands þangað sem það komst heilu og höldnu þrátt fyrir að ég þyrfti að koma við á nokkrum stöðum á leiðinni.“

Litrikt silkiteppi liggur á gólfinu gestamegin við skrifborðið. Teppið keypti Ingjaldur í Kasmír á Indlandi fyrir um 15-16 árum. „Þá var ég eini ferðalangurinn í Kasmír vegna deilna milli Pakistana og Indverja en um þær mundir var ekki mælt með því að útlendingar ferðuðust um landið.“ Teppið keypti hann af kaupmanni í Kasmír sem hafði selt honum annað teppi í Nýju-Delí tveimur árum fyrr.



VERTU MEÐ

Viltu syngja?

Við Háskóla Íslands eru tveir glæsilegir kórar, Háskólakórinn og Kvinnakór Háskólans. Háskólakórinn kemur fram við margvíslegar opinberar athafnir á vegum skólans en heldur að auki eigin tónleika og stendur að útgáfu. Kvinnakór Háskólans er ört vaxandi og hefur frá upphafi vakið verðskuldaða athygli fyrir fagrar raddir og fagaðan flutning. Kórinn heldur m.a. jólatónleika og hádegistónleika í Háskólanum.

Viltu leika eða dansa?

Stúdentaleikhúsið er löngu orðið þekkt í menningarlífi höfuðborgarinnar. Það er opið öllum sem hafa áhuga á leiklist og eru þeir hvattir til þess að kynna sér starfsemina. Háskóladansinn nefnist nýtt dansfélag fyrir háskólanema, fóttfrár félagsskapur sem m.a. heldur dansnámskeið af ýmsu tagi.

Viltu skemmta þér?

Fjöldmörg nemendafélög eru starfandi innan

skólans. Nemendur standa fyrir árshátíðum, partíum, kvikmyndakvöldum, fyrirlestrum, upplestrarkvöldum og ljóðakvöldum svo að fátt eitt sé nefnt. Nemendafélögin taka sérstaklega vel á móti nýnemum og halda mörg hver sérstök nýnemakvöld þar sem nýtt fólk er boðið velkomnið í hópinn.

Viltu hreyfa þig?

Íþróttahús Háskóla Íslands er opið öllum nemendum skólans gegn vægu gjaldi. Þar er fullkominn tækjasalur, hóptímar af ýmsu tagi – svo sem þolfimi, jóga og herþjálfun og margt fleira – og síðan er hægt að slappa af í gufu eftir öll átökin. Að auki geta nemendur pantað íþróttasalinn til eigin afnota. Þennan kost nýta sér margir til að spila fótbolta, blak, badminton eða annað.

Viltu lesa og skrifa?

Stúdentaráð er útgefandi Stúdentablaðsins sem kemur út reglulega yfir vetrartímann.

Stúdentablaðið er opinn miðill sem öllum stúdentum er frjálst að skrifa í og eru þeir hvattir til að leggja blaðinu lið með hvers kyns skrifum.

Viltu koma?

Allt árið um kring eru fyrirlestrar, málþing, ráðstefnur og viðburðir af margvíslegum toga við Háskóla Íslands opnir almenningi. Tugir þúsunda gesta sækja slíka viðburði árlega og eru nemendur sérstaklega velkomnir. Allir viðburðir eru auglýstir á forsiðu hi.is og eru nemendur hvattir til að kynna sér það sem er í boði hverju sinni.

HAFÐU SAMBAND

Skrifstofa FS, Félagsstofnunar stúdenta

Háskólatorgi
Sími: 5700 700
fs@fs.is
www.fs.is

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn

Arngrímögötu 3
Sími: 525 5600
lbs@bok.hi.is
www.landsbokasafn.is

Bóksala stúdenta

Háskólatorgi
Sími: 5700 777
boksala@boksala.is
www.boksala.is

Náms- og starfsráðgjöf

Háskólatorgi
Sími: 525 4315
radgjof@hi.is
www.hi.is

Nemendaskrá

Háskólatorgi
Sími: 525 4309
nemskra@hi.is
www.hi.is

Alþjóðaskrifstofa HÍ

Háskólatorgi
Sími: 525 4311
ask@hi.is
www.ask.hi.is

Stúdentaráð HÍ

Háskólatorgi
Sími: 5700 850
shi@hi.is
www.student.is



ALLT TIL ALLS

Háskóli Íslands er lifandi samfélag sem teygir anga sína um allt land og út fyrir landsteinana þótt hjarta hans slái í Reykjavík. Innan þessa samfélags starfa þúsundir kennara, starfsmanna og nemenda sem vinna að því að efla vísindi og fræði. Fjölpætta þjónusta er að finna innan háskólasamfélagsins, svo sem húsnæðisþjónusta fyrir stúdenta, leikskólapláss, atvinnumiðlun, námsráðgjöf, matsölustaði og bókaverslun. Háskóli Íslands kappkostar að veita nemendum sínum fyrirmyndaraðstöðu og -þjónustu.

Stærsta bókasafn landsins

Nemendur Háskóla Íslands hafa aðgang að fullkomnasta bókasafni landsins í Þjóðarbókhliðu og fá þeir bókasafnskort sér að kostnaðarlausu meðan á námi stendur. Á bókasafninu hafa nemendur meðal annars aðgang að rafrænum gagnasöfnum í eigu og áskrift safnsins og öllum lokaritgerðum nemenda við Háskólann. Í Þjóðarbókhliðu eru mörg hundruð sæti í lesaðstöðu safnsins, tölvuver, hópvinnuherbergi og litlar skrifstofur sem hægt er að taka á leigu gegn vægu gjaldi.

Allt til námsins

Markvisst er unnið að því að bæta námsaðstöðu nemenda og þjónustu þeim til handa. Innra vefkerfi skólans er í stöðugri þróun og nýttist það

nemendum bæði við námið sjálft og skipulag þess. Lesaðstöðu, bókasöfn og tölvuver er að finna í nær öllum byggingum Háskólans.

Háskólatorg hýsir þjónustuna

Á Háskólatorgi er aðgangur að öllu sem máli skiptir varðandi þjónustu fyrir nemendur. Þarna er þjónustuborðið, Alþjóðaskrifstofa, Félagsstofnun stúdenta, Stúdentaráð, Nemendaskrá, Reiknistofnun og Náms- og starfsráðgjöf. Bóksala stúdenta og veitingastaðurinn Háma eru einnig staðsett á Háskólatorgi ásamt tölvuverum, kennslustofum, lesrýmum, skrifstofum og fundarherbergjum. Á torginu sjálfu eru haldnar ýmsar skemmtilegar upptækur og þar iðar allt af lífi frá morgni til kvölds.

Getum við aðstoðað?

Á þjónustuborðinu á Háskólatorgi er afgreiðsla fyrir allar þjónustueiningarnar sem eru á torginu. Þar eru afgreidd ýmis vottorð og yfirlit yfir námsferla og þar má fá upplýsingar um nám, námsval, stúdentaskipti, húsnæði, réttindamál og margt fleira. Einnig eru þar afgreiddir prentkvótar og lykilorð að innra netinu, fyrir þá sem þess þurfa. Reiknistofnun Háskólans er einnig með útibú á þjónustuborðinu.

Námsráðgjafar HÍ standa með þér

Námsráðgjafar Háskólans eru brautryðjendur í

starfi sínu og þeir sinna nemendum af mikilli alúð. Veitt er ráðgjöf um vinnubrögð í háskólanámi, úrræði og ráðgjöf vegna fötlunar, ráðgjöf í námsvali og upplýsingamiðlun, auk þess sem námsráðgjafar sinna persónulegri og sálfræðilegri ráðgjöf. Starfsfólk Náms- og starfsráðgjafar heldur fjölda gagnlegra námskeiða fyrir nemendur um námstækni, prófundirbúning, markmiðasetningu, tímastjórnun o.fl.

Þú skiptir máli!

Nemendur skipta höfuðmáli við Háskóla Íslands og þeir hafa alltaf átt sterk ítök í starfsemi skólans. Stúdentaráð Háskóla Íslands starfar að hagsmunum og félagsmálum stúdenta og er sameiginlegur málsvari þeirra innan skólans sem utan. Stúdentar eiga fulltrúa í öllum mikilvægum ráðum og nefndum innan Háskólans. Stúdentar geta því tekið ríkan þátt í ákvörðunum um starfsemi skólans. Auk Stúdentaráðs starfa fjölmörg hagsmunafélög og nemendafélög innan Háskóla Íslands.

Út í heim

Samstarf Háskóla Íslands við erlenda háskóla, rannsóknastofnanir o.fl. er viðamikil og þar gegnir Alþjóðaskrifstofan víðtæku hlutverki. Starfsfólk Alþjóðaskrifstofu háskólastigsins aðstoðar þá stúdenta sem ætla utan til náms og þá erlendu stúdenta sem hingað koma.



Guðbjörg Ásta Ólafsdóttir, forstöðumaður Rannsókn- og fræðaseturs HÍ í Bolungarvík

VISTKERFI VESTFJARÐA

Hér sinnir starfsfólk vísindastörfum, rannsóknum og kennslu,” segir Guðbjörg Ásta Ólafsdóttir, forstöðumaður Rannsókn- og fræðaseturs Háskóla Íslands í Bolungarvík. „Setrið er líka tenging svæðisins og Háskólans. Sú brú er gagnkvæm. Við aðstoðum og veitum fræðimönnum sem vinna að rannsóknum á svæðinu aðstoðu og einnig heimafólki sem hefur hug á rannsóknum og námi við HÍ en kys að búa hér.”

Guðbjörg segir að setrið í Bolungarvík setji óneitanlega svip á samfélagið. „Með því verða til störf sem að jafnaði eru ekki unnin úti á landi. Tækifæri skapast fyrir fólk með viðeigandi menntun og reynslu að flytja út á land,” segir hún.

Guðbjörg segir að rannsóknir setursins hafi frá upphafi verið fjölbreyttar og helst á sviði náttúrufræða, samfélags- og ferðamálafræða: „Enda eru rannsóknasetur á landsbyggðinni kjörinn vettvangur fyrir þverfaglegar rannsóknir tengdar samfélagsþróun og sjálfbærri nýtingu náttúru þar sem nálægðin við samfélag, atvinnulíf og auðlindir er mikil.”

„Frá því að starfsemin hófst hér fyrir um

tveimur árum hefur mikið áunnist í uppbyggingu tveggja spennandi rannsóknasviða,” segir Guðbjörg. „Annars vegar höfum við unnið að uppbyggingu vistfræðirannsóknna á seiðastigi nytjafiskistofna, til dæmis þorskeiða í fjörðum Vestfjarða. Þessar rannsóknir eru nú að komast á fullan skrið en Vestfirðir bjóða upp á einstakt tækifæri til vistkerfisrannsókna á fjörðum og grunnsævi. Hins vegar hefur sjónum verið beint að rannsóknum með áherslu á samfélag og umhverfi landsbyggðarinnar.”

Guðbjörg segir það afskaplega ánægjulegt að koma að uppbyggingu þessara rannsókna. Setur af þessu tagi geti skipt sköpum við að koma á legg nýjum rannsóknasviðum sem styrkja og víkka út íslenskt rannsóknsumhverfi.

Guðbjörg segir að í tengslum við rannsóknir á Vestfjörðum skapist möguleikar fyrir háskólanema að fá sumarvinnu eða starf með skóla í heimabyggð. Starfseminni fylgi rannsóknarnemar, sérfræðingar og háskólafrólk víða að úr heiminum sem setji í lengri eða skemmri tíma svip sinn á samfélagið. „Við setrið vinna nú átta meistaranemar verkefni sín og einn doktorsnemi en verkefni tengjast öll



Guðbjörg Ásta Ólafsdóttir segir ánægjulegt að koma að uppbyggingu rannsókna. Rannsóknasetur af þessu tagi geti skipt sköpum við að koma á legg nýjum rannsóknasviðum sem styrkja og víkka út íslenskt rannsóknsumhverfi.

rannsóknum og starfsemi setursins. Þar að auki hafa rannsóknarnemar frá HÍ haft aðstoðu við setrið í styttri tíma.”

Guðbjörg segir að dvöl þessa fólks sé mikilvægur hluti af starfsemi rannsóknasetrana. „Fólkið fær nýja sýn á landsbyggðina, auk þess sem það tekur þátt í að skapa nýja og jákvæðari mynd af landsbyggðinni í hugum annarra.”



Fræðasetur Háskóla Íslands á Hornafirði

Hagnýtar rannsóknir

„Í rannsóknum setursins hefur heldur meiri áhersla verið lögð á hagnýtingu niðurstaðna en almennt gerist í akademísku starfi,“ segir Þorvarður Árnason, umhverfis- og náttúrufræðingur, en hann er forstöðumaður Fræðaseturs HÍ á Hornafirði. „Margar rannsóknir eru þannig gerðar bæði í fræðilegum og praktískum tilgangi.“

Þorvarður segir þessa áherslu skýrast að stærstum hluta af mikilli nálægð Fræðasetursins við rekstraraðila á starfssvæðinu. Setrinu sé beinlínis ætlað að vinna náið með slíkum aðilum. „Stofnun Fræðasetursins var að stórum hluta hugsuð sem varnaraðgerð gegn fólksflotta og menntahalla sem hrjáir landsbyggðina.“

Þorvarður segir að rannsóknarverkefni setursins á Hornafirði hafi snúið að umhverfis- og ferðamálum, en einnig að ýmsu sem varði menningu, samfélag eða náttúrufar í nærumhverfinu. Flest þessara verkefna séu þverfræðileg í eðli sínu. „Viðamestu verkefni í augnablikinu lúta að gerð verndaráætlana fyrir tvö af fjórum rekstrarsvæðum Vatnajökulsþjóðgarðs,“ segir Þorvarður og bætir við að einnig sé í gangi vöktun á samfélags-, efnahags- og umhverfislegum áhrifum af stofnun þjóðgarðsins.

„Við erum líka að horfa til þróunar á umhverfismennt og náttúruskólustarfi, sem og fræðandi ferðaþjónustu.“ Hann bætir því við að setrið vinni einnig að því að þróa aðferðir til að flokka íslenskt landslag og meta verndargildi þess, í samvinnu við Liffræðistofnun HÍ.

Þórbergur Þórðarson rithöfundur fæddist og

ólst upp á Hala í Suðursveit og segir Þorvarður að á setrinu sé enn fremur unnið að rannsóknum á skáldævisögum hans.

„Að undanförunu höfum við einnig unnið að fjölmörgum smærri verkefnum, til dæmis ráðgjöf við þróun sjálfbærrar ferðaþjónustu í ríki Vatnajökuls.“

Þorvarður segir að nemendur HÍ hafi komið að starfi Fræðasetursins frá upphafi, „enda er eitt mikilvægasta hlutverk okkar að vekja athygli nemenda á áhugaverðum verkefnum á starfssvæði setursins. Þá viljum við jafnframt auðvelda nemum að sinna slíkum verkefnum hér.“

Þorvarður segir að árið 2009 hafi tíu rannsóknarnemar unnið að ritgerðum sem vörðuðu beint verkefni setursins, þar af þrjú doktorsnemar. Nemarnir komu úr umhverfis- og auðlindafræði, heimspeki, landfræði, ferðamálafræði og menntunarfræði. Þorvarður telur að framlag rannsóknarnemanna skipti verulegu máli í verkefnum setursins.

Þorvarður segir að við setrið starfi nú fimm manns og að tveir þeirra hafi sinnt kennslu í töluverðum mæli, meðal annars sem leiðbeinendur námsritgerða.

Fræðasetrið hefur staðið fyrir nokkrum ólíkum vettvangsnámskeiðum í samvinnu við kennsluvið HÍ sem haldin hafa verið fyrir austan. „Þessi námskeið hafa gefið mjög góða raun og m.a. orðið til þess að kveikja áhuga nemenda á mögulegum rannsóknarverkefnum á suðausturhorni landsins,“ segir Þorvarður Árnason.



Við setrið í Bolungarvík vinna nú átta meistaranemar og einn doktorsnemi en verkefni þeirra tengjast öllum rannsóknum og starfsemi setursins. Panagiotis Theodorou frá Kýpur er meistaranemi sem rannsakar hegðun íslenska þorsksins.



Rannsóknarnemar, sérfræðingar og háskólafólk koma víða að úr heiminum og setja í lengri eða skemmri tíma svip sinn á samfélagið í Bolungarvík. Myrsini E. Natsopoulou er meistaranemi frá Grikklandi en rannsóknir hennar snúast um íslenska hornsilið.





Fjör á námskyningu fyrir stúdentsefni
 Á vorin býður Háskóli Íslands stúdentsefnum í heimsókn á Háskólatorg. Allar byggingar Háskólans standa þá opnar og farið er í gönguferðir um svæðið undir leiðsögn Háskólastúdenta.

Á námskyningunni gefst stúdentsefnum tækifæri til að spyrja núverandi Háskólastúdenta um námið og félagslífið. Námsleiðir við HÍ eru á fjórða hundruð og valið er ekki alltaf einfalt.



LÍF OG FJÖR Í HÁ



Háskólahlaupið

Háskólahlaupið hefur unnið sér sess sem einn af helstu vorboðunum í HÍ. Þá láta stúdentar og starfsmenn færur toga. Þarna er kjörið tækifæri fyrir stúdenta til að „fella“ kennarana eða leggja þá að velli.



Forsetinn hvílir frakkann sinn

Ólafur Þ. Harðarson, forseti Félagsvísindasviðs, býr sig undir að axla brautskráningarhempuna sína.

Brautskráð úr starfstengdu diplómanámi

Í fyrravor brautskráði Menntavísindasvið nemendur úr starfstengdu diplómanámi fyrir fólk með þroskahömlun. Um var að ræða tveggja ára nám. Markmið var að undirbúa nemendur til afmarkaðra starfa sem tengjast þroskabjálfun og tólmunda- og félagsmálum.



Brautskráning – Settu markmiði náð

Með brautskráningu lýkur krefjandi og skemmtilegu námi. Þetta er hátíðleg stund þar sem stúdentar fagna því að settu marki er náð. Við taka nýjar áskoranir, annað hvort í framhaldsnámi eða í atvinnulífnu.



HÁSKÓLA ÍSLANDS



Jafnréttisdagar – ráðherra ávarpar á táknmáli

Háskóli Íslands stendur árlega fyrir jafnréttisdögum. Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra flutti fyrirlestur á táknmáli um konur, karla og umhverfið. Svandís ræddi mikilvægi þess að tryggja aðkomu kvenna að ákvarðanatökum loftslagsmál.



Afburðanemendur styrktir til náms

Háskóli Íslands hefur styrkt afburðanemendur til náms með því að veita styrki úr afreks- og hvatningarsjóði stúdenta. Sjóðurinn hefur það hlutverk að styrkja nýstúdentana við Háskóla Íslands sem náð hafa afburðaárangri á stúdentsprófi. Við úthlutunina er litið til afburðaárangurs á stúdentsprófi, virkni í félagsstörfum eða árangurs á öðrum sviðum.



Tónleikar á Háskólatorgi

Háskólatorg er ekki bara vettvangur til að lesa og læra, þar má líka leika sér og meira að segja dansa. Torgið er frábær tónleikahöll. Hér fer Retro Stefson, ein efnilegasta hljómsveit landsins, mikinn.



Lilja Þorsteinsdóttir, doktorsnemi við Líf- og umhverfisvísindadeild

Bólusetning gegn sumarexemi í hestum

Eins og stúdentar við HÍ vita vafalaust er rannsóknalitróf skólans býsna breitt og blaðamaður student.is frétti nýverið af áhugaverðri rannsókn sem verið er að undirbúa þessa dagana við Tilraunastöð HÍ í meinafræði að Keldum.

Það er doktorsverkefni Lilju Þorsteinsdóttur líffræðings sem snýr að því að þróa veirufurju til bólusetningar gegn sumarexemi í hestum. Lilja lauk MS-námi í líffræði frá HÍ í júní sl. en MS-verkefni hennar hét „Erfðafræðilegur breytileiki gammaherpesveira í hestum á Íslandi“ og var

Vilhjálmur Svansson aðalleiðbeinandi hennar.

Langtímamarkmið rannsóknarinnar sem nú stendur fyrir dyrum er að þróa genaferju sem tjáir framandi gen og sem gæti nýst til bólusetninga gegn sumarexemi. Reynt verður að hanna EHV-2 genaferjur þar sem ofnæmisvakageni úr smámýi verður komið fyrir á mismunandi hátt inni í erfðaefni veirunnar.

Unnið hefur verið að rannsóknum á sumarexemi á Keldum frá árinu 2000 í samstarfi við erlenda aðila. Sumarexem er mótefnamiðlað ofnæmi í

hrossum gegn prótínum úr smámýi sem lifir ekki á Íslandi. Ofnæmið er vandamál í íslenskum hestum á erlendri grund en ekki endilega hér á landi.

Þessa dagana er unnið að því að hanna veirufurju, sem tjá grænflúorljómandi prótein, (EGFP). Sömu aðferðir verða notaðar til að gera ferjur þar sem ofnæmisvakagenum smámýsins verður komið fyrir. Vonir standa til að sjálf rannsóknin hefjist um eða upp úr áramótum, ef fjármagn fæst. Aðstaðan er öll til staðar að Keldum og er áætlað að rannsóknin sjálf taki um þrjú ár.

Yuliya Tarabalka, doktorsnemi í rafmagns- og tölvuverkfræði Kortleggur alheiminn

„Langtímamarkmið mitt er að kanna og skilja innbyrðis tengsl og samskipti fólks annars vegar og umheimsins í kringum það hins vegar,“ segir Yuliya Tarabalka, sem er í sameiginlegu doktorsnámi í rafmagns- og tölvuverkfræði við HÍ og við Tækniháskólann í Grenoble (INPG) í Frakklandi.

„Til að gera þetta þarf ég að læra um alheiminn í þeim tilgangi að fá betri skilning á upphafi hans, tilurð jarðarinnar og skilja lífið á jörðinni.“

Yuliya segir að tæknipróun hafi opnað nýjar leiðir fyrir rannsóknir á jörðinni. Hægt sé m.a. að taka stafrænar fjarkönnunarmyndir af jörðinni úr flugvél og frá gervihnöttum. „Myndirnar eru síðan notaðar til að kortleggja jörðina. Ég fékk tækifæri til að sinna þverfaglegum rannsóknum í rannsóknatengslaneti sem heitir Hyper-I-Net, en þar horfði ég til notkunar fjarkönnunarmynda. Rannsóknanetið er svokallað Marie Curie Research Training Network og er styrkt af Evrópusambandinu.“

Yuliya segir að fjarkönnunarmyndir með hárrírófupplausn byggist á nýrri tækni sem safni og vinni úr upplýsingum um heiminn, að svo miklu

leyti sem það er hægt, með aðstoð rafsegulbylgja.


„Meginviðfangsefni rannsókna minnar er að þróa nýjar og framsækna aðferðir og algóritma fyrir greiningu og flokkun þessara mynda. Ein af mörgum áhugaverðum mögulegum niðurstöðum þessarar rannsóknar er sjálfvirk kortagerð með nýjustu landfræðiuþplýsingum um yfirborð jarðarinnar og annarra reikistjarna,“ segir Yuliya Tarabalka.

Að hennar sögn hefur nákvæm flokkun fjarkönnunarmynda fjölbreytt notagildi fyrir vöktun og stjórnun á umhverfi, í landbúnaði og í öryggis- og varnarmálum.

„Hingað til höfum við þróað fjölmargar flokkunaraðferðir í rannsóknarverkefninu sem við höfum sannreynt með gerð mynda sem lýsa yfirborði svæða. Framúrskarandi niðurstöður hafa fengist. Aðferðirnar sem hafa verið þróaðar geta einnig nýst öðrum rannsóknarsviðum, t.d. við greiningu mynda sem notaðar eru í læknisfræði.“

Aðalleiðbeinandi við HÍ: Jón Atli Benediktsson, prófessor í rafmagns- og tölvuverkfræði og aðstoðarrektor vísinda og kennslu.





ÖRFLÖGUTÆKNI

beitt við rannsókn á lifandi frumum

„VONAST ER
TIL AÐ FLAGAN
GETI ÞJÓNAÐ
MARGVÍSLEGUM
TILGANGI Í
FRAMTÍÐINNI“

Verkefnið sem ég er að vinna að nefnist „Þróun nýrrar örflögutækni til ljósörvunar við yfirborð,“ segir Björn Agnarsson, doktorsnemi í eðlisfræði. Markmið verkefnisins er að hanna örflögu sem nýtist í smásjám til að lýsa upp sýni, t.d. til að skoða staðsetningu ákveðinna próteina í frumum. Ljósíð frá örflögunni er bundið við yfirborð flögunnar og nær aðeins um 200 nm inn í sýnið.

Með örflögutækinni má því fá lýsingu sem er talsvert frábrugðin þeirri sem notuð er í hefðbundinni ljóssmásjá, þ.e. þar sem lýst er gegnum allt sýnið. Þannig er m.a. hægt að draga verulega úr bakgrunnsljósi, sem kemur fram ef allt sýnið er upplýst, og sjá mun betur hluti og atburði t.d. við frumuhimnur. Aðferðin hentar þess vegna vel til rannsókna á yfirborðsbindingu, efnaflutningi gegnum frumuhimnur, víxlverkun fruma við yfirborð, o.fl.

Örflögutækni byggist á því að ljósi er skotið í bylgjuleiðara sem þekur yfirborð flögunnar. Ljósíð ferðast eftir yfirborðinu en er bundið í bylgjuleiðarann svo það sést ekki með berum augum. Sýnum, svo sem flúrlituðum frumum, er komið fyrir á flögunni og örvar ljósíð aðeins þann hluta sýnisins sem liggur næst yfirborðinu. Að auki má nýta aðferðir sem þekktar eru úr ljósrásatækni samskiptakerfa til að stýra ljósinu á yfirborði flögunnar, t.d. slökkva og kveikja og/eða velja ákveðnar örvunarbylgjulengdir. Með því að bæta við hitastýringu mun tækni einnig nýttast vel til rannsókna á lifandi frumum.

Vonast er til að flagan geti þjónað margvíslegum tilgangi í framtíðinni, bæði sem lífnemi og sem ný öflug rannsóknaraðferð í frumulíffræði.

*Leiðbeinandi: Kristján Leósson,
vísindamaður við Raunvísindadeild.*



Sigrún Broddadóttir,
meistaraneini í
menntunarfræðum

Að virða unga fólknið

„Það er lyklatríði að unga fólknið og foreldrar þess séu virt og viðurkennd sem mikilvægasti hlekkurinn í undirbúningsferlinu og upplifi að þjónustuskrifstofan sé að vinna með þeim frá fyrsta degi,“ segir Sigrún Broddadóttir sem er að ljúka meistaránámi í menntunarfræði við Menntavísindasvið.

Sigrún hefur rannsakað upplifun og reynslu fólks með þroskahömlun sem hefur flutt úr foreldrahúsum, svo og upplifun foreldra þess. Hún vill með rannsókninni varpa ljósi á hvernig unga fólkni gekk að aðlagast nýju heimili og draga saman helstu atriði sem þjónustuveitandi þarf að hafa í huga þegar kemur að því að undirbúa og styðja ungt fólk með þroskahömlun sem er að flytja í búsetu á hans vegum.

„Niðurstöður sýna að ákveðnir þættir virtust hafa áhrif á hvernig unga fólkni gekk að aðlagast nýju heimili. Þetta eru þættir eins og stuðningur frá fjölskyldu og vinum, möguleikinn á að tjá sig, persónueinkenni eins og jákvæð sjálfsmynd, sjálfsöryggi og trú á eigin styrk og að síðustu gott og vel þjálfað starfsfólk,“ segir Sigrún. Hún segir að þeim sem hafi gengið best að aðlagast nýju heimili og upplifa heimilið sem sitt hafi verið þátttakendur sem starfsfólknið virti og viðurkenndi sem fullorðið fólk og vann markvisst að því að efla til sjálfsákvörðunartöku og sjálfstæðis í daglegu lífi.

Gagna var aflað með því að taka viðtöl og gera þátttökuathuganir. Lykilþátttakendur í rannsókninni voru sjö fjölskyldur, ungt fólk með þroskahömlun sem flutti að heiman á árunum 2005-2006 og foreldrar þess.

Leiðbeinandi: Guðrún Valgerður Stefánsdóttir, dósent á Menntavísindasviði.

SKÓLAPÚLSINN mældur reglulega

Góð líðan, virkni og skóla- og bekkjarandi eru mikilvæg markmið í skólastarfi. Með Skólapúlsinum er í fyrsta sinn hægt að vinna með samræmdar upplýsingar um líðan nemenda á sama hátt og hægt hefur verið um áráraðir að vinna með samræmdar upplýsingar um námsárangur í formi samræmdra prófa.

Skólapúlsinn er vefkerfi sem getur veitt skólastjórnendum stöðugan aðgang að nýjum upplýsingum um virkni nemenda og líðan þeirra í skólanum og um skóla- og bekkjaranda. Niðurstöður um stöðu nemenda í 6.–10. bekk eru bornar saman við niðurstöður fyrri mælinga í skólanum og við landsmeðaltal, sem gefur skýrar vísendingar um þróun mála í skólanum og stöðu nemenda í skólanum miðað við nemendur í öðrum skólum í landinu.

Skólapúlsinn er þróunarverkefni sem Kristján Ketill Stefánsson, sérfræðingur í kennslufræði, og Almar M. Halldórsson, sérfræðingur í rannsóknaraðferðum í félagsvísindum, vinna að innan Menntavísindasviðs. Skólapúlsinn hlaut 2. verðlaun þegar Hagnýtingarverðlaun Háskóla Íslands voru afhent haustið 2009.

Helstu markmið með Skólapúlsinum eru að útvega skólastjórnendum og skólaskrifstofum áreiðanleg, langtímamiðuð, samanburðarhæf og aðgengileg gögn um mikilvæga þætti í skólastarfinu og að byggja upp gagnabanka sem mun með tímanum opna einstaka möguleika fyrir rannsóknir á sviði kennslu- og uppeldisfræða.



Skólaárið 2008–2009 var fyrsta ár Skólapúlsins í notkun og fá þátttökuskólar upplýsingar um stöðu nemenda sinna reglulega í línuritum.

Grunnskólar víðs vegar á landinu eru skráðir í verkefnið en nemendur í 6.–10. bekk taka þátt í því. Í þátttökuskólunum er tæplega helmingur allra grunnskólanemenda á landinu í þessum bekkjum. Mikil hagræðing fæst með notkun kerfisins þar sem framkvæmd er sjálfvirk og greining niðurstaðna og birting þeirra er einnig sjálfvirk.



Hildur Blöndal Sveinsdóttir, meistaranemi í Uppeldis- og menntunarfræðideild

„Maður hugsar öðruvísi þegar maður er búinn að vera úti“

Hildur Blöndal Sveinsdóttir skoðaði reynslu íslenskra barna af aðlögun að íslensku samfélagi og skóla eftir búsetu og skólagöngu erlendis í meistaraverkefni sínu. Hún vill með rannsókninni vekja athygli á hópi sem lítil gamur hefur verið gefinn í íslenskum skólum.

„Niðurstöður benda til þess að einstaklingar sem alast upp við þessar alþjóðlegu aðstæður búi yfir ákveðinni færni og viðhorfum til lífsins sem mótast hafa af skólagöngu í alþjóðlegum skóla og reynslunni af flutningum milli landa,“ segir Hildur. Þessir þættir séu t.d. jákvæðni, samskiptahæfni, vísðsýni og umburðarlyndi. Auk þess búi þau yfir fjölbreyttri tungumálakunnáttu sem oft reynist erfitt

að viðhalda við heimkomu. Hildur segir sárustu reynsluna tengjast vinamissi og því að kveðja góða vini, sem kristallast í ákveðnu sorgarferli. Þetta sé sá þáttur sem allir þátttakendur nefna sem neikvæða hlið þessa lífsstils.

Í rannsókninni kom fram að foreldrar urðu fyrir vonbrigðum vegna úrræðaleysis íslenskra skóla við heimkomu. Litinn eða engan stuðning hafi verið að fá í íslensku máli fyrir þessa nemendur sem annars standa sig vel í skóla. „Að öðru leyti eru þátttakendur sammála um að búseta erlendis hafi styrkt fjölskylduböndin og þar hafi fjölskyldan notið meiri samveru en hún gerir þegar heim er komið,“ segir Hildur. Helstu kostir heimkomunnar

séu það frelsi og sjálfstæði sem börnin búa við á Íslandi. Reynsla sem þessi sé í senn þroskandi og mannþætandi og við hana öðlist einstaklingarnir færni sem nýtast mun þeim í framtíðinni.

Hildur vonast til að hægt verði að nýta niðurstöðurnar til að koma betur til móts við þarfir barna sem flytja heim frá útlöndum og auðvelda aðlögun þeirra að íslensku skólakerfi. „Ef við virðum þá þekkingu og þann menningarlega bakgrunn sem nemendur taka með sér í skólann aukum við líkurnar á árangri og vellíðan nemenda,“ segir Hildur.

Leiðbeinandi: Hanna Ragnarsdóttir, deildarforseti Uppeldis- og menntunarfræðideilda.

Kristján Ketill Stefánsson, doktorsnemi í menntunarfræðum

Eykur áhuga á raungreinum

„Mjög margir velja sig frá raungreinum snemma á skólagöngunni og telja þær ekki eiga við sig,“ segir Kristján Ketill Stefánsson, doktorsnemi við Menntavísindasvið. Hann segir hlutfallslega fækkun í raungreinatengdu háskólanámi á síðastliðnum árum endurspeglar þetta. Kristján Ketill vinnur að því að kortleggja áhugahvöt nemenda á unglingsárum í raungreinum. Í framhaldinu ætlar hann að prófa og þróa kennsluáferðir sem þjálfa nemendur í að nota aukinn vitsmunabroska unglingsáranna til aukins árangurs og áhuga á raungreinanámi.

„Rannsóknartilgáta mín er sú að kennsluáferðirnar sem ég hyggst prófa á unglingsstigi grunnskóla stuðli að auknum árangri í raungreinum og áhuga á þeim,“ segir Kristján

Ketill. Hann vonast til að rannsóknin skili aukinni þekkingu á áhugahvöt nemenda á unglingsstigi og að niðurstöðurnar geti nýst í kennaranámi, á vettvangi og til frekari rannsókna. „Ég vonast einnig til að rannsóknin dragi fram hversu stutt bil getur verið á milli vísindasamfélagsins og þess starfs sem kennarar framkvæma á vettvangi.“


Hliðartilgangur rannsóknarinnar er að gera vandaðar mælingar á líðan nemenda, virkni þeirra og skóla- og bekkjaranda aðgengilegar kennurum í gegnum rafræna sjálfsmatskerfið Skólapúlsinn sem hefur verið útbúið í þessum tilgangi. Skólapúlsinn er þróunarverkefni sem Kristján Ketill og Almar M. Halldórsson vinna að innan Menntavísindasviðs. Í því sambandi vonast hann eftir að notkun Skólapúlsins leiði til þess að skólaþróun fari að



byggjast meira á niðurstöðum sem eiga við um þann nemendahóp sem er í skólanum hverju sinni.

Leiðbeinendur: Sif Einarsdóttir, dósent við Félagsvísindasvið, og Steinunn Gestsdóttir, dósent við Menntavísindasvið.

EITRAÐUR FROSKUR





Árni Einarsson, forstöðumaður Náttúrurannsóknastöðvarinnar við Mývatn

Ýmsar fræðibækur og rit eftir Árna um lífríki Mývatns taka stóran hluta hilluplássins á skrifstofu Árna en þar er einnig að finna ýmsa persónluuga muni eins og til dæmis skeljar í krukum og fyrsta málverkið eftir son hans sem þá var fjögurra ára.

„Skrifstofan í Öskju er ákveðinn fastur punktur í mínu starfi en frá maí til september ver ég tíma mínum við rannsóknir við Mývatn,“ segir Árni sem fyrst rannsakaði lífríki Mývatns sem háskólanemi árið 1975. Þá rannsakaði hann fuglana, setlög í vatninu, myflugurnar og fiskana. „Rannsóknir við Mývatn eiga sér langa sögu en Arnþór Garðarsson

prófessor tók þær upp á sína arma 1974-5 þegar Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn var stofnuð, og ég fylgdi eiginlega með í kaupunum, enda sérstakur áhugamaður um Mývatn og lífríki þess.“

Litríkt málverk eftir son Árna stendur á fremstu nöf ofarlega á hillu og grípur athygli þeirra sem koma í heimsókn á skrifstofuna. „Þetta er eittraður frostur,“ útskýrir Árni. „Mér þykir sérstaklega vænt um þessa mynd vegna þess að þetta var fyrsta málverkið sem sonur minn málaði, þá fjögurra ára gamall. Í dag er hann 24 ára gamall og er nýtskrifaður frá listaháskóla í Kaliforníu í Bandaríkjunum.“ Á hillunni fyrir innan myndina

eru ýmsar skjalamöppur sem geyma upplýsingar um fugla- og flugnatalningar við Mývatn sem sonur Árna aðstoðaði við að afla.

Fyrsta rannsóknastöðin við Mývatn var í timburhúsi sem síðar var flutt í Ásbyrgi þar sem húsið er notað sem vinnuskýli fyrir landverði í Vatnajökulsþjóðgarði. Húsið var upphaflega gjöf frá Seðlabanka Íslands og stóð við Geirastaði sem er við útfall Laxár með útsýni yfir Mývatn. Árni heldur upp á lítinn viðarbútt úr þessu húsi sem var byggt árið 1974 og geymir á skrifstofunni. „Búturinn datt úr húsinu þegar það var hift en við fluttum í rannsóknamiðstöðina á Skútustöðum 1987.“



BANGSARNIR FENGU SVÍNAFLENSUSPRAUTU

Sprautan var á lofti fyrr í vetur á Bangsaspítalanum landsfræga sem rekinn er af Lýðheilsufélagi læknanema. Þangað komu börn víða að með bangsana sína í lækni skoðun og bólusetningu við svínaflefsunni illvígu.

Hrafnkell Stefánsson, yfirlæknir á Bangsaspítalanum og nemi í Læknadeild HÍ, var býsna brattur þar sem hann hélt sprautunni á lofti: „Við vorum að fá til landsins tíu þúsund skammta af bangsabóluefni gegn svínaflefsu. Allir bangsar sem koma á Bangsaspítalann fá sprautu gegn flefsunni,” sagði Hrafnkell og brosti í kampinn.

Að sögn Hrafnkels er tilgangurinn með Bangsaspítalanum að kynna lækna og heilbrigðisstofnanir fyrir börnum í gegnum leik og leggja þannig grunn að jákvæðu viðhorfi og trausti gagnvart læknum og öðru heilbrigðisstarfsfólki. Ekki skipti minna máli að með þessu gefist

læknanemum tækifæri til að þjálfa sig í samskiptum við börn og kynnast barnalæknisfræði.

Hrafnkell segir að yfirleitt séu börnin búin að ákveða hvaða sjúkdómur hrjái bangsann áður en þau mæta með hann á Bangsaspítalann. Langoftast sé um að ræða eitthvað sem börnin hafi kynnst sjálf. Þannig er eyrnabólga algengur kvilli eða ælupest eða einhver umgangspæst sem nákominn ættingi hafi glímt við.

Hrafnkell segir að þegar börnin og bangsarnir komi á Bangsaspítalann taki bangsalæknir á móti þeim. Hann spjalli við barnið, sem sé þá í hlutverki foreldris, um veikindi bangsans.

„Við erum með bangsaröntgentæki á staðnum og bangsinn fer í það ef okkur grunar að hann sé brotinn. Síðan fær hann viðeigandi meðferð, yfirleitt sáraumbúðir, plástra og góð ráð frá bangsalækninum,” segir Hrafnkell.



Ingunn Guðbrandsdóttir, doktorsnemi við Sálfræðideild Ímynd stjórn- málamanna

„Mikið er rætt um ímynd við ólík tækifæri og hún talin vera mikilvæg fyrir bæði fyrirtæki og stjórnendur þeirra, svo ekki sé talað um stjórnámálemenn. Rannsóknir á eðli ímyndar eru þó fágætar og því er mikilvægt að hún sé rannsökuð betur,” segir Ingunn Guðbrandsdóttir, doktorsnemi við Sálfræðideild.

„Leiðbeinandinn minn, Friðrik H. Jónsson prófessor, hefur rannsakað ímynd stjórnámálamanna og fjallað um niðurstöður sínar víða. Ekki er mikið um aðrar íslenskar rannsóknir á ímynd, fyrir utan að nokkrir nemendur í viðskiptafræði hafa metið ímynd fyrirtækja og sveitarfélaga á Íslandi í lokaverkefnum sínum. Þær erlendu rannsóknir sem gerðar hafa verið á ímynd stjórnámálamanna hafa flestar miðað að því að skýra hvert fyrirbærið er og tengsl þess við kosningahegðun, en minna hefur verið um ímyndarmælingar. Það er ljóst að ímynd hefur ekki verið rannsökuð til hlítar, hvorki á Íslandi né erlendis, og því eru miklir möguleikar á nánari skoðun á viðfangsefninu.”

„Tilgangur rannsókna er að skýra fyrirbærið ímynd stjórnámálamanna, hvernig ímynd þeirra verður til, hvað hefur áhrif á hana og hvaða áhrif hún hefur á kosningahegðun. Einnig verður ímynd stjórnámálamanna í íslensku samfélagi skoðuð þar sem nálægð kjósenda við bæði stjórnámálemenn og frambjóðendur er meiri en yfirleitt gengur og gerist erlendis,” segir Ingunn.

Rannsóknir Ingunnar eru enn á frumstigi og hún segir fullsnemmt að áætla um niðurstöðurnar, sem hún vonast þó eftir að hafi hagnýtt gildi fyrir íslenska stjórnámálemenn. „Ég vona að rannsóknir mínar auki skilning og þekkingu á ímynd stjórnámálamanna og á því hvaða gildi ímyndin hefur fyrir stjórnámál almennt.”





Jenna Huld Eysteinsdóttir doktorsnemi
Lækningarmáttur

BLÁA LÓNSINS

Öll sú uppbygging sem hefur átt sér stað við Bláa Lónið síðastliðin ár byggist á vísindalegum rannsóknum sem gerðar voru fyrir um 15 árum síðan. Þær leiddu í ljós lækningarmátt jarðsjávarins hjá psoriasissjúklingum með því að skoða klínísk áhrif meðferðarinnar á sjúklingana. Miklar framfarir hafa orðið síðan þá í rannsóknum á meinmyndun psoriasis og nýjar meðferðir hafa bæst við. Það er því mikilvægt að gera nýjar rannsóknir á áhrifum böðunar í lóninu, bæði til að staðfesta fyrri rannsóknir um lækningarmátt Bláa Lónsins og til að skoða fleiri þætti sem hafa ekki verið rannsakaðir áður, segir Jenna Huld Eysteinsdóttir, doktorsnemi við Læknadeild.

Í doktorsverkefni sínu ber Jenna Huld meðferð í Bláa Lóninu saman við hefðbundna UVB-ljósmeðferð. Til að meta hversu áhrifarík meðferðin er fylgjumst við með árangrinum, hversu lengi hann varir og hvaða áhrif meðferðin hefur á lífsgæði sjúklinganna. Einnig gerum við viðamiklar ónæmisfræðilegar athuganir í blóði og á húð og margt fleira."

Jenna Huld segir niðurstöður klínískra og



ónæmisfræðilegra forrannsókna lofa góðu. Ég hef því góðar væntingar til niðurstaðna þessarar rannsóknar. Psoriasis hrjáur um það bil 2% fólks í hinum vestræna heimi og má því ætla að það séu þó nokkuð margir Íslendingar sem kljást við þennan sjúkdóm. Ég vona að rannsóknin leiði til bættrar þjónustu við psoriasissjúklinga, ásamt því að bæta við þá þekkingu sem fyrir er varðandi meinmyndun sjúkdómsins og orsök hans. Kannski komumst við svo aðeins nær því hvað það er í jarðsjó Bláa Lónsins sem hefur þennan lækningarmátt, það er aldrei að vita."

Leiðbeinandi: Jón Hjaltalín Ólafsson, dósent við Læknadeild.



Vefur um geðrækt

Við Háskóla Íslands er sérstakur geðræktarvefur opinur öllum en markmið hans er að skapa jákvæða umræðu um geðheilsu og vekja athygli fólks á mikilli tíðni álagsþátta meðal háskólanema. Einnig er ætlunin með vefnum að auka þekkingu stúdenta, starfsfólks og almennings á einkennum helstu geðraskana og veita upplýsingar um þá þjónustu sem er í boði hér á landi.

Markmið aðstandenda vefsins er að hafa á einum stað fræðslufni um geðheilsurækt, áhrif streitu og helstu einkenni geðraskana í þeim tilgangi að dýpka þekkingu á geðheilbrigði, áhættuþáttum, meðferðarúrræðum og stuðla að geðheilbrigði.

Þessari nýju upplýsingamiðlun er þannig í senn ætlað að upplýsa nemendur, starfsfólk Háskóla Íslands og almenning um stuðningsúrræði og vinna gegn fordómum í garð fólks með geðraskanir.

Efni geðræktar- eða geðspekivefsins er sett fram á skýran og afar aðgengilegan hátt og vekur hann athygli á því álagi sem fylgir því að vera í námi. Þannig geta nemendur áttað sig sem best á streituvöldum og áhættuþáttum sem eðlilega tengjast akademísku samfélagi og brugðist við þeim.

Geðspekivefurinn er samstarfsverkefni þriggja fræðigreina innan háskólans en að verkinu koma jafnt nemendur og kennarar.

Nemendur sem unnu í verkefninu eru Þorgerður Hafstað úr hjúkrunarfræði, Sigríður Einarsdóttir, MA-nemi í bókasafns- og upplýsingafræði, og Ragnheiður Sif Gunnarsdóttir, MA-nemi í sálfræði.

Kennararnir sem unnu að vefnum nýja eru þær Ágústa Pálsdóttir, dósent í bókasafns- og upplýsingafræði, Jóhanna Bernharðsdóttir, lektor í hjúkrunarfræði, og Zuilma Gabríela Sigurðardóttir, dósent í sálfræði.

Vefurinn er á www.ged.hi.is.

Gullmedalía Evrópsku augnlæknaakademíunnar


Einar Stefánsson, prófessor við Læknadeild Háskóla Íslands og yfirlæknir við augndeild Landspítalans, fékk í fyrra gullmedalíu Evrópsku augnlæknaakademíunnar (European Academy of Ophthalmology). Einar hefur einnig verið tekinn sem meðlimur í akademíuna en í henni eru 48 evrópskir augnlæknar og vísindamenn.

Rannsóknir Einars á forvörnum gegn blindu hjá sykursjúkum hafa vakið athygli víða um heim. Einnig hafa rannsóknir hans á sviði súrefnisefnaskipta augans vakið mikla athygli þar sem leitað er skýringa á því hví leysimeðferð er gagnleg í augnsjúkdómi hjá sykursjúkum og við æðalokanir.

Rannsóknir Einars og Jóns Atla Benediktssonar,

prófessors við Rafmagns- og tölvuverkfræðideild Háskóla Íslands, hafa verið til umfjöllunar víða um heim en þeir tveir hafa í félagi við aðra þróað súrefnismæli fyrir augnbotna sem getur tryggt meðferð við augnsjúkdómum fyrr en áður var kleift.

Sprotafyrirtækið Oxymap var stofnað til að þróa áfram lausnir sem tengjast þessum rannsóknum þeirra. Þá hefur augnlyfjaþróun Einars Stefánssonar og Þorsteins Loftssonar, prófessors í Lyfjafræðideild HÍ, einnig vakið mikla athygli enda opnar sú þróun þeirra möguleika á nýrri og frumlegri meðferð við augnsjúkdómum. Sprotafyrirtækið Oculis hefur verið stofnað um áframhaldandi þróun sem tengist rannsóknum þeirra Einars og Þorsteins.



Hulda Þórisdóttir, doktor frá New York háskóla, stjórnmalasálfræðingur og lektor við Stjórnmalafraeðideild

ÓTTINN STJÓRNAR Í PÓLITÍK

Ótti almennings hefur áhrif á stjórnmalaviðhorf og getur valdið íhaldssömum skoðunum.

Svo hljóða niðurstöður Huldu Þórisdóttur, stjórnmalasálfræðings og lektors við HÍ. Niðurstöðurnar voru liður í doktorsrannsókn Huldu við New York háskóla og miðuðust við bandarískt samfélag. Hulda segir að þó sé einnig hægt að líta á niðurstöðurnar í samhengi við íslenskt samfélag eftir hrun.

„Hugarlokun“ er það lykilhugtak sem Hulda notar. Hún segir að rannsóknir hafi sýnt að þegar

fólk finni fyrir ótta þá séu fyrstu viðbrögð þess að reyna að losa sig við hann. Þá vilji það laus sem liggja beint við.

„Ef þetta er heimfært yfir á stjórnmál þá eru það íhaldssamar skoðanir sem fólk grípur þegar óttinn stjórnar því. Rannsóknir hafa sýnt að hægrimmenn leitist frekar en vinstrimmenn við að lágmarka ótta og hafa stjórn. Það hefur aldrei tekist að sýna fram á þetta í sama mæli hjá vinstrimönnum,“ segir Hulda. Hún segir að bæði fjölmiðlar og stjórnmálamenn vestanhafs séu meðvitaðir um hve sterkt það geti verið að vekja

upp ótta hjá fólki. „Republikanar hafa notað þetta með góðum árangri í sínum kosningaherferðum til að hafa áhrif á almenning og það virðist hafa fært þeim fylgi,“ segir Hulda.

Á ýmsan hátt er hægt að heimfæra niðurstöðurnar yfir á Ísland eftir hrun, segir hún. „Fólk var óttaslegið í kjölfar hrunsins og er enn. Kom þá fram ákveðin íhaldssemi í hegðun almennings. Áhersla jókst t.d. á hið þjóðlega og nú síðar hefur ríkt almenn mótstaða við hið óþekkt, eins og að ganga í ESB.“

Ragna Sara Jónsdóttir, ráðgjafi og MS í alþjóðaviðskiptum Fjárfestingar gegn fátækt

„Það hefur lengi loðað við umræðu um erlendar fjárfestingar að þær séu eingöngu til þess fallnar að skapa einhvers konar arðrán í þróunarlöndum. Nýlegar rannsóknir sýna hins vegar að beinar erlendar fjárfestingar geta haft mikil og jákvæð áhrif á samfélög og útrýmingu fátæktar sé rétt haldið á málum,“ segir Ragna Sara Jónsdóttir sem nýverið lauk meistaraþrófi í alþjóðaviðskiptum frá Viðskiptaháskólanum í Kaupmannahöfn.

Í meistaraþinggerðinni skoðaði Ragna Sara hvaða skilyrði við beinar erlendar fjárfestingar í þróunarlöndum geta leitt til jákvæðra samfélagsáhrifa. „Það er mikilvægt að skoða áhrif fjárfestinga á samfélög vegna þess að umfang þeirra er sífellt að aukast og með því að hvetja

til fjárfestinga sem geta haft jákvæð áhrif má spara umtalsvert af opinberu fé sem veitt er í þróunaraðstoð,“ segir Ragna Sara.

Niðurstöðurnar sýna að fjárfestingar skapa ekki eingöngu bein og afleidd störf í þróunarlöndum heldur einnig auknið innstreymi fjármagns og auknar beinar skatttekjur ríkisins. „Hvað mjúku málin varðar, sem erfitt er að mæla, sýna niðurstöðurnar að fjárfestingar sem fela í sér flutning þekkingar og tækni, sem og mikil tengsl við stofnanir og önnur fyrirtæki í landinu, hafa jákvæð áhrif á samfélagið og útrýmingu fátæktar. Þarna skiptir miklu að fjárfestar séu með stefnu hvað varðar samfélagslega ábyrgð til að ná fram jákvæðum áhrifum,“ segir Ragna Sara að lokum.





Katrín Anna Guðmundsdóttir, meistaranemi í kynjafræði

Kynjamisréttið þrífst enn í auglýsingum

Þegar við greinum auglýsingar sjáum við að hugmyndaarfar sem byggist á kynjamisrétti er siendurtekinn," segir Katrín Anna um meistaraþrófsrannsókn sína á kynjamisrétti í auglýsingum á Íslandi.

Katrín Anna tók viðtöl við auglýsinga- og markaðsfolk og segir að hægt sé að greina nokkra áhrifavalda þess að kynjamisrétti sé notað sem söluhvati.

„Til dæmis var áberandi að viðmælendur töldu sig oft þurfa að vera á mörkum hins leyfilega í auglýsingum til að ná athygli neytenda og

„Í ÖGRUNINNI FELST IÐULEGA SAMA GAMLA KYNJAMISRÉTTIÐ EN EKKI AUKIÐ JAFNRÉTTI“

skilgreindu það stundum sem nýsköpun. Þegar nánar er skoðað kemur í ljós að ekki er um raunverulega nýsköpun að ræða. Í ögruninni felst iðulega sama gamla kynjamisréttið en ekki aukði jafnrétti. Sem dæmi um þetta má nefna að þegar höfða á til unga fólksins er tilhneiging til að nota klámvæðinguna en síðan er hræðsla við að sýna til dæmis samkynhneigð í auglýsingum.“

Katrín Anna segir jafnframt að einstaklings-

hyggja nýfrjálsbyggjunnar hafi verið áberandi.

„Með því að einblína á einstaklinginn gátu viðmælendur mínir litið framhjá þáttum sem þeir höfðu áhyggjur af, til dæmis klámvæðingunni. Á meðan þeir voru í vinnunni voru þeir einstaklingar en ekki foreldrar og þannig var hægt að forðast árekstra við eigið gildismat.“

Þá segir Katrín að ábyrgðinni sé stundum varpað yfir á neytandann í auglýsingum með því að líta svo á að fólk hætti viðskiptum við fyrirtæki sem auglýsi á óábyrgan hátt. Flestir viðmælenda telji auk þess að auglýsingar hafi ekki mótandi

áhrif á samfélagið og því skipti ekki öllu máli hvað sé birt í auglýsingum. „Þetta gengur þó ekki upp því markmiðið með auglýsingum er að hafa áhrif á hegðun fólks og rannsóknir sýna að áhrifin eru viðtækari en eingöngu að selja vöru eða þjónustu," segir Katrín Anna.

„Í niðurstöðunum kemur fram að það sem er leyfilegt er háð tíðarandanum hverju sinni. Ef tíðarandinn samþykkir kynjamisrétti eru litlar líkur á að því sé hafnað," segir Katrín Anna.

Leiðbeinandi: Þorgerður Einarisdóttir, prófessor í kynjafræði.



Andrés Þorleifsson, meistaranemi við Lagadeild Auðgunarbrot og umboðssvik

Lánveitingar sem fram fóru án nægilegra trygginga á góðæristímabilinu kunna að varða við ákvæði hegningarlaga um umboðssvik. Þetta er meðal niðurstaðna í meistararitgerð laganemans Andrésar Þorleifssonar sem ber heitið „Hlutlæg og huglæg skilyrði umboðssvika.“

„Flestir kannast við auðgunarbrot á borð við fjárdrátt og fjársvik en færri þekkja umboðssvik. Umboðssvikaákvæðið er engu að síður afar mikilvægt og tekur til mun fleiri tilvika en nafnið gefur til kynna," segir Andrés. „Með nokkurri einföldun má segja að í umboðssvikum felist að einstaklingur, sem er í aðstöðu til að binda annan aðila, misnoti aðstöðu sína sér eða öðrum til ávinnings," útskýrir Andrés og nefnir sem dæmi úr íslenskri dómaframkvæmd að framkvæmdastjóri lífeyrissjóðs hafi verið dæmdur fyrir umboðssvik þegar hann gekk gegn heimild sinni og veitti lán til útlends aðila án trygginga.

„Í ritgerðinni fjalla ég ítarlega um hin hlutlægu og huglægu skilyrði brotsins, m.a. reyni ég að lýsa því hvernig dómstólar hafa metið hvenær skilyrðið um misnotkun er uppfyllt og hvaða starfsmenn lögaðila geti samþykkt háttsemi sem beinist að lögaðilanum. Tilraunir til slíks hafa ekki verið gerðar hérlandis eftir því er ég best veit," bætir hann við og bendir á að rannsóknir á ákvæðinu kunni að hafa mikið raunhæft gildi á næstunni. Þannig hafi fjöldi bankastjórnenda í Svíþjóð og Finnlandi verið sakfelldur eftir bankahrunið í þessum löndum á tíunda áratug síðustu aldar fyrir brot sem samsvara umboðssvikum, en þeir höfðu veitt stór lán án trygginga. Að sögn Andrésar kviknaði hugmyndin að verkefninu er hann tók þátt í námskeiðinu Fjármuna- og efnahagsbrot í meistaranámi sínu við Lagadeild.

Leiðbeinandi: Ragnheiður Bragadóttir, prófessor við Lagadeild.



FJÖR OG FRÆÐI í Háskóla unga fólksins



Háskóli unga fólksins fer ekki bara fram í kennslustofunum því í hádeginu fara krakkarnir í leiki á háskólasvæðinu og auðvitað er alltaf glampandi sól þá daga sem Háskóli unga fólksins starfar.

Háskóli unga fólksins nýtur æ meiri vinsælda en fullbókað var í skólann í fyrravor og var sérstakur sjónvarpsþáttur gerður um þetta framlag Háskóla Íslands til vísindamiðlunar.





Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra var í stórum hópi kennara við Háskóla unga fólksins en hún fræddi nemendur um áhrif íslenskra dægurlagatexta. Hún fékk krakkana til að taka undir í lögum Bubba Morthens og fleiri íslenskra listamanna.



Á meðal þess sem nemendur fengu að kynnst í Háskóla unga fólksins var sagnfræði, eðlisfræði, læknisfræði, fornleifafræði, lögfræði, kynjafræði, verkfræði, stjórnmálafræði, kínverska, sálfræði, blaðamennska, stjórnufræði og auðvitað nýsköpun. Þetta eru allt greinar sem njóta mikilla vinsælda í Háskóla Íslands.



Háskóli unga fólksins fylgir sumarkomunni í HÍ en þá mæta á fjórða hundruð krakkar á aldrinum 12 til 16 ára í Háskólann til að nema fjölbreytt fræði í heila viku.



Unga fólkid fyllti velfestar byggingar á Háskólasvæðinu með glæðværd sinni og ákefð í að nálgast þekkingu.



Helga Dögg Flosadóttir, doktorsnemi í Raunvísindadeild Áhrif geislunar á erfðæfni

Fram hefur komið í rannsóknum að geislun getur leitt til stökkbreytinga, sem geta síðan leitt til krabbameins. Helga Dögg Flosadóttir, doktorsnemi í eðlisefnafræði, segir að nýlega hafi verið sýnt fram á að rafeindir með mjög lága orku geti brotið DNA-þráð (erfðæfni), en þær myndast alltaf í frumuvef sem er útsettur fyrir háorkugeislun. Í rannsókninni mun hún og samstarfsmenn hennar skoða samverkan rafeindanna við sameindirnar og áframhaldandi örlög þeirra. Markmiðið með verkefninu er að ákvarða hvernig DNA-byggingareiningar brotna niður ef þær verða í vegi fyrir rafeindum með mjög lága orku. „Við viljum þekkja allar helstu niðurbrotisleiðir og umraðanir vegna rafeindanna,“ segir Helga.

„DNA-keðjur eru mjög stórar en þær eru í grunninn búnar til úr einungis fáum mismunandi einingum. Við höfum skoðað áhrif geislunar á hverja einingu og nokkrar samsettar. Þannig getum við auðveldar ákveðið hvaða niðurbrot og/eða umraðanir eiga sér stað í löngum keðjum.

„DNA-KEÐJUR ERU MJÖG STÓRAR EN ÞÆR ERU Í GRUNNINN BÚNAR TIL ÚR EINUNGIS FÁUM MISMUNANDI EININGUM“

Með þessari aðferð búum við til nokkurs konar gagnagrunn sem auðveldar allar rannsóknir á niðurbroti erfðæfnisins sjálfs í framtíðinni.“

Frá umhverfinu kemur stöðugt magn geislunar. Hluti þeirrar geislunar hefur ekki næga orku til þess að geta valdið skaða (s.s. örbylgjur). Sá hluti sem er skaðlegur kemur m.a. að frá geislavirkum efnum, sólarljósi, ljósalömpum o.fl. Þess má geta að ljósalampar hafa verið flokkaðir sem krabbameinsvaldandi í Bretlandi og þykja því jafn skaðlegir og sigarettur. Það er nauðsynlegt að þekkja áhrif þessarar geislunar á erfðæfni okkar. Þar að auki er háorkugeislun notuð til krabbameinslækninga þar sem henni er ætlað að drepa krabbameinsfrumuvef. Með því að reikna með áhrifum rafeindanna sem myndast í frumuvefnum þegar hann er geislaður með háorkugeislun er hægt að auka nákvæmni á geislaskömmtum og minnka þannig áhættu á óþarfa skemmdum heilbrigðs vefjar umhverfis æxlið.

Leiðbeinandi: Oddur Ingólfsson, prófessor við Raunvísindadeild.



Marie Keiding, nýdoktor frá Jarðvísindadeild

Að skilja krafta jarðarinnar

„Ég hóf nám í jarðeðlisfræði vegna mikils áhuga á áhrifum jarðskorpuflekanna á mótun yfirborðs jarðarinnar,“ segir Marie Keiding, sem er nýdoktor í jarðeðlisfræði. Hún nefnir að Ísland sé kjörið til að læra framvindu og yfirborðsbreytingar sem eiga sér stað á mótum Norður-Amerikuflekans og Evrasíuflekans.

Megintilgangur rannsóknarinnar var að auka þekkingu á flekamótunum á Reykjanesi. Mest áhersla var lögð á að meta yfirborðsbreytingar. Notaður var GPS-staðsetningarbúnaður og önnur svipuð tæki. Einnig voru rannsakaðar yfirborðsbreytingar í nánasta umhverfi jarðhitasvæðakerfa, til dæmis breytingar sem urðu vegna framkvæmda við Reykjanesvirkjun árið 2006.

„Meginniðurstöðurnar sýna að yfirborðsbreytingar og jarðskjálftar samrýmast hnattrænum flekahreyfingarmódelum. Síðastliðna tvo áratugi hafa yfirborðsbreytingar á flekaskilum verið í samræmi við landmótun yfir langt tímabil vegna reks á Norður-Amerikuflekanum og Evrasíuflekanum. Staðbundin frávik sjást oft í nágrenni við jarðhitakerfi á Reykjanesi, bæði af náttúru- og mannavöldum,“ segir Marie.

„Við jarðeðlisfræðingar höfum mikinn áhuga á að skilja kraftana sem valda landmótun á flekaskilum, á gliðunarmótum eins og á Reykjanesi, sem og á annars konar flekamótum. Jarðskjálftarannsóknir á svæðinu eru líka mjög mikilvægar vegna nálægðar við höfuðborgarsvæðið. Yfirborðsbreytingar umhverfis jarðhitakerfi geta veitt dýrmætt innsæi í eðli kvikuhólfa, sem er sérlega áhugavert fyrir fyrirtæki sem nýta jarðhita til orkuframleiðslu.“

Leiðbeinandi: Þóra Árnadóttir, sérfræðingur við Jarðvísindastofnun.

Nýsköpun í HÍ

Samhæfð ritvilluleit

Hugbúnaður til að leiðrétta texta betur en áður hefur verið gert hefur verið í þróun innan HÍ en verkefnið heitir Samhengisháð ritvilluleit. Flest villuleitarforrit skoða aðeins einstök orð og meta hvort þau séu rétt rituð. Verulegur hluti stafsetningarvillna felst þó ekki í því að orðmyndir séu rangar, heldur að leyfilegar orðmyndir séu á óleyfilegum stöðum. Slíkar villur er ekki hægt að greina nema skoða orðamynstur, málfræðimynstur og orðastæður, nýta tíðniupplýsingar og tölfræðileg líkön. Þetta gerir samhengisháða ritvilluleitin. Verkefnið er leitt af Eiríki Rögnvaldssyni, prófessor í íslenski málfræði við HÍ, en þeir Skúli Bernhard Jóhannsson, meistaranemi í hugbúnaðarverkfæræði, og Anton Karl Ingason, nemi í íslensku og málvísindum, hafa unnið meginhluta verksins.

Endurnýjanleg orka

Íslendingar eru leiðandi í nýtingu endurnýjanlegrar orku en þar er um að ræða árangur sem náðst hefur með samstarfi orkufyrirtækja og vísindamanna m.a. við Háskóla Íslands á sviðum jarðvísinda, orkuvísinda, umhverfisvísinda og verkfræði. Rúmlega 80% af allri orku sem notuð er á Íslandi er endurnýjanleg. Í flestum nágrannalöndum okkar er hlutfall endurnýjanlegrar orku aðeins örlítið brot af þessu. „Á þessu sviði höfum við mikilvægt forskot að verja og getum nýtt það jafnt í þágu okkar eigin samfélags og í þágu annarra við að leysa eitt brýnasta viðfangsefni 21. aldarinnar: leit og nýtingu endurnýjanlegrar orku,“ segir Kristín Ingólfssdóttir, rektor Háskóla Íslands.

Samvinna HÍ og Landspítalans

Samvinna Háskóla Íslands og Landspítalans við uppbyggingu menntunar í heilbrigðisvísindum, þekkingaröflunar og nýsköpunar hefur átt mikilvægan þátt í að skipa íslenski heilbrigðisþjónustu í fremstu röð í heiminum. Gríðarlega öflugt vísindasamstarf Háskóla Íslands og Landspítalans hefur leitt til aukins skilnings á orsökum, meðhöndlun og forvörnum gegn sjúkdómum og leitt til betri umönnunar sjúklinga og samskipta við aðstandendur.



KOLTVÍOXÍÐ BUNDIÐ

Háskóli Íslands hefur í nokkur ár verið þátttakandi í svokölluðu CarbFix-verkefni, sem er fjölþjóðlegt samstarfsverkefni Háskóla Íslands, Orkuveitu Reykjavíkur, Rannsóknaráðs Frakklands í Toulouse og Columbia-háskóla í Bandaríkjunum. Verkefnið snýst um að beisla koltvísýring sem kemur frá Hellisheiðarvirkjun.

„Verkefnið er mikilvægt því við verðum að leita leiða til að minnka útstreymi koltvísýrings með því að binda hann og einnig að minnka losun með breyttum lífnáðarháttum, til þess að komast hjá loftslagsbreytingum,“ segir Sigurður Reynir Gíslason rannsóknarprófessor en jarðvísindamenn Háskóla Íslands hafa starfað við verkefnið undir hans stjórn ásamt 10 doktors- og meistaranemum.

„CarbFix-verkefnið er eitt það fyrsta í heiminum þar sem koltvísýringur er dælt niður í jarðlög og hann bundinn sem steinn. Þessi aðferð verður líklega ekki stórtækasta aðferðin sem þekkt er en sennilega sú öruggasta,“ segir Sigurður Reynir.

Binding koltvísýrings í formi steintegundar

í basalti er vel þekkt náttúrulegt ferli á jarðhitasvæðum. Þegar kvika storknar losnar koltvísýringur og berst upp í jarðlögin. Hluti af koltvísýringnum losnar út í andrúmsloftið um gufuaugu og hveru og hluti þess hvarfast við magnesíum, járn og kalsíum í basalti og myndar svokallaðar karbónatsteindir. Þannig hefur koltvísýringur verið bundinn á náttúrulegan hátt sem steind í þúsundir ef ekki milljónir ára á jarðhitasvæðum.

Ráðgert er að leysa koltvísýringur upp í vatni undir þrýstingi og dæla vökvannum niður á 400 til 800 metra dýpi um borholu í útjaðri jarðhitakerfisins. Þetta verður gert þar sem taldar eru mestar líkur á að koltvísýringurinn hvarfast við basaltið. Að nokkrum tíma liðnum er talið að steindir eins og kalsít falli út í holrými bergsins.

Nú í haust var haldin fjölsótt alþjóðleg ráðstefna í Hellisheiðarvirkjun um verkefnið þar sem fjölmargar aðferðir á bindingu koltvísýrings voru kynntar en þar vakti íslenska aðferðin mikla athygli.

Skarphéðinn Halldórsson, doktorsnemi í Líf- og umhverfisvísindadeild

Náttúrulegar varnir lungnaþekju efdar!

„Ég vil skilja betur hvernig náttúrulegum vörnum lungnaþekjunnar er stjórnað, hvernig efla megi varnir með lyfjagjöf og hugsanlega berjast gegn sýkingum án notkunar hefðbundinna sýklalyfja,“ segir Skarphéðinn Halldórsson, doktorsnemi í líffræði. Hann er í rannsóknahóp með líffræðingum og læknum.

Yfirborð líkamans, húðin, meltingarvegurinn og lungnaþekjan búa yfir ákveðnum varnareiginleikum. Þessi líffæri hindra óheftan aðgang sýkla að líkamanum. Varnirnar eru tvíþættar. Annars vegar hindrar bygging líffæranna þennan aðgang og hins vegar er um að ræða kemiskar varnir sem hindra vöxt sýkla á yfirborði líkamans.

„Kveikjan að verkefninu er sú hugmynd að lyfjagjöf geti haft áhrif á þessar varnir í lungnaþekjunni, hjálpað þekjunni að hjálpa sér sjálfri,“ segir Skarphéðinn. Rannsóknin tekur á ört vaxandi vandamáli, sem er lyfjaónæmi margra sýkla. Einnig mætti hugsa sér að nýta sér niðurstöður gegn erfiðum sýkingum sem hefðbundin sýklalyf vinna illa á. Skarphéðinn bendir á að rannsóknirnar séu á grunnstigi og erfiðt sé að sjá fyrir hvert þær leiða. Þær muni vonandi gagnast við áframhaldandi rannsóknir um tengd efni.

Leiðbeinandi: Guðmundur Hrafn Guðmundsson, prófessor í Líf- og umhverfisvísindadeild.





Háskólasetrið Snæfellsnesi

KRÍAN Í KREPPU

Háskólasetrið Snæfellsnesi er sjálfstætt starfandi rannsókn- og fræðasetur en er engu að síður hluti af Háskóla Íslands.

Setrinu er einkum ætlað að efla rannsóknatengda starfsemi á Vesturlandi í samvinnu við innlendir og erlendar vísindastofnanir, fyrirtæki, félagasamtök og einstaklinga. Áhersla er lögð á rannsóknir á sérstæðri náttúru Breiðafjarðar, Snæfellsness og norðanverðs Faxaflóa. Forstöðumaður setursins er dr. Jón Einar Jónsson dýravistfræðingur.

Háskólasetrið hefur aðallega sinnt fuglarannsóknnum og er þá einkum horft til lífríkis Breiðafjarðar og Snæfellsness. Starfsmenn setursins sinna einnig kennslu við HÍ og Landbúnaðarháskóla Íslands.

Hjá setrinu eru nú tvö verkefni unnin til doktorsprófs. Rannsókn Freyðísar Vigfúsdóttur á kríunni er unnin í samstarfi við East Anglia háskólann og Náttúrufræðistofnun Íslands. Síðastliðin ár hefur varp kríu beðið mikinn hnekki en sandsíli er helsta fæða kríunnar. Stofn sandsílis

við Íslandsstrendur virðist hafa hrunið með voveiflegum afleiðingum fyrir kríuna og reyndar fleiri fuglategundir. Markmið rannsóknarinnar er því að kanna varþætti kríu og tengja þá við fæðuframboð.

Hitt verkefnið er rannsókn Þórðar Arnar Kristjánssonar á æðarfuglinum sem unnin er í samstarfi við Háskóla Íslands. Markmið rannsóknarinnar er að kanna tengsl loftslagsbreytinga og stofnstærðar æðarfugls og skoða breytingar á stofni með hliðsjón af breytileika á gæðum búsvæða.

Báðar þessar rannsóknir eru unnar í samvinnu við heimamenn og hafa að markmiði að auka þekkingu á lítt rannsökuðum fuglategundum hérlendis. Æðarfuglinn og krían tengjast náið mannlífinu á Snæfellsnesi en á Rífi er eitt stærsta kríuvarp heims. Dúntekja frá æðarfugli er einnig snar þáttur í tejuöflun bænda við Breiðafjörð og því geta þessar rannsóknir skipt verulegu máli fyrir afkomu þeirrar búgreinar.



Gerður G. Óskarsdóttir, forstöðumaður Rannsóknarstofu um þróun skólastarfs Starfshættir í grunnskólum

Rannsókninni „Starfshættir í grunnskólum“ var hleypt af stokkunum í haust. Meginmarkmiðið er að gefa yfirsýn yfir núverandi starfshætti í íslenskum grunnskólum með áherslu á þróun í átt til náms við hæfi hvers og eins. Verkefnið er þverfaglegt og unnið í nánu samstarfi hóps fræðimanna og aðila úr atvinnulífinu. Áætluð lok eru 2011 og vegna umfangsins var stofnuð ný rannsóknarstofa við Menntavísindasvið Háskóla Íslands sem fengið hefur nafnið Rannsóknarstofa um þróun skólastarfs. Forstöðumaður stofunnar er Gerður G. Óskarsdóttir en hún er einnig verkefnisstjóri rannsóknarinnar.

„Þeir skólar sem beðnir voru um að taka þátt í rannsókninni voru dregnir út,“ segir Gerður. Um er að ræða 20 skóla á Akureyri, Vesturlandi, Reykjanesi og í Reykjavík. Í hverjum grunnskóla er farið í alla 5. bekki. Spurningakannanir eru lagðar fyrir, niðurstöður samræmdra prófa athugaðar, skrifleg gögn frá skólum og öðrum opinberum aðilum könnuð og tekin víðtöl við einstaklinga og hópa, bæði kennara, nemendur og stjórnendur. Til að mynda umgjörð um rannsóknina er notað matstæki um þróun starfshátta í grunnskólum um einstaklingsmiðað nám sem Menntasvið Reykjavíkurborgar gaf út árið 2005.

Vonast er til þess að skólarnir nýti sér niðurstöður til að þróa skólastarf í framtíðinni við sjálfsmat og sem umgjörð um umbótastarf. Gerður segir að stjórnendur skóla og sveitarfélög séu áhugasöm og hópurinn sem að rannsókninni komi vilji hjálpa þeim að nýta niðurstöðurnar því ekki er mikil hefð fyrir því í menntunargeiranum að byggja á niðurstöðum rannsókna.

Fáar rannsóknir á starfsháttum í grunnskólum eru fyrirbyggjandi hér á landi og engin jafn víðtæk og þessi, telur Gerður.



Háskólasetur Suðurnesja, Sandgerði

Nýr landnemi við Ísland

Við Háskólasetur Suðurnesja í Sandgerði fara fram margvíslegar rannsóknir sem tengjast lífríki sjávar og fuglum. Sérstök áhersla er á rannsóknir á áhrifum mengandi efna á sjávarlífverur.

Óskar Sindri Gíslason vinnur um þessar mundir meistaraverkefni sitt í sjávarlíffræði við setrið. Verkefnið nefnist: „Grjótkrabbi við Ísland: uppruni og lífuproskun með samanburði við bogkrabba og trjónukrabba.“

Óskar segir grjótkrabbann vera nýjan landnema við Ísland. „Hann fannst fyrst árið 2006 í Hvalfirði og var það fyrsti staðfesti fundur tegundarinnar utan N-Ameríku. Grjótkrabbinn er algengur í Hvalfirði en fullorðnir einstaklingar hafa einnig fundist í Kollafirði, Skerjafirði og vestur í Breiðafirði. Kvendýr með egg og mikið magn lirfa í svifi sýnir ótvírætt að krabbinn er farinn að fjölga sér á Íslandsmiðum.“

Grjótkrabbann virðist ganga vel í lífsbaráttunni og fjölga sér ört. „Miðað við aðrar algengar krabbategundir í Hvalfirði eins og bogkrabba og trjónukrabba, sem eru í samkeppni við grjótkrabba um fæðu og búsvæði, þá er grjótkrabbinn ráðandi hvort sem lítið er til fullorðinna einstaklinga eða lirfa. Athuganir á erfðabreytileika íslenska stofnsins benda til þess að grjótkrabbinn hafi borist hingað frá Halifax eða Nýfundnalandi í Kanada. Tiltölulega hár erfðabreytileiki í samanburði við stofna í



Kanada, ásamt vaxtarhraða íslenska stofnsins, gefi til kynna að hann sé lífvænlegur og geti þrífist vel við Ísland.“

Verkefni og námskeið í tengslum við Háskólasetur Suðurnesja eru fjölbreytt. Innlendir jafnt sem erlendir vísindamenn og nemendur hafa nýtt sér aðstöðuna í Sandgerði við rannsóknir. Umfangsmiklir þættir verklegar kennslu í eiturefnavistfræði og sjávarvistfræði við HÍ fara að auki fram í Sandgerði.

Leiðbeinandi: Halldór Pálmar Halldórsson, sjávarlíffræðingur og forstöðumaður Háskólaseturs Suðurnesja og Jörundur Svavarsson, prófessor í sjávarlíffræði.



Rannsóknasjóður Ingibjargar R. Magnúsdóttur

„Nú verðum við bara að safna, stelpur!“

Hugmyndin að Rannsóknasjóði Ingibjargar R. Magnúsdóttur kviknaði hjá Ingibjörgu árið 2006 þegar Háskóli Íslands setti sér það markmið að komast í röð 100 bestu háskóla í heimi. Ingibjörg sá að fræðasvið skólans þyrftu að efla rannsóknir til að ná þeim áfanga og að styðja þyrfti af meiri krafti við doktorsnema. Sjálf lagði hún fram eina milljón króna við upphaf söfnunaráttaksins og hvatti aðra til dáða á sinn einstaka hátt: „Nú verðum við bara að safna, stelpur!“

Rannsóknasjóðurinn var svo stofnaður árið 2007. Tilgangur sjóðsins er að efla rannsóknir í hjúkrunar- og ljósmóðurfræðum. Tvívegis hefur verið veittur styrkur úr sjóðnum til fjögurra doktorsverkefna.

Að sögn Ingibjargar hefur mikið starf verið unnið innan Hjúkrunarfræðideildar til að safna fé í sjóðinn: „Fólk hefur gaman að því að taka þátt og leggja mikilvægu málefni lið,“ segir Ingibjörg og bætir við: „Háskóli Íslands er metnaðarfull stofnun og hver sjóður leggur sitt af mörkum til að Háskólinn nái því verðuga markmiði sem hann hefur sett sér.“

Ingibjörg var námsbrautarstjóri í hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands og skrifstofustjóri í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu. Hún hefur verið einn ötulasti talsmaður þróunar hjúkrunarmentunar á Íslandi og var ein þeirra sem stóð að stofnun námsbrautar í hjúkrunarfræði árið 1973.

Rannsóknastofnun í hjúkrunarfræði stóð að stofnun sjóðsins ásamt Ingibjörgu. Aðrir sem lögðu fram stofnfé voru Glitnir, Ljósmæðrafélag Íslands og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, auk fjölmargra einstaklinga.

GÓBELÍNOFINN STÓLL





Inga Þórsdóttir, forseti Matvæla- og næringarfræðideildar

Útskorin íslensk vegghillla, stóll í endurreisnarstíl og prófabók eru meðal þeirra hluta sem prýða skrifstofu Ingu Þórsdóttur, prófessors í næringarfræði og forseta Matvæla- og næringarfræðideildar.

„Hér hef ég verið í nær 20 ár og hér líður mér vel þrátt fyrir plássleysið,“ segir Inga. Landspítalinn á þetta gamla uppgerða hús sem stendur við Eiríksgötu og hýsir hluta rannsóknarstofu í næringarfræði á vegum Landspítalans og Háskólans.

Á austurvegg í augnhæð hangir gömul útskorin vegghillla úr lerk. Hillan er erfðagripur sem ömmusystir Ingu skar út í byrjun síðustu aldar. „Gamli hlutir skapa notalegt andrúmsloft og þess vegna hengdi ég hana upp á skrifstofunni,“ segir Inga. Útskurðurinn á undirstöðu hillunnar einkennist af bogadregnum línunum og fyrir miðju er

inngreiptur kringlóttur platti með mynd af tveimur sonum Ingu barnungum á nærfötunum einum klæða. Í dag eru þeir 15 og 17 ára.

Á hillunni stendur bolli með áletruninni „Liberty,“ og „New York“. Þennan bolli keypti Inga í Bandaríkjunum árið 2006 á meðan hún var í rannsóknaleyfi í Harvard háskóla. Á hillunni eru fimm smágerðar myndir eftir íslenskan listamann austan af landi. Myndirnar sýna sauðfé, blóm, tómat, rauða papriku, jarðarber og stikilsber og eru í handgerðum trérömmum.

Forláta góbelínofinn stóll í endurreisnarstíl frá heimili Ingu stendur framan við skrifborðið. „Þessi er kallaður stúdentastóllinn og tileinkaður þeim sem koma í heimsókn. Hann er svo stór að hann rúmar hæglega tvo stúdenta ef svo ber undir. Stóllinn er að sjálfsgöðu heiðursstóll fyrir nemendur enda er mikilvægt að sýna þeim virðingu.“

Skrautrituð prófabók liggur opin á kringlóttu borði í miðju herbergi. „Í þessari bók er lýst öllum doktorsvörnum í matvæla- og næringarfræði frá stofnun deildarinnar árið 2008. „Bókin er stáss deildarinnar og er í minni vörslu á meðan ég er deildarforseti.“

Fjöreggið nefnist skúlpútur sem gerður er úr steini og stendur á gluggasýllunni. „Fjöreggið er viðurkenning Matvæla- og næringarfræðingafélagsins sem ég fékk fyrir nokkrum árum, fyrir frumkvöðlastörf í næringarfræði.

Við hliðina á Fjöregginu stendur borðfáni sem á er einkennismerki evrópsks rannsóknarverkefnis sem Inga stýrði. „Fjórir hópar unnu að þessu verkefni sem snerist um fjölbreytt hollustuáhrif þess að neyta fisks.“



Jóhanna Bernharðsdóttir,
doktorsnemi við Hjúkrunarfræðideild

SÁL RÆN LÍÐAN KVENSTÚDENTA

Ég hef lengi haft áhuga á geðheilbrigði kvenna og forvörnum þar að lútandi. Þegar ég var í meistaranámi við Minnesota-háskóla var prófessorinn minn, Verona Gordon, að vinna að meðferð fyrir þunglyndar konur. Hún byggði hana m.a. á hugrænni atferlismeðferð sem þá var að ryðja sér til rúms. Þessi nálgun átti síðan eftir að skila góðum árangri," segir Jóhanna Bernharðsdóttir, lektor og doktorsnemi við Hjúkrunarfræðideild. „Sjálf beini ég sjónum að sálrænni vanlíðan sem vísar til þunglyndis- og kvíðaeinkenna án þess að um sjúkdóm sé að ræða. Mér finnst afar mikilvægt að

**„ÉG HEF ÞÆR VÆNTINGAR
AÐ NIÐURSTÖÐURNAR VARPI
LJÓSI Á SÁL RÆNA LÍÐAN
ÍSLENSKRA KVENSTÚDENTA“**

við þróum leiðir til að greina og grípa inn í slíka líðan m.a. til að koma í veg fyrir að sjúklegt ástand þróist.“

Tilgangur rannsóknarinnar er tvíþættur að sögn Jóhönnu; annars vegar að kanna tíðni sálrænnar vanlíðunar meðal kvenstúdenta við Háskóla Íslands og hins vegar að þróa og forþróa forvarnanámskeið til að efla geðheilbrigði og koma



í veg fyrir þróun frekari vanlíðunar. „Ég hef þær væntingar að niðurstöðurnar varpi ljósi á sálræna líðan íslenskra kvenstúdenta og hvaða þætti sé mikilvægt að vinna með til að koma í veg fyrir þróun vanlíðunar eða jafnvel sjúkdóma," segir Jóhanna, sem vonar að rannsóknin verði innlegg í geðheilbrigðisþjónustu og forvarnir sem hægt verði að bjóða upp á í framtíðinni fyrir námsfólk. „Aukin vísindaleg þekking á þáttum sem kunna að hafa áhrif á geðheilbrigði þessa hóps og mat á árangri forvarna gæti bæði nýst vísindasamfélaginu og almenningi.“

Leiðbeinendur: Rúnar Vilhjálmsson, prófessor við Hjúkrunarfræðideild, og Jane Dimmitt Champion, aðstoðarprófessor við University of Texas.



Margrét Gísladóttir,
doktorsnemi við
Hjúkrunarfræðideild
**Fjölskyldan
og átröskun**

„Tilgangur doktorsrannsóknar minnar er að hanna árangursríkt meðferðarform fyrir fjölskyldur unglunga með átraskanir. Gerður verður samanburður á hóp fjölskyldumeðferð og einstaklingsfjölskyldumeðferð. Bornar verða saman niðurstöður á spurningalistum sem notaðir verða fyrir og eftir meðferð. Þátttakendur í rannsókninni verða foreldrar unglunga sem sækja meðferð á göngudeild Barna- og unglíngageðdeildar, BUGL, og í Prismu, miðstöð fyrir átraskanir," segir Margrét Gísladóttir, geðhjúkrunar- og fjölskyldufræðingur á BUGL og doktorsnemi við Hjúkrunarfræðideild. „Í hóp fjölskyldumeðferð fá foreldrar fræðslu- og stuðningsmeðferð í fimm skipti og einstaklingsfjölskyldumeðferð fer fram í meðferðarsamræðum fyrir fjölskyldur (unglingur og foreldrar) í fimm skipti. Unglingurinn verður í meðferð með 12 sporunum í Prismu eða í hugrænni atferlismeðferð (HAM) á BUGL, eða vill ekki þiggja meðferð.“

Margrét segir mikilvægt að auka þjónustu við foreldra unglunga með átraskanir þar sem tíðni sjúkdómsins fer vaxandi. „Álitid er að hálf til tvö prósent kvenna greinist árlega með lystarstol og fjögur til sjö prósent kvenna með lotugræðgi, að hluta til eða að öllu leyti. Talið er að meðferð sem fjölskyldan tekur þátt í sé árangursríkari en sú sem hún tekur ekki þátt í og eru foreldrar álitnir meðal bestu stuðningsaðila fyrir barn eða unglíng með átröskun.“

Margrét vonast til að niðurstöður rannsóknarinnar leiði til þess að foreldrar verði betur í stakk búnir til að hjálpa börnum sínum í baráttunni við að vinna bug á sjúkdómnum og auka þannig batahorfur. „Það mun koma í ljós með rannsókninni hvernig meðferðarformin, hóp fjölskyldumeðferð og einstaklingsfjölskyldumeðferð, gagnast fjölskyldum unglunga með átraskanir og sem meðferðarúrræði sem fagaðilar geta tileinkað sér í baráttunni við sjúkdóminn, hvort sem er á heilsugæslustöð eða inni á sjúkrahúsi.“

Leiðbeinandi: Erla Kolbrún Svavarsdóttir, prófessor við Hjúkrunarfræðideild.



Phatsawee Jansook, doktorsnemi við Lyfjafræðideild

Örtækni gæti gjörbylt meðferð á augnsjúkdómum

Með auknum lífslíkum og vaxandi tíðni sykursýki meðal Vesturlandabúa hefur blinda vegna aldurstengdrar hröfnunar augnbotna og sykursýki farið sívaxandi og er nú algengasta ástæða blindu í þróuðum ríkjum,” segir Phatsawee Jansook, doktorsnemi við Lyfjafræðideild.

„Hvortveggja eru sjúkdómar sem herja á sjónhimnu og bakhluta augans. Það getur verið mjög erfitt að meðhöndla slíka sjúkdóma með hefðbundinni lyfjagjöf eins og augndropum. Þess vegna verður oft að sprauta lyfjunum beint inn í augað, sem getur verið áhættusamt og haft

í för með sér óþægindi fyrir sjúklinginn, auk þess sem aukaverkanir eru algengar. Markmið rannsóknarinnar er að ráða bót á þessu með þróun nýrrar örtækni til augnlyfjagjafar. Mynduð verða nanó- og mikrókorn úr sýklódestrín-fáskykrungum og öðrum hjálparefnum, sem munu, vegna smæðar sinnar og mikillar viðloðunar við slímhimnur, auka flæði lyfja inn í bakhluta augans og verður augnlyfjum komið fyrir í örögnunum.”

Phatsawee segir að þessi nýja tækni geti hugsanlega gjörbylt meðferð á ýmsum sjúkdómum í augnbotnum, sjónhimnu og sjóntaug. Ég vonast til að þær aðferðir sem við erum með í þróun

sýni fram á að hægt sé að nota sýklódestrín sem burðarefni við lyfjagjöf í auga og að unnt sé að nota þessa aðferð til að auka lyfjaflæði til bakhluta augans. Á þann hátt vonast ég til að hægt sé að mynda lyfjaforða í auganu. Þessi aðferð til lyfjagjafar getur vonandi leyst mörg vandamál tengd meðhöndlun sjúkdóma í bakhluta augans. Henni fylgja mun minni óþægindi fyrir sjúklinginn en öðrum aðferðum og minni aukaverkanir og getur vonandi fækkað þeim sem verða blindir af völdum sjúkdóma í bakhluta augans.”

Leiðbeinandi: Þorsteinn Loftsson, prófessor við Lyfjafræðideild.

Erna Sif Arnardóttir, doktorsnemi við Læknadeild

Svefntruflanir auka líkur á ýmsum sjúkdómum

„Svefn er mjög mikilvægur fyrir andlega og líkamlega heilsu. Flestir þurfa 7-8 tíma svefn á nóttu, en algengt er að fólk styttri svefntímann vegna anna og sofi einungis 4-6 tíma,” segir Erna Sif Arnardóttir, doktorsnemi við Læknadeild. Í doktorsverkefni sínu rannsakar hún kæfisvefn og áhrif svefntruflana á fólk.

„Margir Íslendingar eru greindir með kæfisvefn, svefnsjúkdóm sem einkennist af tíðum öndunarstoppum í svefni. Þegar svefnæði eru trufluð, hvort sem er vegna stytts svefntíma eða svefnsjúkdóms, aukast líkur á ýmsum fylgikvillum, t.d. hjarta- og æðasjúkdómum og sykursýki,” segir Erna Sif. „Rannsóknin er tvíþætt. Annars vegar skoðum við áhrif kæfisvefns á ýmis boðefni í blóði sem auka áhættu á hjarta- og æðasjúkdómum

í þeim tilgangi að skilja hvað aðgreinir þá sem eru með hækkun á þessum boðefnum og þá sem eru það ekki. Hins vegar rannsökum við heilbrigða einstaklinga sem þola svefnleysi vel eða illa í athyglisprófum. Við athugum hvort þeir sem standa sig illa í athyglisprófi eftir svefnleysi séu einnig verr til þess fallnir að þola svefnleysi líkamlega. Ein stór spurning er hvort þeir sem þola svefnleysi illa séu í aukinni áhættu á að fá hjarta- og æðasjúkdóma og aðra fylgikvilla stytts svefns.”

Erna Sif segir fyrstu niðurstöður sýna flókið samspil milli kæfisvefns og offitu, þannig að einstaklingar í kjörþyngd með kæfisvefn virðast betur varðir fyrir hjarta- og æðasjúkdómum en þeir sem eru í yfirþyngd. Einnig sjáum við í rannsóknum okkar ólík líkamleg viðbrögð við svefnleysi hjá



þeim sem þola það vel og þeim sem þola það illa skv. athyglisprófum.” Erna Sif segist vonast til að rannsóknin skili betri þekkingu á hlutverki svefns og einstaklingsbundnum mun á svefnþörf. „Á grunni slíkrar þekkingar má væntanlega veita einstaklingsbundna ráðgjöf um meðferð t.d. við kæfisvefni og jafnvel meta fyrirfram líkur þess að einstaklingur þoli svefntruflanir, t.d. næturvinnu.”

Leiðbeinendur: Þórarinn Gíslason, prófessor við Læknadeild HÍ og yfirlæknir Lungnadeildar Landspítala, og Allan I. Pack, prófessor við University of Pennsylvania og gestaprófessor við Læknadeild HÍ.



Ragnhildur Bjarkadóttir, meistaranemi í alþjóðsamskiptum við Stjórn málafræðideild

SAMNINGAHEGÐUN ÍSLENDINGA

Ef þú ert á bát sem er að sökkva eftir tvær mínútur, þá er enginn um borð sem getur bjargað þér eins og Íslendingur. Hann myndi finna 1000 leiðir til þess að taka af hurðina og hanga á henni. En ef hann ætti að búa til öryggisreglurnar fyrir bátinn, þá myndum við sökkva“ (forstjóri í íslensku stórfyrirtæki vorið 2007).

Frá árinu 2000 til 2007 varð áberandi á Íslandi fámennur hópur sem gjarnan var nefndur útrásarvíkingar og samanstóð af forstjórum, stjórnarmönnum og eigendum fyrirtækja sem stunduðu fyrirtækjakaup á erlendum vettvangi. Þessir aðilar skutust upp á stjörnuhimin og vöktu athygli fyrir herskáa framgöngu og óhefðbundnar leiðir í samningaviðræðum. Dagblöð heimshorna á

milli fjölluðu um íslensku leiðina í fyrirtækjarekstri og háttsettir embættismenn Íslands notuðu hvert tækifæri til að hylla þennan hugrakka hóp sem þorði af taka af skarið. Eins hratt og frægðarsól þeirra reis, varð fallið hátt og viðbrögð óvinveitt.

Til að fá örlitla innsýn í heim útrásarvíkinga í alþjóðlegum samningaviðræðum tók Ragnhildur Bjarkadóttir, meistaranemi í alþjóðsamskiptum, viðtöl við 16 manns sem skipuðu framvarðasveit íslensks viðskiptalífs. Viðtölin voru tekin á tímabilinu apríl 2007 til mars 2008. Markmið rannsóknarinnar var að bera saman og skilja hvernig samningamenn undirbyggja sig og upplifðu viðræður á alþjóðavettvangi og hvort sérislenskir þættir stæðu að baki samningaferli þeirra.

Við greiningu gagna var gengið út frá

hugmyndafræði félagslegrar mótunarhyggju. Hún felur meðal annars í sér að engin þekking sé algild heldur byggja viðmælendur upp huglæga merkingu út frá reynslu. Meðal þess sem kom í ljós var að hugmyndafræði íslenskra samningamanna var nokkuð svipuð og sérislensk einkenni töluvert áberandi.

„...Íslenskir athafnamenn í samningaviðræðum... ja...þú þarft að hafa einhvern sem er með sko... höfuðið í skjúnunum en báða fæturna á jörðinni“ (viðtal fyrir forstjóra í íslensku stórfyrirtæki, nóvember 2007).

Leiðbeinandi: Silja Bára Ómarsdóttir, aðjunkt við Stjórn málafræðideild.

Helena N. Wolimbwa, meistaranemi í félagsráðgjöf

„Langar bara að lifa eðlilegu lífi“

„Stjónarmið hælisleitenda þurfa að koma fram og taka með inn í umræðuna,“ segir Helena N. Wolimbwa sem hefur nýlokið meistaranemi um hælisleitendur á Íslandi.

Áhugi Helenu á fjölmenningu var kveikjan að verkefninu ekki síst vegna þess að faðir hennar, sem er frá Úganda, flúði til Danmerkur í lok áttunda áratugarins. „Málefni hælisleitenda í Íslandi hafa lítið verið rannsökuð þrátt fyrir fjölgun sl. 3 ár. Ég vona að rannsóknin nýtist við framtíðarstefnumótun í þessum málaflökki.“


Meistaraverkefni Helenu heitir „Mig langar bara að lifa eðlilegu lífi“ og vísar til svars eins

viðmælanda sem inntur var eftir því hvers hann vænti í framtíðinni. Hælisleitendur bíða oftast eftir úrskurði stjórnvalda í um eitt ár frá því að umsóknarferlið hefst en þess eru dæmi að það hafi tekið sex ár.

Vonir Helenu standa til þess að starfa í þessum málaflökki við rannsóknir eða þjónustu við hælisleitendur í framtíðinni. „Best er að hefja störf á vettvangi sem fyrst en síðar langar mig hiklaust til að halda áfram að rannsaka málefni innflytjenda,“ segir Helena einbeitt.

Leiðbeinandi: Guðný Björk Eydal, prófessor við Félagsráðgjafardeild.





Kristín Eiríksdóttir, doktorsnemi í umhverfishagfræði

VERÐMAT HEIÐMERKUR

Heimsóknum í Heiðmörk fjölgaði verulega eftir hrun bankanna haustið 2008,” segir Kristín Eiríksdóttir doktorsnemi í umhverfishagfræði sem rannsakar verðmat náttúrugæða í Heiðmörk. „Hrun bankanna olli því eflaust að íbúar höfuðborgarsvæðisins hafa minni fjárráð og sækja því í auknum mæli í Heiðmörk sem er í næsta nágrenni og tiltölulega ódýr kostur í afþreyingu.”

Verkefnið í Heiðmörk kom óvænt upp í hendurnar á Kristínu en rannsókninni er ætlað að leggja mat á verðgildi náttúru- og útivistarsvæða í Heiðmörk og er fjármögnuð af Rannís og eigendum Heiðmerkur, Garðabæ, Reykjavík, Orkuveitu Reykjavíkur og skógræktarfélagum sem eiga þar spildur.

„Íslendingar gera sér almennt ekki grein fyrir því að hægt sé að verðmeta umhverfið í krónum og aukum,” segir Kristín. „Þetta er fyrsta vísamikla rannsóknin af þessu tagi sem gerð hefur verið á Íslandi þótt svipaðar rannsóknir hafi tíðkast í tengslum við skipulagsmál í Bandaríkjunum og Evrópu í hálföld.”

Verðmat náttúrugæða er að vissu marki háð því hvaða aðferð er notuð. Kristín beitir fjölbreyttum rannsóknaraðferðum, t.d. ferðakostnaðaraðferð,



skilyrtu verðmætamati og valtilraunum til að auka réttmæti rannsóknarinnar. „Það er mikill misskilningur hjá vísindamönnum að henda fram einni verðmatstölu sem heilögum sannleik. Rannsóknin mun gefa eigendum Heiðmerkur tækifæri til að taka upplýstar ákvarðanir um framtíðar nýtingar- og verndunarmöguleika svæðisins.”

Aðspurð segist Kristín ekki vera umhverfissinni heldur hagfræðingur sem ber hag notenda fyrir brjósti og vill að hlutunum sé stjórnað á hagkvæman hátt.

Leiðbeinandi: Ragnar Árnason, prófessor í Hagfræðideild.



Svala Guðmundsdóttir, Viðskiptafræðideild Alþjóðavæðing og aðlögunarhæfni

„Það má segja að kveikjan að þessari rannsókn um menningaraðlögun hafi kviknað í doktorsnámi mínu í Bandaríkjunum,” segir Svala Guðmundsdóttir, aðjunkt í mannauðsstjórnun við Háskóla Íslands.

„Rannsóknir erlendra fræðimanna hafa leitt í ljós að erlendir starfsmenn og fjölskyldur þeirra eiga oft í verulegum erfiðleikum með að aðlagast menningu annarra landa, hvort sem um er að ræða lönd sem eru nálægt heimalandi eða ekki. Þeir starfsmenn eða fjölskyldur þeirra sem aðlagast illa koma gjarnan heim áður en umsömdu tímabili er lokið eða reyna að „þrúka”, eins og sagt er. Lengi vel var ég að velta fyrir mér hvort þetta ætti við um okkur Íslendinga og eftir þó nokkra umhugsun ákvað ég að skoða menningaraðlögun íslenskra útsendra starfsmanna sem starfa tímabundið í Norður-Ameríku. Skoðuð var almenn aðlögun, samskiptaadlögun og vinnuaðlögun, auk þess sem kannað var hversu lengi starfsmenn eru að ná upp fullum afköstum í starfi eftir flutning. Í ljós kom að starfsmenn aðlagast almennt séð vel nýjum húsakynnum og lífnaðarháttum í Norður-Ameríku en mun síður nýjum samskiptaháttum og vinnu.”

„Með tilliti til kostnaðar og þess tilgangs sem er að baki því að senda starfsmenn til starfa í útlöndum, eru þessar niðurstöður verulegt umhugsunarefni fyrir þau fyrirtæki sem þarna koma við sögu. Það væri því áhugavert að gera framhaldsrannsókn og skoða hvort þjálfun og frekari stuðningur við starfsmenn og fjölskyldur þeirra geti hjálpað til við aðlögunina og hugsanlega stýtt þann tíma sem það tekur fyrir starfsmann að ná upp fullum afköstum í starfi.”



Styrkhafi Þórsteinsjós 2009 Helga Theódóra Jónasdóttir „Var rosalega léleg í badminton!“

Helga Theódóra fæddist með afar sjaldgæfan hornhimnusjúkdóm og er einnig heyrnarskert. Þrátt fyrir það er Helga afburðanámsmaður og hefur hlotið viðurkenningar og styrki fyrir framúrskarandi námsárangur. Hún er nú nemi í sálfræði við Háskóla Íslands og stendur sig vel.

„Ég held að háu einkunnirnar séu sjónskerðingunni að þakka,“ segir Helga og brosir. „Ég fann það strax í æsku að ég þurfti að hafa meira fyrir hlutunum en aðrir og ákvað að leggja mig mikið fram.“

Helga segir það frábært hvað sjónskerðingin hafi truflað hana lítið „... þannig séð,“ bætir hún við. „Ég vildi ekki að þetta hefði áhrif á mig, ég er svo þrjósök, og gerði þess vegna hluti sem ég átti ekki að geta gert – til dæmis lærði ég á píanó, lagði stund á skíði og badminton. Ég fattaði samt eftir á hvers vegna ég var svona rosalega léleg í badminton,“ segir hún og hlær.

Helga fékk verðlaun í 5. bekk í Verzlunarskóla Íslands fyrir námsárangur og dúxaði svo þar á stúdentsprófi. „Það var mér alveg nauðsynlegt að fá þessi verðlaun í 5. bekk í Versló. Það skilaði sér í metnaði. Svo fékk ég hálfa milljón fyrir að dúxa þaðan; það get ég þakkað keppnisskapinu!“

Helga hefur unnið hvern sigurinn á fætur öðrum í náminu og hlaut styrk úr Afreks- og hvatningarsjóði stúdenta við HÍ síðastliðið vor.

„Ég hefði ekki farið strax í Háskólann en allir í kringum mig hvöttu mig til þess að sækja um styrk úr Afrekssjóðnum. Þegar ég fékk hann þá breyttust plönin og ég byrjaði strax í námi í HÍ.“

Í desember í fyrra hlaut Helga svo styrk úr Þórsteinsjóði en tilgangur sjóðsins er að styrkja sjónskerta og blinda nemendur til náms við Háskóla Íslands. „Þessi styrkur er mér enn frekari hvatning til að halda áfram námi og gefast ekki upp.“

Þegar Helga var sjö ára kom hingað breskur sérfræðingur og sagði að lækning væri ekki möguleg í hennar tilvik. Nýverið komst Helga hins vegar í kynni við bandarískan sérfræðing í hornhimnusjúkdómum, sem hefur gert á henni tvær aðgerðir. Árangur var nokkuð góður í aðgerð sem hann gerði á hægri auga fyrir réttu ári. Helga fór svo aftur til Bandaríkjanna í desember síðastliðnum þar sem aðgerð á vinstra auga var framkvæmd. Eftir nokkra mánuði kemur í ljós hvort hún hafi borið þann árangur sem vonast var til.

Hermann fluttur með forgangi á Háskólatorg

Sýndarsjúklingurinn Hermann er eitt fullkonnasta tækið sem Háskóli Íslands notar við kennslu. Hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands hefur Hermann innan sinna raða og fullyrða má að þessi kappi hafi slegið í gegn sem landsins besti sýndarsjúklingur.

Það vakti gríðarlega athygli á síðustu námskynningu þegar Hermann var fluttur á Háskólatorg í sjúkrabil með forgangsljósum. Fólk þusti að til að sjá hvað amaði að karlinum en hann var nú hreint ekki líflægur enda gerði Hermann sér upp hjartastopp í það skiptið.

Það tók bráðaliðana talsverðan tíma að

endurlífga Hermann en ljóst var á öllu að þarna fór afar samstillt teymi sjúkraflutningamanna sem síðan fékk aðstoð frá sérfræðingum af Heilbrigðisvísindasviði eftir að gervihjarta Hermanns var farið að slá.

Sýndarsjúklingurinn er afar flókið tæki en Hermann er eftirlíking af manni í fullri líkamsstærð. Hann getur meira að segja skipt um kyn og orðið að Hermínu þegar það hentar betur.

Koma Hermanns olli auðvitað byltingu í kennslu hjúkrunarfræðinema en með komu hans gefst tækifæri til æfinga og nemendur geta lært af mistökum sínum áður en farið er út á stofnanir.

Harðsperrur á ólíklegustu stöðum

Háskólansinn er dansfélag fyrir háskólanema sem er öllum opið gegn vægu gjaldi. Í boði eru tímar fyrir bæði byrjendur og lengra komna í Hip Hop, Boogie Woogie, Swing & Rock'n'Roll, Salsa, Contemporary (nú tímadans) og Lindy hop.

Blaðamaður student.is brá undir sig báðum dansfótum og sýndi snilldartakta:

„Hver hefur ekki horft á „So You Think You Can Dance“ og óskað þess að geta dansað svona. Blaðamaður gerði sér lítið fyrir og ákvað að skella sér í hip hop tíma hjá Háskólansinum

eftir kynningu þeirra á Háskólatorginu í byrjun september.

Ég sé alls ekki eftir því, enda ótrúlega skemmtilegur tími. Klikkaði reyndar á hettupeysunni, hefði pottpétt fundist ég meiri „thug“ þá, svo ég sletti nú aðeins.

Einnig er gaman að segja frá því að ég fékk harðsperrur á stöðum sem ég man ekki eftir að hafa fengið harðsperrur á áður. Snilldin ein.“

www.haskoladansinn.is/



HJARTSLÁTTUR STÚDENTALEIKHÚSSINS

8 0 ár eru nú liðin frá því að Stúdentaleikhúsið hóf starfsemi sína. Tímamótunum er fagnað með ýmsum hætti og innan tíðar frumsýnir leikfélagið verkið „Hjartslátt,“ sem tileinkað er litríkri sögu Stúdentaleikhússins. Fékk leikhúsið styrk til verkefnisins frá Evrópusambandinu, úr sjóðnum „Evrópa unga fólksins.“

Stúdentaleikhúsið hefur jafnan farið ótroðnar slóðir og hafa sýningar þess þótt ögrandi og frumlegar. Flestir félagar leikhópsins eru nemendur úr Háskóla Íslands. Leikhúsið einskorðast þó ekki við háskólanema, heldur er opið öllum sem hafa áhuga og vilja vinna að skapandi leikhúsi.

Á liðnum árum hefur Stúdentaleikhúsið tekið virkan þátt í viðburðum Háskóla Íslands, svo sem á Menningarnótt, með skrautlegum upptakomum og gjörningum.



Theódóra Torfadóttir, doktorsnemi við Íslensku- og menningardeild

Að vera að eða ekki vera að

„Ég er að athuga „vera að“ plús nafnhátt í íslensku, eins og „vera að leika sér“,“ segir Theódóra Torfadóttir um doktorsritgerðina sem hún er að vinna að um þessar mundir. Hún opnaði dyr sínar fyrir fréttamanni seint á desemberkvöldi og bauð inn í rúmgóða íbúð á Skólavörðuholtinu. Fyrir utan veifuðu stytturnar hans Einars.

- Þessi aukna notkun á að „vera að“ í málinu er áhugaverð.

„Já,“ en stundum er „vera að“ skyldubundið. Ég get ekki sagt við þig núna „hvað skrifarðu?“, það verður að segja „hvað ertu að skrifa?“ En það er nýtilkomið að þetta sé notað með sögnum sem tákna tilfinningu eða hugarástand. Það er

líka mikið notað í íþróttalýsingum eins og „þeir eru að leika vel.“

- Hvernig fer rannsóknin fram?

„Ég ber þessar breytingar saman við notkun sambandsins eða hliðstæðs sambands frá 13. öld og allt til dagsins í dag. Svo er ég líka að skoða sögulega þróun eða málbreytingar í setningagerð. Ég lauk við gagnaöflun árið 2007, en hún fór fram á vegum stærra verkefnis sem nefnist „Tilbrigði í setningagerð“ og var stýrt af hópi málfræðinga hér við háskólann. Nú er ég að vinna úr niðurstöðunum og geri ráð fyrir lokaskilum næsta sumar eða haust.“

- Ertu sjálf kannski að nota „að vera að“ í ríkari mæli en áður?



„Breytingarnar urðu meðan ég bjó erlendis. Mér finnst þetta ekki eðlilegur hluti af mínu máli og hef ekki tileinkað mér þær, en það er auðvelt að smitast.“

Leiðbeinandi: Höskuldur Þráinsson, prófessor við Íslensku- og menningardeild.





Giulia Troglio, doktorsnemi í rafmagns- og tölvuverkfræði

Reynir að koma í veg fyrir blindu

Giulia Troglio, sem er í doktorsnámi í rafmagns- og tölvuverkfræði við HÍ, segir að doktorsverkefni sitt snúist um þróun á tækni sem greini sjálfvirkt breytingar á illvígum augnsjúkdómum. Þessir sjúkdómar eiga það sameiginlegt að hafa áhrif á sýrnisflæði til augans.

„Rannsóknin snýst um sjálfvirka greiningu á tölvuljósmyndum sem teknar eru af augnbotnum sjúklinga,“ segir Troglio. „Þetta er gert með því að greina myndir sem teknar eru af sama auga sjúklings á ákveðnu tímabili. Fyrsta skrefið í greiningunni er að skrá myndirnar þannig að þær verði sambærilegar og bera þær síðan saman sjálfvirkt. Hafi breyting átt sér stað á tímabilinu gefur það hugsanlega til kynna afleiðingu sjúkdóms,“ segir Troglio.

Giulia Troglio hefur tekið þátt í að þróa aðferðir við myndun augnbotnanna en þær snúast m.a.

um að meta blóðþurrðarsjúkdóma í augnbotnum með stafrænni myndvinnslu. Tæknin hefur verið í þróun innan Háskólans og hjá sprotafyrirtækinu Oxymap í nokkurn tíma en Oxymap var stofnað af vísindamönnum í læknisfræði og rafmagnsverkfræði við Háskólann.

Giulia Troglio segir að augnlæknar fáist við mikinn fjölda mynda í daglegu starfi þannig að sjálfvirk greining á gríðarlegum fjölda mynda af augnbotnum einfaldi og stöðji sjúkdómsgreininguna. Með þessari tækni er ætlunin að fyrirbyggja afleiðingar augnsjúkdóma, grípa fyrir inn í og koma jafnvel í veg fyrir blindu.

Troglio er ítölsk, fædd í Genúa árið 1982, og lauk grunnnámi í Háskólanum í Genúa. Doktorsnám hennar fer fram í samvinnu Háskóla Íslands og Háskólans í Genúa. Verkefni hennar hefur vakið mikla athygli og fengið styrki, m.a. úr Rannsóknasjóði Háskólans. Aðalleiðbeinandi



Giuliu Troglio við Háskóla Íslands er Jón Atli Benediktsson, prófessor í rafmagns- og tölvuverkfræði og aðstoðarrektror vísinda og kennslu við HÍ. Aðrir leiðbeinendur eru Einar Stefánsson, prófessor í augnlæknisfræði við Háskóla Íslands, og Sebastiano Serpico, prófessor í rafmagnsverkfræði við Háskólann í Genúa.

Snjólaug Ólafsdóttir, meistaranemi í Umhverfis- og byggingarverkfræði

Hvert fer brennisteinsvetnið?

„Ég hef lengi haft áhuga á jarðvarmavirkjunum, áhuginn kviknaði við sumarvinnu hjá Rannsóknarsviði Orkustofnunar sem nú heitir ÍSOR,“ segir Snjólaug Ólafsdóttir, meistaranemi í Umhverfis- og byggingarverkfræðideild. Hún rannsakar magn og dreifingu brennisteinsvetnis frá jarðvarmavirkjunum. Rannsóknin heitir „Örlög brennisteinsvetnis frá jarðvarmavirkjunum“.

Snjólaug starfaði hjá Umhverfissviði Reykjavíkurborgar þegar mælingar hófust þar á brennisteinsvetni og þar vaknaði áhuginn á því að rannsaka gasið betur. Hún kannar hvað verður um efnið eftir losun þess í andrúmsloftið, hversu miklu rignir út eða oxast í andrúmsloftinu. Einnig kannar hún hvaða veðurbreytur hafa mest áhrif á styrk við jörð. „Ég vona að með niðurstöðum

rannsóknar minnar megi betur meta umhverfisáhrif jarðvarmavirkjana og þörf fyrir mótvægisáðgerðir og einnig hvaða mótvægisáðgerða hægt sé að grípa til.“

Leiðbeinandi: Sigurður Magnús Garðarsson, prófessor og forseti Umhverfis- og byggingarverkfræðideildar.



Eru Íslendingar jafn góðir í ensku og þeir látast vera?

Hulda Kristín Jónsdóttir, doktorsnemi í ensku við Deild erlendra tungumála

Í rannsókninni fjalla ég um stöðu enskunnar sem vinnu- eða samskiptamáls – „lingua franca” – í viðskiptaheiminum á Íslandi.

Rannsóknin er hluti af þverfaglegri rannsókn sem er styrkt af Rannís. Markmiðið er að kortleggja færni og enskunotkun Íslendinga, rannsaka hversu mikla og hvers konar þörf Íslendingar hafa fyrir enskukunnáttu í leik og starfi,” segir Hulda Kristín Jónsdóttir, doktorsnemi í ensku við Deild erlendra tungumála á Hugvísindasviði.

„Ástæðan fyrir því að ég tek þetta efni fyrir er reynsla mín innan viðskiptaheimsins. Undanfarin misseri hef ég kennt enska málnotkun innan fyrirtækja og einbeitt mér að sérsniðinni ráðgjöf og kennslu á ýmsum sviðum enskrar málnotkunar, svo sem framburðartileinkun og uppbyggingu virks orðaforða í ensku. Sú reynsla leiddi fljótt í ljós ákveðin einkenni orðaforða Íslendinga í viðskiptalífínu. Nemendur virtust ráða yfir nokkuð góðum grunnorðaforða auk fagorðaforða síns sérsviðs en virtust ekki hafa hnitmiðaðan orðaforða til skilvirkra og nákvæmra tjáskipta á valdi sínu. Spurningin sem ég leitast við að svara í ritgerðinni er: Er mælanlegur munur á orðaforðanotkun og tjáskiptatækni á ensku, milli þeirra sem hafa ensku að móðurmáli og þeirra sem nota ensku sem erlent mál?” segir Hulda Kristín.

„Mig langaði sérstaklega til að kanna málfærni Íslendinga í viðskiptalífínu í samhengi við upplifun fólks á eigin getu. Von mín er að niðurstöður í mínum hluta rannsóknarinnar gefi skýra mynd af færni Íslendinga í enskri málnotkun innan viðskiptalífsins og fylli þannig betur inn í þá heildarmynd sem öll rannsóknin tekur til,” sagði Hulda Kristín að lokum.

Leiðbeinandi: Birna Arnbjörnsdóttir, prófessor við Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda.

Allt frá miðöldum til netheima

Á Skagaströnd var nýlega sett á stofn Rannsóknna- og fræðasetur Háskóla Íslands á sviði sagnfræði. Er það fyrsta fræðasetur Háskólans á landsbyggðinni sem lýtur sérstaklega að hugvísindum.

Forstöðumaður er Lára Magnúsdóttir, sagnfræðingur, en hún sinnir einkum rannsóknum á afskiptum yfirvalda af siðferðismálum og pólitísku hlutverki kirkju.

„Rannsóknir mínar beinast nú að einstökum dómsmálum á síðmiðöldum, trúarlegum

bakgrunni refsiréttar, þróun hans við breytingar á trúaráherslum og sambandi kirkju og veraldlegra stjórnvalda eftir siðaskipti.”

Setrið sinnir einnig verkefnum í munnlegri sögu, en það er sú grein sagnfræði sem meðal annars fæst við hljóðupptökur.

„Áhersla verður lögð á að safna hljóðheimildum sem til eru í landshlutunum, skrá þær og gera aðgengilegar á Netinu. Sömmuleiðis verður aflað nýrra heimilda sem varða Norðurland vestra.”





Þrúður Gunnarsdóttir, sálfræðingur og doktorsnemi í lýðheilsuvísindum

Fjölskyldumeðferð fyrir of feit börn

Okkur langar helst að setja á fót móttöku eða göngudeild fyrir of feit börn þar sem boðið er upp á raunprófaða meðferð sem við vitum að virkar," segir Þrúður Gunnarsdóttir, doktorsnemi í lýðheilsuvísindum, sem stundar rannsóknir á þverfaglegri meðferð fyrir þennan hóp. „Hér á landi eru nánast engin úrræði í boði fyrir börn yfir kjörþyngd en vonandi hjálpa þessar rannsóknir okkar og niðurstöðurnar til að breyting verði þar á.“

Meðferðin á rætur að rekja til Bandaríkjanna. „Tilgangurinn með rannsókninni er að sýna fram

á að meðferðin, sem er sálfræðimiðuð, virkar líka hér á landi.“ Þrúður bauð 84 fjölskyldum meðferð og hefur því fylgst með þeim í tvö ár eftir að meðferðinni lauk. Niðurstöður sýna að meðferðin skiptir miklu máli fyrir líkamlegt ástand og líðan barnanna. Breytingar verða á líkamsþyngdarstuðli þeirra og líkamsástandi auk þess sem líðan breytist til batnaðar. Sama á við um foreldrana sem taka þátt.

Þrúður starfar náið með lækni og næringarfræðingi og íþróttfræðingar sáu um hreyfingartíma í meðferðinni. „Við notum aðferðir

sálfræðinnar til að hjálpa þátttakendum að tileinka sér heilsusamlegri lífshætti, hreyfa sig meira og neyta hollrar fæðu og svo leiðbeinum við þeim að takast á við ýmiss konar vanda. Þrúður stefnir á að verja doktorsverkefnið snemma á næsta ári.

Leiðbeinendur: Ragnar Bjarnason, sérfræðingur í efnaskiptasjúkdómum barna á Barnaspítala Hringins, Anna Sigríður Ólafsdóttir, lektor á Menntavísindasviði, og Urður Njarðvík, lektor við Sálfræðideild.

Vilmundur Guðnason, prófessor við Læknadeild

Íslensk rannsókn á hjartasjúkdómum ein sú mikilvægasta í heiminum

Vilmundur Guðnason, prófessor við Læknadeild HÍ, stýrði að hluta rannsókn sem valin var í hóp allra mikilvægustu rannsókna í fyrra á sviði hjarta- og heilasjúkdóma. Bandarísku hjartaverndarsamtökin stóðu að valinu en þau tilgreina árlega tíu bestu rannsóknir í heimi á sviði hjarta- og æðasjúkdóma og heilaáfalla.

Við rannsóknina komu fram gen sem stýra blóðþrýstingi hjá mönnum en grein um rannsóknina birtist í tímaritinu Nature Genetics í fyrravor.

Rannsóknin var unnin í samstarfi Hjartaverndar

og evrópskra og bandarískra vísindamanna. Vilmundur stýrði íslenska rannsóknarteyminu en hann er jafnframt forstöðulæknir Rannsóknarstöðvar Hjartaverndar.

Hjartaverndarsamtökin bandarísku njóta mikillar virðingar á heimsvísu og því er þessi niðurstaða mikilvæg viðurkenning á því starfi sem Hjartavernd hefur staðið fyrir í 40 ár. Þetta er einnig afar mikill heiður fyrir Vilmund Guðnason, íslenskt vísindasamfélag og Háskóla Íslands. Þetta sannar jafnframt mikilvægi þeirra rannsókna sem Hjartavernd sinnir á sviði hjarta- og æðasjúkdóma.







Sophie Jensen, doktorsnemi við Lyfjafræðideild

Geymir íslensk náttúra lyf við malaríu og krabbameini?

Í heiminum vaxa yfir sex þúsund tegundir soppmosa og aðeins hluti þeirra hefur verið rannsakaður m.t.t. efnainihalds og lífvirkni. Efni einangruð úr soppmosum hafa sýnt ýmiskonar áhugaverða lífvirkni og þess vegna eru þeir spennandi rannsóknarefni og gætu reynst uppspretta nýrra lyfjavirkra efnasambanda,” segir Sophie Jensen, doktorsnemi við Lyfjafræðideild. „Tilgangur rannsóknarverkefnisins er að finna og skilgreina ný lífvirk efnasambönd úr íslenskum soppmosum og rannsaka hemjandi áhrif þessara virku náttúruafurta á malaríusníkil og krabbameinsfrumur,” segir Sophie og bendir á að einungis örfáir íslenskir soppmosar hafi verið

rannsakaðir í þeim tilgangi að kanna innihaldsefni og lífvirkni þeirra. „Forkönnun, sem unnin var árið 2006 á extröktum fimm tegunda, sýndi að í þeim eru efni sem hafa sterk hemjandi áhrif á malaríusníkil.”

„Þróun nýrra malaríulyfja er lítil, sérstaklega ef tekið er mið af því að 300-500 milljónir manna smitast af malaríu árlega. Af þeim deyja um 1,5-2,5 milljónir af völdum sjúkdómsins, aðallega börn undir fimm ára aldri sem búa í þróunarlöndum. Það er því brýnt og bráðnaúðsynlegt að leitast við að finna og þróa ný og virk lyf gegn malaríu,” segir Sophie.

„Hvað varðar krabbameinshamlandi lyf, þá eiga

tveir þriðju þeirra rætur að rekja til náttúrunnar. Rannsóknir á náttúruafurta úr íslensku lífríki hafa sýnt að ný og spennandi náttúruafurta er þar að finna. Mörg þessara efnasambanda hafa vaxtarhemjandi áhrif á krabbameinsfrumur og eru því áhugaverð til frekari rannsókna,” segir Sophie. Hún vonast til að niðurstöður lífvirkniþrófana muni leiða í ljós hvort þessi efnasambönd reynist vænleg sem lyfjasprotar í þróun nýrra lyfja við malaríu, öðrum frumdýrasjúkdómum eða krabbameini. „Fyrstu vísbendingar eru jákvæðar og ýta undir að haldið verði áfram.”

Leiðbeinandi: Elín Soffía Ólafsdóttir, prófessor við Lyfjafræðideild.

Sjöfn Ágústsdóttir, doktorsnemi við Sálfræðideild

Skrifleg tjáning getur dregið úr streitu og vanlíðan

„Búast má við að um 230 karlar á Íslandi greinist með blöðruhálskirtilskrabbamein árið 2010 og að yfir 50 látist af völdum meinsins,” segir Sjöfn Ágústsdóttir, doktorsnemi í sálfræði, sem í doktorsverkefni sínu rannsakar áhrif skriflegrar tjáningar á líðan karla sem greinast með blöðruhálskirtilskrabbamein. „Yfir 75% þeirra sem greinast eru með staðbundið mein og koma ýmsir meðferðarvalkostir til greina. Sjúklingurinn er sjálfur þátttakandi við val á meðferð. Auk þess að takast á við áfallið sem getur fylgt því að greinast með krabbamein, þurfa karlarnir að innibyrða mikið af upplýsingum á stuttum tíma til að vera færir um að veita og meta meðferðarkosti, sem allir geta haft óþægilegar og langvarandi aukaverkanir í för með sér. Þetta ferli getur reynst

erfitt og skapað streitu. Í ljósi þessa er ekki að undra að blöðruhálskirtilskrabbamein geti haft í för með sér verulega sálræna streitu og skert lífsgæði.”

„Í rannsókninni verða kannaðar tilgátur um að sálræn og líkamleg líðan karla sem fá íhlutun með skriflegri tjáningu sé betri að þremur og sex mánuðum líðnum en þeirra sem ekki hafa fengið slíka íhlutun,” segir Sjöfn. „Auk þess verður kannað hvaða þættir hafa áhrif á það hverjir bregðast vel við íhlutuninni og hverjir ekki. Markmið rannsóknarverkefnisins er að koma fram með hagkvæma sálræna íhlutun til að draga úr vanlíðan og streitu hjá nýgreindum körlum.”

Sjöfn og samstarfsmenn hennar vænta þess að rannsóknin varpi ljósi á líðan og bataferli



íslenskra karla sem greinast með krabbamein í blöðruhálskirtli. „Ef tekst með rannsókninni að sýna fram á hverjir hafa gagn af íhlutun með skriflegri tjáningu, mun það auðvelda innleiðingu við klínískar aðstæður. Niðurstöður rannsóknarinnar geta því haft verulega þýðingu, þar sem um er að ræða hagkvæma íhlutun sem er afar auðvelt að koma við í hvers konar aðstæðum innan heilbrigðiskerfisins.”

Leiðbeinandi: Jakob Smári, prófessor við Sálfræðideild.



Margrét Einarsdóttir, doktorsnemi í félagsfræði
Launavinna ungmenna



Gyða Margrét Pétursdóttir, doktor í kynjafræði
Vinnumenning og kynjatengsl

Atvinnupátttaka ungmenna sveiflast með efnahagsástandinu," segir Margrét Einarsdóttir, doktorsnemi í félagsfræði, sem rannsakar launavinnu 13-17 ára ungmenna.

Margrét skoðar vinnu ungmenna út frá tveimur sjónarhornum, annars vegar sjónarhorni sem leggur áherslu á að vinna geti verið börnum og unglingum skaðleg og að það þurfi að vernda þau frá hættum vinnunnar, og hins vegar sjónarhorni sem leggur áherslu á að vernda eigi börn og unglinga með því að tryggja réttindi þeirra í vinnunni, kjósi þau að vinna launaða vinnu eða þurfi þau að vinna af efnahagslegri nauðsyn.

Miklar breytingar hafa orðið á störfum ungmenna á síðustu tíu árum. „Veturinn 1997-1998 unnu 15% ungmenna við verslunarstörf en 2007-2008 var hlutfallið komið í 41%,“ segir Margrét. Þess ber þó að gæta að rannsókn Margréttar var gerð á hátindi efnahagsþenslunnar. „Þar sem atvinnupátttaka ungmenna sveiflast gjarnan með efnahagnum má leiða að því líkur að



dregið hafi úr vinnu ungmenna með skóla og að hlutur verslunarstarfa hafi jafnvel dregist saman á ný.“

Margrét skoðaði einnig viðhorf ungmennanna sjálfra til vinnunnar. „Peningurinn er helsta ástæða þess að þau vinna en aðrir þættir, svo sem aukið sjálfstæði frá foreldrum, skipta líka máli. Í einstaka tilfellum segjast ungmennirnir þurfa að vinna til þess að eiga fyrir brýnustu nauðsynjum.“

Leiðbeinandi: Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, prófessor í félagsfræði.

„Íslenskur vinnuarkaður er mjög kynskiptur, karlar og konur gegna ólíkum störfum og karlar eru oftast en konur í stjórnunarstöðum,“ segir Gyða Margrét Pétursdóttir aðjunkt. Hún útskrifaðist fyrst allra með doktorsgráðu í kynjafræði frá Háskóla Íslands.

Gyða bar saman þrjú svið á vinnuarkaði og rannsaði meðal annars kynjaðar væntingar til starfsfólks hjá hugbúnaðar fyrirtækjum, í matvöruverslun, á skynðibitastöðum, bensinstöð og á vinnustöðum Reykjavíkurborgar. „Litið er á karla sem fyrirmyndarstarfsmenn og ætlast er til að þeir eyði sem mestum tíma í vinnunni og konur eru taldar betri í þjónustuhlutverkinu og veljast til slíkra starfa. Þetta birtist skýrt á mörgum vinnustaðanna óháð því hvort fólk hefur aflað sér formlegrar menntunar annars vegar og hvort fólk starfar hjá hinu opinbera eða í einkageiranum hins vegar.

„Ljóst er að kyn litar sýn okkar á einstaklinginn,“ segir Gyða. „Störf karla bjóða almennt upp á meiri sveigjanleika en á móti kemur að ætlast er til af körlum að vera fyrirvinnur. „Ég er, því ég vinn,“ er dæmigert viðhorf karla sem hefur áhrif á stöðu þeirra í vinnunni og heima við. „Þrátt fyrir að karlar verji meiri tíma í launaðri vinnu en konur þá fá þeir samt meiri frítíma til að sinna áhugamálum sínum. Konur bera meginábyrgð á heimilisstörfum og umönnun barna en eru frekar í störfum sem bjóða upp á minna sjálfræði en störf karla. Þess vegna er erfiðara fyrir þær en fyrir karla að sinna því hlutverki.“

Fjölmíðlar hafa kynnt niðurstöður rannsóknarinnar og verkalýðsfélög og einstaklingar hafa keypt ritgerðina. „Svo hef ég kynnt niðurstöðurnar á ráðstefnum og á kynningum og mér verið boðið í heimsókn til faghópa. Síðast en ekki síst nýttist rannsóknin nemendum mínum í HÍ,“ segir Gyða.

Leiðbeinandi: Þorgerður Einarsdóttir, prófessor við Stjórn málafræðideild.

Hvers vegna valdir þú þína námsleið?



Hafdis Helgadóttir, meistaranemi í hjúkrunarfræði

Ég valdi hjúkrun vegna þess að starfið er fjölbreytt og gefandi. Tilgangurinn með framhaldsnáminu er að bæta við mig þekkingu og auka möguleika á starfsvettvangi.

Hvað stendur upp úr í HÍ?



Aron Guðnason, tannlæknanemi

Skólagangan hefur vakið mig til vitundar um íslenskt samfélag. Lífsviðhorf mitt hefur breyst að því leyti að ég þæli meira í því hver sagði hvað og hvers vegna og hvaða vísindalegu sannanir liggja að baki.



ERLENDIR STÚDENTAR VIÐ HÍ



Melanie Jeane Adams

„DÓMSTÓLAR GETA EKKI VIKIÐ SÉR UNÐAN ÞVÍ AÐ TAKA AFSTÖÐU“

- Félagsleg mannréttindi fyrir dómstólum

Hvernig geta dómstólar lagt lögfræðilegt mat á það hvort fjárhæð örorkubóta standist stjórnarskrá? Getur ríkið skorið niður framlög til heilbrigðis- og menntamála á krepputímum án þess að mannréttindaákvæði standi í vegi fyrir því? Og hvernig geta dómstólar metið réttmæti slíks niðurskurðar? Í meistarafráttunni Kára Hólmar Ragnarssonar, er fjallað um slík álitaefni. Leiðbeinandi Kára var Ragnar Aðalsteinsson hæstaréttarlögmaður.

GETUR RÍKIÐ SKORIÐ NIÐUR
FRAMLÖG TIL HEILBRIGÐIS- OG
MENNTAMÁLA Á KREPPUTÍMUM ÁN
ÞESS AÐ MANNRÉTTINDAÁKVÆÐI
STANDI Í VEGI FYRIR ÞVÍ?

Verkefnið laut að því hvernig unnt er að leita verndar dómstóla hvað varðar þau mannréttindi sem flokkuð hafa verið sem efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi, m.a. réttinn til félagslegs öryggis, heilsu og viðunandi lífsafkomu. Þessi tegund mannréttinda hefur oft fengið minni athygli í umfjöllun íslenskra lögfræðinga en réttindi

sem kölluð eru borgaraleg og stjórnsmáaleg, t.d. tjáningarfrelsi og réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi.

Kári lagði áherslu á að nálgast viðfangsefnið frá mörgum og ólíkum hliðum og nýtti til þess m.a. niðurstöður dómstóla frá fjölmörgum löndum, allt frá Argentínu til Zimbabve og þaðan til Lettlands og Georgíu. Þannig komu til dæmis til skoðunar niðurstaða Hæstaréttar Íslands um lágmarksinntak réttinda í svokölluðum Öryrkjabandalagsdómi frá árinu 2000 og úrlausnir suður-afríska stjórnlagadómstólsins varðandi dreifingu HIV-lyfja. Niðurstöður ritgerðarinnar eru m.a. þær að dómstólar geta komist að lögfræðilegum niðurstöðum

um álitaefni af þessum toga á grundvelli viðurkenndra sjónarmiða. Þannig er unnt að skilgreina skyldur ríkja með nægilegri nákvæmni til þess að dómstólar geti sinnt hlutverki sínu við vernd mannréttinda, án þess að ganga inn á verksvið annarra arma ríkisvaldsins.

Where are you from?

Canada, Edmonton

What is your home university and programme?

University of Alberta, I have a music degree from Uni of Manitoba. Here I am taking English. It is a combination of linguistics, literature courses. Bachelor. I am thinking of taking a MA programme in English.

Why did you choose to study at the University of Iceland?

Because my husband is Icelandic. It makes more sense to study here. Also the financial aspect was very appealing. The costs are here much lower in terms of tuition.

What do you like the most about the University of Iceland?

I really appreciate being able to contact my professors, the staff is much more accessible. So it is easier to work out problems or raise issues. There is really amazing social life which makes it welcoming to start studies here.

What did you feel about the welcome you got when you arrived?

I felt well informed, considering I was in Canada when school started. I got lots of emails to let me know about events and I thought that was well organized.

The orientation at the University – what do you think about it?

I think there were lots of great events that people enjoyed.

What is interesting about Iceland?

I love to travel around Iceland. It is great to go away for a weekend to enjoy the beautiful scenery and I also think that people here are interesting. Icelandic people seem to be very well educated and so its fun to meet people and talk about lots of topics.

Have you heard of Icesave?!

Unfortunately YES. I dont understand all aspects of the situation but I know the outcome of this issue will have an extremely deep impact on Icelandic society.

Do you think Iceland is affordable?

Now more than ever it makes sense for foreign tourists to visit Iceland but for those of us living here, it is necessary to live economically. There are a lot of benefits living in Iceland and now the challenge is to do so while managing your finances.



Björn Oddsson, doktorsnemi í Jarðvísindadeild

ELDGOS UNDIR JÖKLI

„Ég hef alltaf haft áhuga á aflfræðilegri jarðfræði, aðallega þeim þáttum sem standa okkur Íslendingum næst, þ.e. eldfjalla-, jökla- og jarðhitafræðum. Ég fjallaði um eldgosíð í Grímsvötnum í meistaranámsverkefni mínu. Viðfangsefnið var útbreiðsla gjósku og hvernig hún dreifðist yfir jökulinn,“ segir Björn Oddsson, doktorsnemi í jarðeðlisfræði.

Við rannsóknir sínar kynntist hann þýskum vísindamönnum sem hafa brætt gjósku og myndað bráð. Í framhaldi af þessu samstarfi kom upp hugmynd um að nota tilraunastofuna í Þýskalandi til þess að líkja eftir þeim ferlum sem eiga sér stað í rótum jarðhitasvæða og eldgosum undir jökli með því að láta bráð og upphitað berg komast í samband við vatn og ís.

Björn segir að verkefnið fjalli um eftirfarandi þætti: Í fyrsta lagi er lagt mat á varmafræðilega þætti við kólnun kviku og í heitu bergi. Í öðru lagi er náttúrulegt varmatap jarðhitasvæða metið og þá aðallega í Kverkfjöllum og Grímsvötnum. Þessir tveir þættir eru síðan lagðir saman. Lagt er mat á stærð og eðli varmagjafanna í rótum jarðhitasvæðanna í Grímsvötnum og Kverkfjöllum. Með þessum aðferðum er vonandi hægt að leggja mat á varmabúskap jarðhitasvæða og eldgosu sem verða undir jökulum.

Niðurstöður rannsóknarinnar munu auka skilning manna á varmanámi frá kólnandi bergi eða kviku út í umhverfið. Athuganir á óspilltum jarðhitasvæðum eins og í Kverkfjöllum og Grímsvötnum munu auka skilning manna á tilvist



og þróun slíkra svæða. Auk þess munu nýjar mæliaðferðir og niðurstöður þeirra verða lagðar inn í sístækkandi þekkingarbanka Íslendinga í jarðhitafræðum.

Leiðbeinandi: Magnús Tumi Guðmundsson, prófessor og forseti Jarðvísindadeilda.

Rajesh Rupakhety, doktorsnemi í Umhverfis- og byggingarverkfræðideild

Hreyfingar á yfirborði jarðar

„Frá því að ég var í grunnnámi í jarðfræði í Nepal hef ég verið heillaður af hreyfingum yfirborðs jarðar í jarðskjálftum,“ segir Rajesh Rupakhety, doktorsnemi í umhverfis- og byggingarverkfræði. Hann stundar rannsóknir sínar við Rannsóknarmiðstöð HÍ í jarðskjálftaverkfræði á Selfossi. Hann segir að sem framhaldsnemi í jarðskjálftaverkfræði og jarðskjálftafræði á Ítalíu og í Grikklandi hafi hann hlotið innsýn í þessar fræðigreinar. Þegar hann frétti að Ragnar Sigbjörnsson, prófessor við Umhverfis- og byggingarverkfræðideild, væri á höttunum eftir doktorsnema í þessum fræðum sótti hann um starfið og fékk. Ragnar er jafnframt forstöðumaður Rannsóknarmiðstöðvar í jarðskjálftaverkfræði.

„Megintilgangur rannsóknar minnar er að þróa einfalt og áreiðanlegt stærðfræðillíkan,“ segir Rajesh. Með því ætti að vera hægt að spá fyrir um áhrif mögulegs jarðskjálfta á mismunandi mannvirki. Til þess þarf að þróa skilvirkari aðferðir og mæla áhrif kröftugri jarðskjálfta. Einnig þarf að þróa hreyfingarlíkön, kvarða spálíkön og að lokum samþætta líkönin þannig að þau nýst til áframhaldandi rannsókna á jarðskjálftavá.

„Að undanförunu hef ég kannað varanlegar formbreytingar jarðskorpunnar í síðustu stóru jarðskjálftunum á Íslandi, þ.e. í jarðskjálftanum á Suðurlandi í júní árið 2000 og 29. maí 2008 í Ölfusi.“

Rajesh segist stefna á að bæta og auka við



núverandi þekkingu og aðferðir við gerð spálíkana fyrir yfirborðshröðun í jarðskjálftum. Hann hefur mikið unnið að því að fjarlægja suð og aðrar óviðkomandi bylgjur til að rannsóknagögn séu sem áreiðanlegust. Aðferðin sem hann hefur þróað hefur reynst vera stórt skref í þessa átt. „Vonandi verða rannsóknir mínar þarft innlegg í jarðskjálftaverkfræðina á komandi árum.“



Nýsköpunarmessa í HÍ

Pessa dagana verður mörgum tíðrætt um nýsköpun sem lykil nýrrar atvinnuþróunar enda glíma Íslendingar nú við eftirköst bankahrunsins og þurfa að leita nýrra tækifæra. Í vetur stóð Háskóli Íslands fyrir sérstakri nýsköpunarmessu, m.a. til að sýna hversu mikilvægt það er hverju samfélagi að stuðla að vísindarannsóknum og nýsköpun.

Kynntur var til sögunnar fjöldi íslenskra sprotafyrirtækja sem vaxið hefur úr frjósömum jarðvegi Háskóla Íslands. Þau eru: Arctic Mass, CLARA, Hugarheill, Icelandic Online, Lifeind, Oxymap, Remo, Risk, Samhengisháð ritvilluleit og Tunerific.

Á nýsköpunarmessunni flutti Hilmar Veigar Pétursson, framkvæmdastjóri CCP, ávarp en hann hefur stýrt fyrirtækinu í gegnum marga brotsjóji og leitt það úr því að vera lítil sproti í að verða risafyrirtæki. Hilmar er einn af þekktari frumkvöðlum landsins og nam tölvunarfræði við HÍ.

Kristín Ingólfssdóttir, rektor Háskóla Íslands, hefur bent á að nýsköpun vísi ekki einungis til nýjunga

í tækni eða til stofnunar sprotafyrirtækja því nýsköpun leiði af sér nýrækt á öllum sviðum.

Mörg þeirra fyrirtækja sem kynnt voru á messunni eru jafnvel enn á hugmyndastigi og önnur rétt að slíta barnsskónum. Í nýsköpun og í rekstri sprotafyrirtækja reynir mjög á þolinmæði og að markvisst sé horft til framtíðar:

„Hugmynd sem varð uppspretta að fyrirtækinu Marel kviknaði til að mynda í rannsóknaverkefni við Háskóla Íslands, en meira en 20 ár liðu þar til fjárhagslegur arður varð af starfseminni,“ sagði Kristín þegar hún ávarpaði kandiðata síðastliðið vor.

„Árangursrík nýsköpun er oftar en ekki afrakstur margra ára og jafnvel áratuga uppbyggingar í þekkingarleit og þróun. Með nýsköpun er sáð til framtíðar en við ættum ekki að líta á hana sem skyndilaun. Við Íslendingar erum duglegt vertíðarfólk og enginn skyldi vanmeta árangur áhlaupavinnu, en breiddin, jafnvægið og þolinmæðin ættu að verða leiðarstefin í uppbyggingunni.“



Sprotafyrirtæki úr HÍ hlýtur Gulleggið

Sprotafyrirtækið Controlant, sem er sprottið úr vísindajarðvegi Háskóla Íslands, sigraði í frumkvöðlakeppni Innovat í fyrra og hlaut Gulleggið að launum. Alls komust 10 viðskiptahugmyndir í úrslit en á annað hundruð viðskiptahugmyndir voru skráðar til leiks í fyrsta áfanga keppinnar.

Keppnin er fyrst og fremst hugsuð sem tækifæri fyrir frumkvöðla til að öðlast reynslu, þekkingu og tengslanet til að koma hugmyndum sínum á framfæri og vinna að stofnun nýrra og öflugra fyrirtækja á Íslandi.

Hugmyndin á bak við Controlant er m.a. að þróa, framleiða og markaðssetja svokallað Controlant Monitoring System sem er samheiti fyrir vörur sem byggjast á þráðlausu skynjaraneti. Með kerfinu er á einfaldan hátt hægt að framkvæma reglulegar mælingar með þráðlausum skynjurum á nánast hverju sem er, birta þær



í rauntíma og halda utan um mælingarnar í miðlægum gagnagrunni. Að hugmyndinni standa þrjár rafmagns- og tölvuverkfræðingar, einn tölvunarfræðingur og einn viðskiptafræðingur.

Sem dæmi um það sem unnt er að mæla er raki og hitastig í frýstigámum og í þornandi steypu í nýbyggingum auk þess sem mæla má þrýsting í hjólbörðum flutningabíreiða og öxulþunga þeirra.



Vatnsmýrin hreinsuð

Vatnsmýrinni er afar falleg gönguleið um varpland fugla sem nemendur í umhverfis- og auðlindafræði í HÍ hafa gjarnan farið milli kennslustunda. Varla er hægt að hugsa sér betri aðstæður til að njóta náttúrunnar í miðri borginni.

Nemendurnir tóku samt eftir því að rusl safnast fyrir á svæðinu sem getur valdið búsifjum hjá varpfuglum.

Nemendurnir tóku sig því til á „Degi jarðarinnar“ og tíndu upp sorp á þessum gríðastað fuglanna í Vatnsmýrinni. Þetta var gert örskömmu áður en svæðinu var lokað almenningi vegna varpsins sem hefst í Vatnsmýrinni vor hvert. Fyrsti opinberi „Dagur jarðarinnar“ var haldinn í Bandaríkjunum árið 1970 en tilgangurinn var og er að auka vitund fólks um umhverfi sitt.

Nemendahópurinn sem tók til hendinni sagði það afar mikilvægt að gefa sér tíma til að bæta umhverfi sitt. Það sé líka hollt fyrir sálina að horfa

yfir land sem hefur verið hreinsað og ekki síst þegar maður hefur sjálfur átt þátt í því.

Nemendurnir bentu á að það sé alveg með ólíkindum hversu mikil áhrif nokkrar manneskjur geta haft á umhverfi sitt á örfáum klukkustundum. Jafnótrúlegt var líka magnið af sorpi sem kom úr Vatnsmýrinni. Afrafsturinn var tólf fullir ruslapokar og kenndi í þeim ýmissa grasa. Þarna fundust brúklegir skautar, hjólkoppar, stuðarar, hlíf af varadekki aftan af jeppa og númeraplata í bland við alls kyns drasl sem fleygt er í borginni og fýkur í mýrina.

Skilaboð þessa framtakssama nemendahóps til meðborgaranna eru skýr:

„Vinsamlegast munið að umgangast samfélagið af virðingu og ef þið hafið áhuga, prófið þá að fá nokkra vini með ykkur í að hirða upp rusl einhvers staðar. Þið getið haft áhrif ef þið viljið.“

ERLENDIR STÚDENTAR VIÐ HÍ



Basil Britto Xavier

Where are you from?

I'm from India.

What is your home university and programme?

Bharathidasan University. Studied M.S in Microbiology & M.phil in Microbiology, I've also studied M.A in Bioethics (Erasmus Mundus Programme). At present pursuing PhD (Lichen Genome Project) at the University of Iceland.

Why did you choose to study at the University of Iceland?

The project is a recent and novel one and I'm excited with the technology around me. The industry is also constantly developing and changing and therefore the job prospects are good.

What do you like the most about the University of Iceland?

A vibrant and exciting mix of courses allows the flexibility of choices and the friendly staffs.

What did you feel about the welcome you got when you arrived?

The hospitality I got from my professor and others would be a memory that I would cherish for my lifetime.

The orientation at the university – what do you think about it?

Sorry, I didn't attend the orientation days at the university. But, I got all the help and guidance from my professor and the service desk at the university.

What is interesting about Iceland?

Reykjavik is a very lively city and it is easy to get around and the people are quite friendly and helpful.

Have you heard of Icesave?!

Yes, but no comment.

Do you think Iceland is affordable?

Yes, but I see a marked increase in the food prices.

Björn Margeirsson, doktorsnemi við Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild Verðmæti í ferskum fiski

„Íslenskir fiskframleiðendur vilja sífellt bæta hitastýringu í vinnslu og flutningi sjávarafurða. Rannsóknir hafa leitt í ljós mikilvægi hitastýringar, frá veiðum allt að diskni neytandans,“ segir Björn Margeirsson, doktorsnemi í vélaverkfræði.

Rannsókn Björns gengur út á ferlagreiningu og varmaflutningslíkanagerð svo að fátt eitt sé nefnt. Hann nefnir mikilvægi þess að forkæla fiskbitana áður en þeim er pakkað. Einnig eru pakkningar í stöðugri þróun en þær eru gríðarlega mikilvægar til að verja ferskafisk fyrir hitaálagi í flutningi. Samstarfsaðilar í þessu verkefni eru úr öllum stigum þróunar kælikeðjunnar en þeir eru Matis, Promens Tempra, Brim, Samherji, Festi og Eimskip.

Björn segir að stefnt sé að því að verklag og búnaður tengdur vinnslu og flutningi batni frá upphafi verkefnisins. Hann segist líka vona að rannsóknin skili aukinni þekkingu á tölvuvæddri varma- og straumfræði. Auka þyrfti hagnýtingu þess fræðasviðs innan sjávarútvegs og matvælaíðnaðarinnar. Framleiðandi endurbættra pakkninga nýtur góðs af rannsókninni þar sem hann öðlast markaðsforskot á samkeppnisaðila sína og fiskframleiðendur með auknum gæðum, geymsluþoli og verðmætari vöru. Það verða þó ekki einungis þátttakendur verkefnisins og aðrir ferskfiskútflytjendur sem njóta góðs af verkefninu, heldur einnig almenningur með öruggari og betri fiskafurðum.



Leiðbeinandi: Halldór Pálsson, dósent við Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild.



Alþjóðlegt jafnréttissetur

Þau sem fara um Gimli hafa hugsanlega rekist þar á nemendur frá Afganistan. Þetta eru nemendur alþjóðlega Jafnréttisskólans sem nú er starfræktur í fyrsta sinn.

„Um er að ræða samstarfsverkefni Háskóla Íslands og utanríkisráðuneytisins,“ segir Sigríður Þorgeirsdóttir, dósent í heimspeki við Háskólann.

Jafnréttisskólinn er rekinn í samstarfi við EDDU öndvegissetur í gagnrýnum samtímarannsóknnum (www.eddu.hi.is). Irma Erlingsdóttir er framkvæmdastjóri setursins og Sigríður er stjórnarformaður. Þær hafa annast undirbúning skólans fyrir hönd HÍ.

„Kennsla og þjálfun á vegum Jafnréttisskólans er í anda þverþjóðlegra fræða sem felur í sér að nemendurnir kynni sér jafnréttisstarf og læri um jafnréttismál,“ segir Sigríður.

„Á móti lærum við Íslendingar af reynslu þeirra og sýn.“

Jafnréttisskólinn er að sögn Sigríðar byggður upp að fyrirmynd Jarðhitaskóla, Sjávarútvegsskóla og Landgræðsluskóla Sameinuðu þjóðanna. Þeir eru allir reknir hér á landi og eru liður í þróunarsamvinnu.

Stefnt er að því að Jafnréttisskólinn verði einnig hluti af Háskóla Sameinuðu þjóðanna eftir þrjú ár.

Sigríður segir að nemendurnir sem hér eru séu til jafns karlar og konur. „Reyndar er ekki alveg rétt að tala um nema, heldur sérfræðinga, en Sp-skólarnir titla þá sem þátttakendur og styrkþega enda starfar þetta fólk að jafnréttismálum í heimalöndum sínum og vinnur hér að verkefni tengdu starfi sínu.“

Nýlega tók Annadís G. Rúdólfsdóttir við stöðu námsstjóra Jafnréttisskólans.



Siðfræði hluti af skyldunámi

Mikil umræða hefur farið fram í þjóðfélaginu um orsakir hrunsins á Íslandi. Páll Skúlason, prófessor og fyrrverandi rektor Háskóla Íslands, leggur til í grein í Stúdentablaðinu að siðfræði verði gerð að skyldugrein fyrir alla nemendur skólans og að þeir fái þjálfun í að ræða á gagnrýninn hátt um málefni samfélagsins.

Eitt af fræðasviðum Háskólans, Verkfræði- og náttúruvísindasvið, hefur nú þegar brugðist við breyttum aðstæðum og tekið ákvörðun um að gera kennslu í siðfræði, rökhugsun og samfélagsábyrgð að skyldugrein í námi á fyrsta ári. Nemendur sem eru komnir lengra hafa einnig óskað eftir að fá að taka slíkt námskeið að sögn Kristínar Völu Ragnarsdóttur, forseta sviðsins. Það er mat stjórnenda Verkfræði- og náttúruvísindasviðs að nauðsynlegt sé að efla og þjálfa siðferðisvitund nemenda.

Haukur Ingi Jónasson, guðfræðingur, sálgreinnir og lektor í leiðtoga-, stjórnunar- og skipulagsheldafraeðum, mun annast kennsluna ásamt sérfræðingum af Hugvísindasviði. Gert er ráð fyrir að námið verði með svipuðum hætti fyrir allar námsleiðir á sviðinu.

Beðið eftir strætó í yl og alnetstengingu

Eitt fjölsóttasta strætóskýli á Íslandi, skýlið framan við Stapa á Hringbraut, hefur nú verið hitað upp og upplýst, auk þess sem þar er nettenging sem öllum er opin. Núna má því fullyrða að skýlið sé ekki bara það fjölsóttasta, það er líka orðið það vinsælasta. Það hlýtur að vera alveg nýtt að sjá fólk nota tímann í skýlinu til að vinna á fartölvu með háhraðatengingu við Netið.

„Þetta er kærkomið stúdentum sem lengi hafa látið sig dreyma um að geta ornað sér í skýlinu

þegar kalt er úti, en þannig háttar nú yfirleitt þegar starfsemi er í fullum gangi í HÍ,“ segir Jóhann Már Helgason, framkvæmdastjóri Stúdentaráðs HÍ.

„Þetta er án vafa eitt huggulegasta strætóskýli á norðurlhveli jarðar,“ bætir hann við og brosir. „Það er þvílíkur munur að þurfa ekki að sitja hérna í nepjunni og geta jafnvel notið þess að doka hérna við í ylnum og vinna á Netinu í verkefnum eða öðru á meðan beðið er eftir strætisvagninum.“





Ingunn Ásdísardóttir, doktorsnemi í þjóðfræði við Félags- og mannvísindadeild

JÖTNAR Í BLÍÐU OG STRÍÐU

Ingunn stundar doktorsnám í þjóðfræði við HÍ og er að rannsaka jötna í norrænni goðafræði.

„Í rannsókn minni leita ég að uppruna og eðli þessara goðvera, rannsaka hver og hvernig frumhugmyndin um þá hefur verið og hvort og þá hvernig ímynd þeirra breytist í tímans rás í meðförum átrúnaðar, samfélags og umhverfis.

Ennfremur skoða ég hvaða hlutverkum jötnar gegna og hvaða tilgangi þau hlutverk þjóna, annars vegar innan goðheimsins sjálfs og tilvistar hans og hins vegar í átrúnaði manna.

Jafnframt skoða ég hvort og þá hver áhrif kristnar hugmyndir hafi hugsanlega haft á þá ímynd jötna sem fram kemur í heimildunum og

hvort hin kristna hugmynd um illsku eigi við þar sem jötnar eru annars vegar.“

Ingunn segir að þegar fjallað sé um norræna goðafræði þá sé um að ræða allt skandinavíska svæðið en aðalheimildirnar um þessa mýtólógíu séu eingöngu til á íslensku og skráðar af Íslendingum. Þetta eru einkum eddukvæðin, dróttkvæðin og verk Snorra Sturlusonar auk fáeinna erlendra rita á latínu.

„Í þessum frumheimildum eru jötnar áberandi, bæði sem stakar, nafngreindar persónur og sem hópur. Jötnarnir eru þær verur sem mynda mótvægi við goðin, eru andstæða þeirra og óvinir, og reyna stöðugt að hrinda veröld goða og

manna, ógna henni og ná yfirhöndinni. Jötnar eru fulltrúar óreiðu, illinda og óhaminna afla af öllu tagi, þeir ógna skipulagi goðanna, menningu og fastmótaðri skipan veraldarinnar og mannlegs og guðlegs samfélags. En jötnar eru líka mikilvægir meðleikendur í sköpun heimsins, forfeður guðanna sjálfra og afar margbrotnar verur, spakir að viti og fjölkunnugir og jötnameyjar oft íðilfagar og vekja girnd goðanna. Og það er einmitt þetta sem gerir þá svo spennandi í mínum augum, þessar ótrúlegu mótsagnir sem þrátt fyrir miklar rannsóknir í norrænni goðafræði hafa ekki verið skýrðar til fulls.“

Leiðbeinandi: Terry Gunnell, prófessor í þjóðfræði.

Kristján Þór Sigurðsson, doktorsnemi í mannfræði

Ummah í Atlantshafi

„Múslimar á Íslandi segjast ekki verða fyrir hliðstæðum viðhorfum hér og annars staðar á Vesturlöndum. Þeir eru í það heila ánægðir með Ísland og Íslendinga,“ segir Kristján Þór Sigurðsson, doktorsnemi í mannfræði.

Yfirþjóðlegt samfélag múslima í heiminum nefnist „ummah“ sem er arabíska og þýðir þjóð á íslensku. „Stundum er talað um að íslam sé hugmyndakerfi sem sé hafið yfir þjóðríki og þjóðfélagshópa og að henni fylgi mjög sterk jafnræðishugmynd. Sem dæmi er þjóðmenning Pakistana og Marókkóbúa mjög ólík en „ummah“ sameinar þá alla,“ segir Kristján.

Kristján rannsakar m.a. hvort samfélag eða samfélög múslima á Íslandi séu grundvöllur

fyrir ákveðna gerjun sem hægt er að flokka sem séríslenskt samfélag múslima. „Í Félagi múslima á Íslandi eru menn sem búið hafa hér í um 30 ár og líta á sig sem Íslendinga. Sumir þeirra hafa tileinkað sér íslenskan húmor og skjóta „jæja,“ og „já já,“ inn í arabískuna eins og Íslendingar þótt móðurmál þeirra sé arabíska.“

Kristján nýtur velvildar samfélags múslima á Íslandi sem hann tengist bæði sem nemandi í arabísku og kennari í íslensku. „Ég vona að rannsóknin stuðli að aukinni þekkingu á þjóðfélagshópi múslima sem geti leitt til aukins skilnings og vonandi til aukins umburðarlyndis um leið enda byggjast fordómar oftast á vanþekkingu og hræðslu við hið óþekkt,“ segir hann að lokum.



Leiðbeinandi: Unnur Dís Skaptadóttir, prófessor í mannfræði.



DALAI LAMA

fyllti Aðalbygginguna út úr dyrum

Dalai Lama, friðarverðlaunahafi Nóbels, heimsótti Háskóla Íslands í haust og flutti erindi í Hátíðasalnum í boði rektors Háskólans og Hugvísindasviðs HÍ. Mjög létt var yfir samkomunni og hlógu áheyrendur margsinnis dátt og innilega með Dalai Lama.

Kristín Ingólfssdóttir, rektor Háskóla Íslands, bauð Dalai Lama velkominn og sagði í máli sínu að það væri skólanum mikill heiður að fá hann í heimsókn. Kristín sagði að heimsóknin væri á hárréttum tíma fyrir Íslendinga þar sem hér væri verið að endurmeta siðferðileg gildi samfélagsins. Dalai Lama hefði, í gegnum tíðina, lagt sig fram við að byggja brýr milli mismunandi samfélaga og vekja athygli á mikilvægi siðferðilegra gilda.

Að því búnu flutti Dalai Lama erindi þar sem meðal annars kom fram að hann teldi að menntun

væri mannkyninu afar mikilvæg en nauðsynlegt væri að vekja meiri athygli á siðferðilegum gildum. Til dæmis hefði nútímatækni og mikil þekking leitt til haturs- og ofbeldisverka, og í því efni minntist Dalai Lama á árársinar 11. september 2001 í Bandaríkjunum.

Eftir ávarp Dalais Lama stýrði Ástráður Eysteinnsson, forseti Hugvísindasviðs, samræðum Dalais Lama og þriggja háskólamanna, þeirra Páls Skúlasonar, prófessors í heimspeki, Sigríðar Þorgeirsdóttur, dósentis í heimspeki, og Péturs Péturssonar, prófessors í guðfræði.

Mikill fjöldi stúdenta, kennara og starfsmanna við Háskóla Íslands sótti samkomuna en fullyrða má að fullt hafi verið út úr dyrum í Háskóla Íslands í orðsins fyllstu merkingu.



Helga Ólaf, doktorsnemi í félagsfræði

Fjölmiðlar og innflytjendur

„Meirihluti Pólverja notar íslenska fjölmiðla daglega en um sjö af hverjum tíu lesa dagblöðin á hverjum degi,“ upplýsir Helga um niðurstöður könnunar meðal 650 innflytjenda frá Póllandi sem hún gerði í MA-námi í blaða- og fréttamennsku.

Helga hefur bæði unnið við fjölmiðla og að málefnum innflytjenda og ákvað að skeyta þessum áhugasviðum saman. „Við treystum á fjölmiðla til að fá upplýsingar um samfélagið en vissum lítið um fjölmiðlanotkun innflytjenda.“ Helga kaus að rannsaka fjölmiðlanotkun Pólverja vegna þess að þeir eru langstærsti hópur innflytjenda á Íslandi, eða um 11.000.

Fréttablaðið nýtur mestra vinsælda meðal þátttakenda. „Þeir lesa helst fyrirsnir og auglýsingar og skoða myndir. Þeir nota aftur á móti mest Netið til að afla sér fréttu um sitt heimaland,“ segir Helga. Hún bætir við að kjörið sé að nýta þann miðil betur til að miðla fréttum til innflytjenda.

Helga rannsakar nú umfjöllun fjölmiðla um innflytjendur. „Fjölmiðlar leika mikilvægt hlutverk í aðlögun innflytjenda að nýju samfélagi, m.a. með því að endurspeglar íslenskt samfélag. Sú er þó ekki raunin með innflytjendur. Við hvorki sjáum né heyrum af þeim í miðlum og þar af leiðandi þekkjum við lítið til þeirra. Úr þessu þarf að bæta,“ segir Helga.



Leiðbeinendur: Helgi Gunnlaugsson og Þorbjörn Broddason, prófessorar í félagsfræði.

Bent Scheving Thorsteinsson, velgjörðarmaður Háskóla Íslands

Háskóli Íslands er stolt okkar Íslendinga,“ segir Bent Scheving Thorsteinsson, einn helsti velgjörðarmaður Háskólans. Hann hefur hreiðrað um sig innan um bækurnar sínar og horfir út um glugga sem vísar til suðurs; út á sundin sem hann sigldi yfir þegar hann fluttist hingað heim sem ungur drengur. Bent fæddist í Árósum í Danmörku árið 1922.

Á einum áratug hafa Bent og Margaret Scheving Thorsteinsson kona hans fært Háskóla Íslands um 60 milljónir króna sem hafa runnið til stofnunar þriggja styrktarsjóða. Sjóðirnir eru allir afar mikilvægir fyrir ungt fólk sem er að hasla sér völl á sviði vísinda. Sautján styrkir hafa verið veittir til vísindarannsókna úr sjóðunum frá stofnun þeirra. Bent og Margaret hafa einnig fært Landspítalanum 30 milljónir króna.

„Háskólinn er toppurinn,“ segir Bent, „það er okkur öllum mikið keppikefli að þessum skóla vegni vel. Margir góðir menn hafa lagt Háskólanum lið og það vil ég líka gera.“

Ævi Bents er um margt afar sérstök. Foreldrar hans voru Þorsteinn Scheving Thorsteinsson lyfsali og Guðrún Sveinsdóttir. Drengurinn fæddist utan hjónabands sem þótti ekki alveg eftir bókinni á þeim tímum. Fyrstu æviárin ólst Bent upp hjá dönskum fósturforeldrum og var fullviss um að vera danskur í húð og hár. En um níu ára aldur fékk hann ávæning af því að í honum rynni íslenskt blóð. Honum var svo tjáð að móðir hans væri á lífi og hann hefði raunar hitt hana án vitneskju um hin raunverulegu tengsl þeirra, en hún hafði þá verið kynnt fyrir honum sem frænka hans.

„Ég var undrandi á þessu öllu saman og stuttu síðar vildi móðir mín fá mig til Íslands úr fóstri,“ segir Bent. „Hún hafði þá gifst Óskari Þórðarsyni lækni, miklum ágætis manni. Aðstæður hennar voru orðnar allt aðrar en þegar ég fæddist. Ég hafði hins vegar enga löngun til að þvælast þetta norður á Ísbjarnarslóðir, ég þessi Dani,“ segir Bent og hlær. „Það lögðust hins vegar allir á eitt að varpa ljóma á ævintýraeyjuna Ísland og ég lét á endanum undan.“

Á heitum júlídegi árið 1931 steig Bent á skipsfjöl á Dronning Alexandrine sem hélt í langa siglingu frá Kaupmannahöfn til Íslands. Þegar skip Danska

„ÞAÐ ER OKKUR ÖLLUM MIKIÐ KEPPIKEFLI AÐ ÞESSUM SKÓLA VEGNI VEL“

sameinaða gufuskipafélagsins kyssti viðlegukantinn í Reykjavík varð drengurinn fyrir miklum vonbrigðum. „Fátt var um fína drætti í bænum; ég kunni ekki stakt orð í íslensku, skildi ekki baun... og var ofan í annað kallaður Bauni,“ segir Bent og brosir þrátt fyrir að rifja upp allt mótlætið. „Ég mátti þola gríðarlega stríðni og varð hreinlega fyrir hræðilegu einelti.“



ÆVISPARNAÐURINN

TIL STYRKTA VÍSINDUM

Sú reynsla hefur setið í Bent alla tíð og hann hefur lagt hart að sér til að koma í veg fyrir að annarra biði sviðuð örlög. Einn þeirra sjóða sem Bent hefur stofnað innan HÍ hefur það markmið að stuðla að rannsóknum á einelti og kanna lagalegar og siðferðilegar leiðir til að fyrirbyggja það og bæta fyrir afleiðingar þess.

Þrátt fyrir mótlætið náði Bent að fóta sig í sínum nýju heimkynnum og náði öruggum tókum

á íslenskunni. Hann átti síðar ágæt samskipti við föður sinn, Þorstein Scheving Thorsteinsson, en ólst upp með móður sinni og eiginmanni hennar, Óskari Þórðarsyni, sem gekk Bent í föður stað. Þótt drengurinn væri býsna smár og horaður, þegar hann sté af skipsfjöl í súldinni sumarið 1939, þá varð hann síðar býsna hávaxinn maður og aðsópmikill í viðskiptum. „Ég hóf nám í viðskiptafræði við

Háskóla Íslands árið 1943 en lauk námi í hagfræði frá The Whorton School of Finance and Commerce í Bandaríkjunum. Þar kynntist ég henni Margaret minni og þetta hefur haldist í öll þessi ár,“ segir Bent, kíminn á svip.

„Eftir að ég hætti vinnu fór ég að sýsla með sparnaðinn og sá að hægt var að ávaxta peningana betur en bauðst í bönkunum. Ég hóf því viðskipti með verðbréf. Þegar ég var kominn fyrir vind vildi ég að aðrir gætu notið ávaxtanna af því sem ég hafði verið að sýsla. Bent stofnaði ýmsa styrktarsjóði, aðallega til stuðnings bágstöddum og til vísindarannsókna.

„Með því að styðja við vísindarannsóknir við Háskólann hafa fjölmargir sýnt þjóð sinni sóma og það er mér sannur heiður að fá að komast í hóp þeirra manna sem hafa stutt skólann. Háskólinn hefur sett sér það markmið að verða á lista hundrað bestu háskóla í heimi. Ef ég get stutt skólann á þeirri vegferð með því að auka veg vísindarannsókna við skólann, þá finn ég til stols.“



Sesselja Ómarsdóttir, dósent við HÍ, er í hópi þeirra sem fengið hafa styrk úr einum þeirra sjóða sem Bent hefur stofnað.

Sjóðir stofnaðir af Margaret og Bent Scheving Thorsteinsson við HÍ

Verðlaunasjóður Óskars Þórðarsonar læknis (2000)

Markmið Verðlaunasjóðs Óskars Þórðarsonar læknis er að veita verðlaun fyrir vísindaafrek, rannsóknir, ritgerðir og skylda starfsemi á sviði barnalækninga. Fern verðlaun hafa verið veitt úr sjóðnum til vísindamanna við Læknadeild HÍ og Landspítala háskólasjúkrahús á sviði nýrmarannsóknna, ofnæmis- og ónæmisfræða og lungnarannsóknna. Verðlaunin hafa haft verulegt gildi fyrir rannsóknir og lækningar í þágu barna.

Verðlaunasjóður Bergþóru og Þorsteins Scheving Thorsteinssonar (2001)

Markmið Verðlaunasjóðs Bergþóru og Þorsteins Scheving Thorsteinssonar er að veita verðlaun fyrir vísindaleg afrek og styrkja rannsóknir og framhaldsnám í lyfjafræði. Veittar hafa verið tíu viðurkenningar úr sjóðnum til doktorsnema í lyfjafræði sem hefur gert þeim kleift að stunda rannsóknir hérlandis og erlendis.

Styrktarsjóður Margaret og Bents Scheving Thorsteinssonar (2001)

Markmið Styrktarsjóðs Margaret og Bents Scheving Thorsteinssonar er að standa fyrir rannsóknum á einelti og kanna lagalegar og siðferðilegar leiðir til að fyrirbyggja einelti og bæta fyrir afleiðingar þess. Veittir hafa verið þrjár styrkir til rannsókna á einelti og m.a. fékk Vanda Sigurgeirsdóttir, nú lektor við Háskóla Íslands, styrk úr sjóðnum í meistaranámi sínu við Kennaraháskóla Íslands. Rannsóknun hennar var ætlað að varpa ljósi á viðhorf kennara til eineltis.



Beinagrindur, sprengjugengi, grjótakrabbi og fornar ástir

Fjölskrúðugt framlag Háskóla Íslands setti svip á Vísindavöku 2009



Ár hvert er „Degi vísindamannsins“ fagnað um alla Evrópu með vísindahátíðum og viðburðum fyrir alla fjölskylduna. Hér á landi er dagurinn haldinn hátíðlegur á glæsilegri Vísindavöku Rannís. Á Vísindavöku haustið 2009 voru vísindamenn og nemendur HÍ að nju í fararbroddi sýnenda og kynntu þúsundum gesta það spennandi starf sem fram fer innan veggja skólans. Gestir voru á öllum aldri og áhugin leyndi sér ekki.





Ketill Heiðar Guðmundsson, doktorsnemi við lðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild

BÆTT LÍFSKJÖR MEÐ BETRI GERVIHJÁLID

Mig langaði að auka burðargetu hnésins án þess að fórna sveigjanleikanum. Markmiðið var að fækka takmörkunum á notkun hnésins og jafnframt að þyngri sjúklingar geti notað hnén við nýjar og krefjandi aðstæður," segir Ketill Heiðar Guðmundsson, doktorsnemi við lðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild. Forsagan er sú að Össur hf. setti á markað örtölvustýrðan gervihnjálið sem eykur lífsgæði fatlaðs fólks til muna. Notuð er gervigreind til að skynja hreyfingar og göngulag notandans. Í hjáliðnum er rafsegulvökvu sem stýrir stífni hjáliðarins með segulsviði.

Ketill segir að verkefnið sitt snúist um að hanna segulrás, vökvahólf og vökva hjáliðarins. Segulrásin hefur verið hönnuð nákvæmlega fyrir þann vökva sem hjáliðurinn inniheldur. Styrk hjáliðarins má einnig auka með breytingum á rafsegulvökvum. Í verkefninu felst að leita leiða til að auka styrk rafsegulvökvans með því að breyta samsetningu hans. Margar leiðir eru færar í breytingu á vökvum og er þetta svið mikið rannsakað í dag. Prófaðar hafa verið ýmsar gerðir af rafsegulvökvum sem blandaðir hafa verið í samstarfi við Össur hf. Í stuttu máli þá stífnar vökvinn undir segulsviði og er markmiðið að hafa stífnina sem mesta en jafnframt að vökvinn sé ekki seigur þegar segulsviðið er tekið af.



Markmið verkefnisins er einnig að minnka stífni hjáliðarins þegar hann er ekki undir álagi en þá dregur örtölva hnésins niður segulsviðið. Með minni seigju (án segulsviðs) verður gervihnéd þægilegra og lippara fyrir notendur.

Leiðbeinandi: Fjóla Jónsdóttir, dósent við lðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild.



Hilmar Hilmarsson, nýdoktor við Líf- og umhverfisvísindadeild Kókoshnetuolía gegn örverumengun

„Ég hef rannsakað náttúruleg fituefni í þónokkurn tíma. Það sem gerði útslagið með þessa rannsókn sem ég vinn að núna var sumarvinna á rannsóknarstofu Halldórs Þormars prófessors í frumulíffræði. Hann var með verkefni þar sem rannsakadír voru örverudrepanði eiginleikar fituefna,“ segir Hilmar Hilmarsson, nýdoktor í líffræði.

Hilmar rannsakaði þessi efni í doktorsverkefninu sínu. Hann segir að nú þegar hafi komið fram að mónókaprín sé virkasta fituefnið sem hafi verið prófað. Það finnst til dæmis í kókoshnetuolía. Þetta efni er mjög breiðvirkt og vinnur bæði gegn veirum og bakteríum. Hægt er að koma því í mismunandi lyfjaform. Þau gætu nýst vel sem sóttvörn í matvælaíðnaði og gegn örverumengun.

„Aukið ónæmi örvera gegn nútímalýfjum kallar á nýjar aðferðir í formi breiðvirkari lyfjaforma sem drepa örverur fljótt og örugglega við snertingu. Náttúruleg fituefni gætu reynst góð viðbót við þekkt örverulyf,“ segir Hilmar. Einnig mætti nota þessi lyf jafnhliða sértækum bakteríu- og veirulyfjum. Með þessu mætti auka breiðvirkni lyfjaforma gegn örverum sem sýkja menn. Virkasta efnið er, eins og áður er getið, mónókaprín. Það er flokkað sem skaðlaust efni af matvæla- og lyfjaeftirliti Bandaríkjanna (FDA). Mónókaprín gæti því reynst góður kostur sem umhverfisvænt breiðvirkt örverudrepanði efni gegn örverum sem sýkja menn og dýr.

Leiðbeinandi: Halldór Þormar, prófessor emiritus við Líf- og umhverfisvísindadeild.



Happdrætti Háskólans



Góí og Dóri í fótspor Bessa og Árna

Þegar minnst er á Happdrætti Háskóla Íslands er mörgum ofarlega í huga frammistaða Bessa Bjarnasonar og Árna Tryggvasonar leikara í ótrúlega smellnum auglýsingum Happdrættisins frá öldinni sem leið. Reyndar þóttu Bessi og Árni slíkir gamanleikarar að fólk skellti upp úr við það eitt að sjá þá á skjánum.

Þeir Bessi og Árni léku tvo kumpána í auglýsingum Happdrættisins sem skeggræddu stálheppni og annað sem olli kátínu í mannlífinu. Viku þeir þá gjarnan talnu að Happdrætti Háskólans og áttu þá gott spjall um tilganginn með rekstri þess.

Þeir komu því þá vandlega til skila að allur hagnaður af rekstri Happdrættisins færi til uppbyggingar Háskóla Íslands, bæði til bygginga og eins til kaupa á búnaði fyrir vísindarannsóknir, nemendur og kennara.

Í eina tíð biðu Íslendingar í ofvæni um hver áramót eftir nýrri auglýsingaherferð Happdrættisins til að sjá upp á hverju þeir Bessi og Árni tækju.

Nú hefur Happdrættið fengið tvo leikara af yngri kynslóðinni, þá Góa og Dóra, til að ná upp svipuðum anda og í gömlu góðu herferðunum. Þeir heita reyndar fullu nafni Guðjón Davíð Karlsson (Góí) og Halldór Gylfason.

Fróðlegt verður að fylgjast með þeim tveimur kryfja heppnina til mergjar og ræða í þaula peningafúlgur sem reka stundum á fjörur þeirra sem spila í Happdrættinu ...

Kannski ná þeir svipuðum takti og Bessi gerði þegar hann var kominn á eftirlaun og skellti upp úr með Árna Tryggva:

„Það er ekkert betra en að vinna í Happdrætti Háskólans.“

Árni horfði á hann íhugull og svaraði:

„Er það ekki það eina sem þú gerir núorðið?“



SKUTL.IS

Skutl.is er ný og öflug heimasíða sem Stúdentaráð Háskóla Íslands hefur komið á fót í samvinnu við Háskóla Íslands í því skyni að auðvelda stúdentum að ferðast til og frá háskólasvæðinu. Bíleigendur geta auglýst laus bílsæti á heimasíðunni frá ákveðnum stað á tiltekinn áfangastað á háskólasvæðinu. Einnig geta nemendur óskað eftir bílferð með sama hætti.

„Með þessu má spara verulega, draga úr mengun, fækka bílum á háskólasvæðinu og um leið fjölga lausum bílastæðum,“ segir Ingólfur Birgir Sigurgeirsson, Lánasjóðs- og hagsmunafulltrúi Stúdentaráðs. Hann er einn af þeim sem komið hafa að smíði vefsins en notkunin er stúdentum að sjálfsögðu gjaldfrjáls, segir hann, og bætir við að ekki veiti af í kreppunni.

„Þeir sem þiggja far þurfa hugsanlega að taka þátt í að greiða kostnað vegna eldsneytis en þetta fer allt eftir samkomulagi við bileiganda,“ segir Ingólfur Birgir.

„Til þess að nota vefsíðuna skutl.is,“ bætir hann við, „þarf bara að skrá sig inn með því að óska eftir aðgangi og þá er lykilorð sent sjálfkrafa í tölvupósti. Í framhaldi af því er hægt að skrá sig inn og byrja að nota vefsíðuna til að einfalda ferðirnar í og úr skóla og draga úr kostnaði.“

Ingólfur Birgir segir að þjónustusvæði vefsíðunnar sé alls ekki bara bundið við Reykjavík, „þetta gildir fyrir allt suðvesturhornið,“ segir Ingólfur Birgir.

Samhent samfélag og frábær þjónusta

-segir **Guðrún Tinna Ólafsdóttir** um garðlífið

Félagsstofnun stúdenta (FS) sér ekki einungis stúdentum við HÍ fyrir framúrskarandi leiguhúsnæði heldur starfrækir FS einnig Bóksöluna góðu, dagheimili og kaffistofur á háskólasvæðinu. Segja má að FS sjái stúdentum fyrir því allra nauðsynlegasta svo komast megi af í háskólanámi.

Böðvar Sturluson, nemi í viðskiptafræði og stjórnmálafræði, og Guðrún Tinna Ólafsdóttir, sem lýkur brátt BA-prófi í dönsku, bjuggu fyrstu námsárin sín á Garði. Eftir að sonur þeirra Sturla fæddist fluttu þau í rúmbetri leigubúð utan Stúdentagarðanna en drengurinn er á Sólgarði, einum af þremur leikskólum FS.

„Það var frábært að hafa möguleika á að leigja íbúð á skikkanlegu verði þegar við höfum nám hér í Háskólanum enda ekki í aðstöðu til að búa hjá

foreldrum þar sem ég er utan af landi og foreldrar Guðrúnar Tinnu bjuggu þá erlendis,“ segir Böðvar. „Við vorum mjög ánægð á Eggertsgötunni, íbúðin var bæði rúmgóð og fín og svo er staðsetningin náttúrulega frábær líka. Það er svo gott að vera í göngufæri við nær alla þjónustu, skólann og miðbæinn.“

Guðrún Tinna segir að leikskólinn sé frábær og starfsfólkið ávallt tilbúið að koma til móts við þarfir stúdenta. „Til dæmis er boðið upp á lengri vistunartíma í prófum og jafnvel haft opið á laugardögum fyrir þá sem þurfa á því að halda. Þetta er samfélag þar sem íbúar eru samhentir og hjálpast að. Við gætum ekki verið ánægðari með leikskóla enda er Sturla afar glaður með dvölina á Sólgarði,“ segir Guðrún Tinna glöð í bragði.





Auður Aðalsteinsdóttir, doktorsnemi í Íslensku- og menningardeild

Ritdómarar á jarðsprengjussvæði

Hugmyndin um að skrifa um ritdóma í fjölmiðlum kviknaði þegar ég skrifaði MA-ritgerð um viðbrögð við verkum Ólafar frá Hlöðum. Til samanburðar kannaði ég viðtökur við verkum karlskálda á sama tíma og áttaði mig þá á því að á bak við lágu oft mun viðtækari ritdeilur sem snerust ekki bara um einstök verk heldur einnig um pólitík, persónulegar væringar og fagurfræðilegar stefnur. Þarna rann upp fyrir mér að átökin á sviði bókmenntagagnrýnninnar eru sérlega spennandi viðfangsefni," segir Auður Aðalsteinsdóttir sem vinnur að doktorsverkefni um bókmenntagagnrýni í íslenskum fjölmiðlum.

Aðspurð um tilgang rannsóknarinnar segir Auður að ritdómarar kvarti gjarnan undan starfi sínu og ekki að ástæðulausu. „Þeir stíga nánast inn á jarðsprengjussvæði er þeir setjast í dómarsætið því hagsmunirnir sem eru í húfi eru miklir. Ég beini sjónum að eðli átakanna sem fara fram á vettvangi ritdómanna.“

Ritdómurum er oft líkt við miðla eða tengiliði milli höfunda eða verka, lesenda og fræða.

„Ritdómari á fjölmiðli sameinar svið sem teljast oft andstæð og ósamrýmanleg eins og hið opinbera og hið persónulega, afþreyingu og fræði, hið huglæga og hið hlutlæga. Starf ritdómarans einkennist af innri þversögnum og mín kenning

er sú að þetta skýri hið mikla vald sem hann er talinn hafa og jafnframt hversu auðvelt er að grafa undan valdi hans. Íslenskir ritdómar hafa hingað til ekki verið kannaðir sem bókmenntagrein á skipulegan hátt og er saga þeirra, eðli og einkenni nær ókannað svæði. Ég vonast til að rannsókn mín geti verið fyrsta skrefið í átt til frekari rannsókna á þessu merkilega fyrirbæri," segir Auður Aðalsteinsdóttir.

Leiðbeinandi: Ástráður Eysteinnsson, forseti Hugvísindasviðs.

Gunnar Theodór Eggertsson, doktorsnemi í bókmenntafræði

Tvískinningur mannsins

„Vestrænt samfélag reynir að afsaka það að vilja bæði elska dýr og éta. Þessi tvískinningur vekur áhuga minn," segir Gunnar Theodór Eggertsson doktorsnemi í bókmenntafræði, sem vinnur út frá manndýrafræði, tiltölulega nýrri fræðigrein.

„Manndýrafræðin er framhald á dýrasiðfræðinni og blandar henni í raun saman við aðrar greinar eins og menningarfræði, dýrafræði og félagsfræði, þar sem dýr eru skoðuð í samhengi við mannfólk og borgarsamfélagið, en ekki aðeins sem hluti af villtri náttúru," segir Gunnar og bendir á fjarlægðina við dýrin í daglegu lífi okkar, þrátt fyrir að við séum samtímis umkringd þeim á alla kanta.

„Hvað gerir líf eins dýrs verðugt en ekki annars? Hvað réttlætir arðrán okkar á öðrum

dýrategundum og hvað kemur í veg fyrir að við beitum sömu valdníðslu gegn mannfólki? Er yfir höfuð nokkur munur þar á? Ég vil afbyggja þessa hugmynd mannsins um að við sitjum á háseti ofar öllu öðru lífríki og eigum rétt til yfirráða einungis vegna meiri máttar. Darwin var fyrir löngu búinn að brúa gjána sem fólk trúði að fyrirfyndist á milli manna og dýra, en engu að síður lítur samfélagið enn á dýr fyrst og fremst út frá notagildi þeirra í þágu mannkyns, en ekki sem sjálfstæðar lífverur. Hvers vegna og hvernig þessi hugsun heldur velli eru lykilspurningar í mínum fræðum.“

Leiðbeinandi: Guðni Elísson, dósent við Íslensku- og menningardeild.



Tíu ára í Háskólanum!

- Af hverju gengur fólk í nærbuxum?

Vísindavefur HÍ varð tíu ára á þessu ári. Hlutverk Vísindavefsins er að miðla vísindum til almennings. Frá því vefurinn var stofnaður hafa birst um 8.200 svör við spurningum frá almenningi. Alls hafa um 800 höfundar svarað spurningunum.

Nokkrar nýjungar verða kynntar á afmælisárinu. Meðal annars er stefnt að því að notendur geti sótt sér svör með hlaðvarpi (podcast) og eins er ætlunin að gera stuttar myndir sem notendur geta horft á, hvort sem er á YouTube eða sjálfum Vísindavefunum.

Á síðasta ári heimsótti rúmlega 1 milljón manns Vísindavefinn og fletti þar rúmlega 2,3 milljónum síðna. Á meðal þeirra spurninga sem lesendur fengu svar við má nefna: Hvernig myndast öldur á hafinu? Hvernig verka rafhlöður í farsímum? Hvaða afleiðingar hafa pólskipti fyrir lífið á jörðinni? Eru til vísindalegar útskýringar á Nóaflóðinu og hvernig er hægt að berja eitthvað augum?

Á Vísindavefunum eru sérstök „föstudagssvör“ við óvenjulegum og skondnum spurningum á borð við „Af hverju er allt svona mikið vesen?“ og „Hvað þýðir Bimbi rimbi rimm bamm?“

Þessi föstudagssvör byrjuðu með spurningunni „Af hverju gengur fólk í nærbuxum?“ sem var auðvitað svarað í gamansömum tón. Svo spurði



einhver hvort það sé rétt að kindurnar í Færeyjum séu með lengri lappir öðrum megin til að geta staðið í brekkunni. Svo fór fólk að gera út á þetta og koma vísitandi með gamansamar spurningar sem myndu enda í föstudagssvörunum. Þau eru birt höfsamlega og auðvitað er allt í gamni gert í þágu vísindanna.

Útvarpsþættir stúdenta

Nú í vor hefst námskeið í samstarfi Háskólans og Ríkisútvarpsins. „Markmiðið er að gefa nemendum HÍ tækifæri til að koma rannsóknum sínum og annarra á framfæri við hlustendur útvarpsins,“ segir Kristín Einarsdóttir, aðjunkt í þjóðfræði við HÍ og dagskrárgerðarmaður. Námskeiðið er liður í meistaranámi í blaða- og fréttamennsku.

„Nemendum gefst tækifæri til að kynna útvarpinu sem miðli og að fá reynslu af þáttagerð og kynna verklagi reynds fjölmiðlafólks,“ segir Kristín. Námskeiðið fer fram í húsnæði Ríkisútvarpsins í Efstaleiti og munu nemendur sækja fyrirlestra þar og fá auk þess starfsaðstöðu, tækjabúnað til upptöku viðtala og tíma í hljóðstofu.

Á námskeiðinu er margt í deiglu, að sögn Kristínar: „Samfélagsgagnrýni er í brennidepli ásamt dagskrárgerð, útvarp verður skoðað sem farvegur fræða og vikið verður að gerð fléttuþátta fyrir útvarp.“

Nemendur fá æfingu í að taka viðtöl við



fræðimenn og að nýta eigin sérfræðipækkingu við dagskrárgerð.

„Þeir læra einnig að virkja kraftinn sem býr í hinu ósagða,“ segir Kristín og bætir við: „Nemendur munu enn fremur fræðast um handritsgerð og vinnu í hljóðstofu, auk þess að kynna markaðsrannsóknir útvarps.“

Kristín segir að hver nemandi muni vinna tvo útvarpsþætti í lok námskeiðsins: „Afrakstrinum verður svo útvarpað næstu mánuðina eftir að námskeiðinu lýkur.“

HÍ fær lof í Der Spiegel

Í nýrri grein í hinu heimsþekktu fréttatímariti Der Spiegel er námsaðstaða við Háskóla Íslands talin frábær auk þess sem góð þjónusta við nemendur skólans vekur athygli blaðamanns. Tekið er fram að þessi „háskólaperla“ sé mjög alþjóðleg. Sagt er að kennarar séu vel menntaðir og með fjölbreyttan alþjóðlegan bakgrunn og að námsframboð fyrir erlenda nemendur sé ríkulegt.

Greinin um Háskólann er mjög ítarleg en hana er að finna í UniSPIEGEL sem er sérstakt fylgiblað þýska tímaritsins Der Spiegel. Í UniSPIEGEL er fjallað um æðri menntun og háskólamál á breiðum grunni.

Í greininni segir frá því markmiði Háskóla Íslands að komast í hóp fremstu háskóla heims og er farið lofsamlegum orðum um árangur skólans á þeirri vegferð. Greint er frá skipulagi Háskólans, ríkulegu námsframboði og sterkustu rannsóknasviðum skólans. Einnig er fjallað almennt um land og þjóð og ákjósanlegar námsaðstæður fyrir erlenda nemendur við Háskóla Íslands.

Rætt er við nokkra erlenda stúdenta og hrósa þeir námsaðstöðu og viðmóti kennaranna. Þannig er haft eftir Balthasar Müller, meistaranema í eðlisfræði, að prófessorarnir geri mjög miklar kröfur til nemenda og leggi sig alla fram um að styðja þá við að ná settu marki. Müller bætir því við að námshóparnir séu hæfilega stórir, tæknibúnaður sé fullkominn og nemendur í nánum tengslum við kennarana frá upphafi náms. Til dæmis hafi nemendur í eðlisfræði greiðan aðgang að svonefndu hreinherbergi sem er notað við rannsóknir á sviði nanótækni.

„Ef slík herbergi eru yfir höfuð fyrir hendi við erlenda háskóla fá nemendur sjaldnast að stíga fæti þar inn fyrir dyr fyrr en á framhaldsnámsstigi.“

Annar nemandi, Georg Haney, segir þetta í samtali við Der Spiegel: „Eiginlega ætlaði ég aðeins að dvelja í tvo misseri við Háskólann.“ Fljótlega hafi hann þó komist á braugðið. „Andrúmsloftið er afslappað, samskipti nemenda og kennara eru óformleg og nemendur geta sett fram sínar eigin hugmyndir um kennsluna.“

Haney lét meta fyrra nám erlendis og skræði sig í meistaranám í umhverfis- og auðlindafræði og dvaldi tveimur og hálfu ári lengur við nám í Háskóla Íslands en hann hafði ætlað.



Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Húsavík

TALA HVALIRNIR ÍSLENSKU?

Við Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Húsavík eru stundaðar rannsóknir á sjávarspendýrum. Það á vel við því bærinn er einn helsti ákvörðunarstaður hvalaskoðenda á Íslandi. Dr. Marianne H. Rasmussen er forstöðumaður setursins. Doktorsrannsókn hennar fjallaði um íslenska hnýðinga og hljóðtákn sem þeir nota til samskipta.

Mál hvalanna hefur lengi vakið athygli manna. Fyrir skömmu var danskur háskólanemi við Rannsóknasetrið á Húsavík og rannsaðaði flaut sem mælst hefur frá hnýðingum. „Mörg rannsóknarverkefni setursins snúast um hljóðsamskipti sjávarspendýra og atferli þeirra,“ segir Marianne.

„Það er ekki hlaupið að því að þýða mál hvalanna og óvíst raunar hvort allar tegundir hafi heildstætt samskiptaform. Þeir tala í öllu falli ekki neina séríslensku,“ segir Marianne og brosir.

„Við vitum þó að stökkklar af höfrungaætt nota flaut til samskipta sín á milli. Hver einstaklingur hefur einstakt flaut sem hann svarar þegar á hann er kallað.“

Vegna sérstöðu sinnar hefur Rannsóknasetrið laðað til sín fjölmarga erlenda háskólanema en áhugi á hvalarannsóknum fer vaxandi víða um heim. Marianne hefur í tvígang skipulagt fjölþjóðlegt vettvangsnám um sjávarspendýr á Húsavík. „Í bæði skiptin var það gert í samvinnu við háskólann í Saint Andrews í Skotlandi,“ segir Marianne.

Marianne leiðbeinir nú tveimur framhaldsnemum við Háskóla Íslands. Edda Elísabet Magnúsdóttir er annar þeirra en hún er í doktorsnámi. Verkefni Eddu snýst um að kortleggja ársdreifingu hvala úti fyrir norðausturströndinni. Hún hefur fengið erlenda styrki til að sinna rannsóknum sínum og vinnur að þeim í samvinnu við erlenda vísindamenn, m.a. frá Havaíeyjum.

„Við höfum mjög takmarkaða þekkingu á hljóðmerkjum sem stórhveli, höfrungar og hnísur senda frá sér í hafinu umhverfis landið, sérstaklega á þetta við um skíðishvali. Við vitum einnig lítið um ferðir þeirra yfir vetrartímann. Gagnaöflun fer m.a. fram með tveimur upptökutækjum sem vista hljóðbylgjur,“ segir Marianne. „Gögn eru lesin af tækjunum á hafsbótnei á 4 til 5 mánaða fresti.“

Helga Rákel Guðrúnardóttir vann að rannsóknum sumarið 2008. Hún hlaut styrk úr Nýsköpunarsjóði námsmanna til að vinna verkefni um áhrif hvalaskoðunarferða á hvali. „Fjöldi erlendra rannsókna sýnir að auknar vinsældir hvalaskoðunarferða hafa áhrif á atferli og dreifingu hvala,“ segir Marianne. „Hugmyndin er að kanna hvernig áhrifin eru hér.“

Rannsóknir Eddu Elísabetar og Helgu Rakelar tengjast svokölluðu Wild North verkefni en markmið þess er að stuðla að sjálfbærni í ferðapjónustu sem tengist villtum dýrum.

„Rannsóknir sem hafa verið unnar við



setrið hafa ekki einungis þýðingu fyrir vísindasamfélagið,“ segir Marianne, „þær hafa oft nýst hvalaskoðunarfyrtækjunum á Húsavík og Hvalasafninu. Gestir sem hingað koma hafa mikinn áhuga á að kynna sér vísindalegu hliðina eftir að hafa rekist á hvalina í sínu náttúrulega umhverfi á hafi úti.“

Atli Bollason, meistaranemi í bókmenntafræði og skiptinemi við Concordia-háskólann

EINS OG BANDARÍKIN ÁN ALLS KJAFTÆÐISINS

Atli Bollason hefur búið í Montréal síðan í haust og leggur stund á meistaranám í bókmenntafræði við Concordia-háskólann. Hann segist kunna mjög vel við sig þar. „Eins og Snorri vinur minn hefur oft orðað það, þá er Kanada svona eins og Bandaríkin án alls kjaftæðisins. Norður-amerískt samfélag er mjög heillandi og svolítið klikkað. Ég held að fólk hér sé aðeins afslappaðra en sunnan við landamærin.“ Atli segir að námið sé svipað því sem hann hefur vanist og að hann hafi góðan grunn úr HÍ. Það var þó ýmislegt sem kom honum á óvart. „Ég uppgötvaði ansi snemma að enskan sem ég hélt að ég kynni út og inn getur verið ansi snúin. Það eru svo fáránlega mörg flókin orð!“

Atli hafði fundið sér loftíbuð í gegnum smáauglýsingar áður en hann fór út. Íbuðin, ef íbuð skal kalla, er nokkuð sérstök og hann deilir henni með fleira fólki. „Hér eru flestir nágrannanna dreddaskartandi og trumbusláandi evró-anarkó-hippar auk þess sem Vottar Jehóva banka upp á hjá manni á hverjum laugardagsmorgni. Það eru engin „herbergi“ til að tala um, heldur er rýmið stúkað niður með ýmsum aðferðum. Íbuðin er söguleg fyrir „montreölsku indírokk senuna.“ Hér hélt Arcade Fire sína fyrstu tónleika. Ein af mínum uppáhaldshljómsveitum, The Unicorns, bjó hér og hélt iðulega tónleika í íbuðinni. Við höfum haldið þeirri hefð og hér eru mánaðarlegir tónleikar.“

Atli segist að sjálfsgöngu sakna vina sinna og fjölskyldu en að sama skapi sé gott að fjarlægjast Ísland aðeins og fá aðra sýn á landið og sjálfan sig. Hann mælir heilshugar með því að stúdentar nýti sér skiptinámið.



ERLENDIR STÚDENTAR VIÐ HÍ



Ying Li

Where are you from?

Shanghai

What is your home university and programme?

Computer science, University of post- and telecommunications.

Why did you choose to study at the University of Iceland?

Interesting country, no tuition fee in Uni.

What do you like the most about the University of Iceland?

Air, water, nature and Nonnabáti.

What did you feel about the welcome you got when you arrived?

A stranger was willing to drive me to the guesthouse and didn't want any return.

The orientation at the University – what do you think about it?

It is to be one of the best uni of the world. I think it would be true.

What is interesting about Iceland?

Golf, basketball and swimming.

Have you heard of Icesave?!

Yes

Do you think Iceland is affordable?

Yes, takes time. We just pay more tax and endure the depreciation of the currency.

„Ekki bara nördaskapur“

segir **Katla Kristjánsdóttir**, nemi í lífefndafræði, um dvölinu í Caltech-háskólanum

Háskóli Íslands er í samstarfi við Caltech-háskólann í Bandaríkjunum. Síðastliðin ár hafa nokkrir nemendur verið í sumarnámi við skólann og nemendur frá Caltech hafa komið hingað til lands til náms að sumarlagi.

Katla Kristjánsdóttir, nemi í lífefnafræði, er ein þeirra sem sótt hefur námskeið við Caltech. Hún varð 10 vikum í Pasadena í Kaliforníu þar sem skólinn er til húsa. Á því tímabili vann Katla rannsóknarverkefni sem fólst í ritgerð, verkefni og lokaverkefni. „Krakkarnir vinna miklu meira í Kaliforníu en hér heima. Við unnum allt að 15 tíma á dag. Metnaðurinn er mikill og samkeppnin enn meiri,“ segir Katla, sem segist þó líka hafa reynt að njóta þess að vera í framandi landi. „Það var

mikil dagskrá sem var skipulögð fyrir okkur erlendu nemana. Ferðalög og matarklúbbar þar sem prófessorar fóru út að borða með nemendum. Svo fór ég á dansnámskeið þar sem ég stundaði „West Coast Swing“ og fór m.a. til Palm Springs í þrjá daga á dansráðstefnu. Það var svakalega gaman og ekki bara nördaskapur. Lífið var dálítið „danslab,“ vinna og svefn,“ segir Katla og kímur.

Til að komast til Caltech þurfti að skila inn viðamiklum umsóknum á ensku. Í lokahópinn völdust tíu nemendur og síðan fengu þeir að fara.

„Það sem mér þótti lærdómsríkast var að vinna rannsóknarverkefnið, temja mér ný vinnubrögð og flytja fyrirlestur á erlendu tungumáli. Ég fékk mikla hjálp frá prófessornum mínum og aðstoðarmanni



hans, sem var ómetanlegt,“ segir Katla. Hún stefnir nú á doktorsnám við Caltech-háskóla í lífefnafræði.



JAPANSHÁTÍÐ SLÓ Í GEGN

Japanshátíð er árvisst viðburður í HÍ. Gríðarleg aðsókn var á Japanshátíðina þetta árið en hún fór fram á Háskólatorgi. Nemendur í japönsku við Hugvísindasvið Háskóla Íslands áttu veg og vanda að hátíðinni í samvinnu við japanska sendiráðið á Íslandi.

Nemendurnir virkjuðu sköpunarþróttinn en hátíðarhöldin voru einstaklega skemmtileg og vel heppnuð. Meginhluti þess sem var sýndur og kynntur var unninn af nemendum sjálfum sem

fóru mikinn í undirbúningi hátíðarinnar og unnu nótt sem nýtan dag síðustu dagana fyrir hátíðina.

Sýning var á sjálfsvarnglímütökum eða Budo (Jujitsu, Aikido, Judo) og hvernig klæðast eigi japönskum kimono. Skólastofurnar á Háskólatorgi voru uppfullar af ýmsum skemmtunum og kynningum, þar á meðal frumsömdum fyrirlestrum nemenda um ýmis málefni í tengslum við japanska menningu.

Gestir fengu tækifæri til þess að hlusta á

vinsæla japanska tónlist, prófa japanska tölvuleiki og reyna á raddböndin með hjálp hins sívinsæla og japanska karaoke. Gestir fengu líka að bragða á japönskum veitingum sem reyndar njóta mikilla vinsælda um allan heim.

Á sama tíma voru upplýsingar veittar um nám í japönsku, ýmsa styrki og skiptinám við japanska háskóla, en japanskan hefur notið vaxandi vinsælda við Háskóla Íslands.



Háskólarektor heimsækir Japan

Kristín Ingólfssdóttir, rektor HÍ, fór til Japans í vetur í boði japanskra stjórnvalda og heimsótti japanska háskóla og fyrirtæki í höfuðborginni Tokyo og í Kyoto. Í ferð sinni flutti Kristín erindi í Waseda-háskólanum í Tokyo þar sem hún ræddi m.a. hlutverk og mikilvægi háskóla í alþjóðlegum efnahagsþrengingum. Waseda-háskóli sérhæfir sig í félags- og hugvísindum, og er einn af samstarfsskólum HÍ í Japan.

Íslenska hefur verið kennd við Waseda-háskólann frá 2003, og stunda nú þar um 40 nemendur nám í íslensku. Kristín hitti nemendur frá Háskóla Íslands í heimsókninni sem eru að læra japönsku og viðskiptafræði við Waseda-háskólann. Þá heimsótti Kristín Kinki-háskólann í Osaka og flutti þar jafnframt erindi. Auk þess kynnti hún lyfjafræðinám HÍ fyrir starfsfólki og stúdentum lyfjafræðideildar Kinki.

Í Osaka eru höfuðstöðvar margra japanskra lyfjafyrirtækja, m.a. Takeda Pharmaceuticals, sem er stærsta lyfjafyrirtækið í Japan og því er mikil áhersla lögð á lyfjafræði við skólann.

Íslenska fyrirtækið Actavis hefur nýlega hafið starfsemi í Japan í samstarfi við Aska Pharmaceuticals, sem er dótturfélag Takeda. Talsvert samstarf hefur verið á sviði lyfjafræði milli Háskóla Íslands og japanskra háskóla og rannsóknastofnana. Kennarar Lyfjafræðideildar HÍ hafa sumir lært og starfað í Japan auk þess að vera í samstarfi við japanska vísindamenn í starfi sínu við HÍ. Þá fóru tveir nemendur í lyfjafræði við HÍ á síðastliðnu vormisseri til Japans og unnu meistara-verkefni sín við japanskan lyfjafræðiháskóla.

GÓÐAN DAGINN!

Háskóli Íslands á í ört vaxandi samstarfi við japanska háskóla vegna kennslu í japönsku við Hugvísindasvið HÍ.

Nemendur sem komnir eru áleiðis í námi í japönsku fara flestir til Japans og dvelja eitt eða tvö misseri við japanska háskóla. Jafnframt hafa nemendur sótt framhaldsnám við japanska háskóla í ýmsum greinum.

Fyrir rúmu ári stofnaði japanskur kaupþýslumaður, Toshizo Watanabe, styrktarsjóð við Háskóla Íslands til að hvetja til frekara samstarfs milli Íslands og Japans. Watanabe stundaði nám við Brandeis-háskólann í Bandaríkjunum. Sjóðnum er ætlað að styrkja íslenska nemendur og vísindamenn til að dvelja við japanska háskóla og jafnframt til að styðja japanska nemendur og vísindamenn sem hingað vilja koma. Stefnt er að því að veita styrki úr sjóðnum á þessu ári og er ljóst að styrkir úr

sjóði Watanabes muni greiða enn frekar fyrir samskiptum Háskóla Íslands við háskóla í Japan.

Nokkuð er um vísindasamstarf milli Íslands og Japans, m.a. á sviðum félagsvísinda, lyfjafræði, jarðvísinda og augnlæknisfræði. Friðbert Jónasson, prófessor í augnlækningum, er einn þeirra sem unnið hefur að rannsóknum með japönskum vísindamönnum, í samvinnu við Kanazawa-háskólann í Japan. Ármann Höskuldsson, fræðimaður við Jarðvísindastofnun HÍ, hefur einnig stundað rannsóknir í samstarfi við japanska stallbræður sína, en í samvinnu við Janak-háskólann í Okayma.

Japönskum stúdentum við Háskóla Íslands hefur fjölgað ört á undanförunum misserum og eru þeir nú á annan tug. Það kemur því engum á óvart að vera ávarpaður こんにちは á Háskólatorgi.

Vísindi og tækni sem hluti japanskrar menningar

Á ferð sinni til Japans í fyrra heimsótti Kristín Ingólfssdóttir, rektor Háskóla Íslands, Miraikan-safnið í Tokyo, sem er safn framtíðarvísinda og nýsköpunar, og átti fund með stjórnanda þess, Mamoru Mohru. Hann var fyrsti geimfari Japans og vel þekktur af almenningi, bæði sem geimfari og sem mikill áhugamaður um vísindamiðlun til almennings.

Mohru útskýrði stefnu japanskra stjórnvalda um að efla vísindi í landinu og að gera vísindi og

tækni að veigamiklum hluta japanskrar menningar.

Hlutverk vísindasafnsins er að framfylgja þessari stefnu með sýningum og leikjum sem skýra vísindin með skemmtilegum hætti. Mikið er lagt upp úr þrautum og þátttöku gesta, sem m.a. geta spreytt sig á að framkvæma tölvustýrða uppskurði. Vélmennið Asimo er vel þekkt í Japan, en það kemur reglulega fram í safninu, talar við gesti og sýnir kúnstir, við mikinn fögnuð barna og fullorðinna.





Háskólasetur Suðurlands

Spóaríkasta sýsla landsins

Háskólasetur Suðurlands tók til starfa á Selfossi síðasta vor. Meginviðfangsefni þessa nýja háskólaseturs eru á sviði landnýtingar en á Suðurlandi eru kjöraðstæður fyrir slíkar rannsóknir. Eftirspurn eftir landnýtingarrannsóknum hefur aukist ár frá ári vegna æ fjölbreyttari og flóknari viðfangsefna á því sviði.

Setrið er með fjölbreytta starfsemi auk rannsókna. Nú stendur til að mynda yfir undirbúningur fyrir stóra ráðstefnu á sviði landnýtingarmála á vormanuðum. Starfsmenn setursins eru tveir en forstöðumaður þess er dr. Tómas Grétar Gunnarsson vistfræðingur. Þar stunda einnig fimm meistara- og doktorsnemar rannsóknir.

Borgný Katrínardóttir er einn þessara nema en hún stundar meistaranám við Líf- og umhverfissvísindadeild Háskóla Íslands. Rannsóknir hennar snúast um vistfræði hálfgróinna áreyra. Markmið rannsókna er að meta mikilvægi slíks landsvæðis fyrir heimsstofn spóans, sem er velþekktur vaðfugl í íslenskri náttúru.

„Helmungur allra spóa í heiminum verpir á Íslandi og hvergi þéttar en á hálfgrónum áreyrum,” segir Borgný.

„Slík búsvæði eru víðáttumest á Suðurlandi og finnast víða þar sem ár flæða öðru hverju yfir bakka sína og halda gróðurframvindu niðri.”

Borgný segir að hálfgróin svæði meðfram ám séu víða á undanhaldi, meðal annars



vegna stýringar vatnsfalla, hopunar jökla og landnáms lúpínu. „Líklegt er talið að þessar breytingar á Íslandi muni hafa veruleg áhrif á heimsstofn spóans,” segir Borgný. Hún stundar rannsóknir sínar víða um Suðurland, einkum þó í Rangárvallasýslu, sem er líklega spóaríkasta sýsla í heimi!

Nýsköpun í HÍ

Þróun nýrra sýklalyfja

Sprotafyrirtæki hafa margsinnis sprottið upp úr jarðvegi Háskóla Íslands vegna samstarfs frumkvöðla úr ólíkum fræðigreinum. Í því sambandi má nefna fyrirtækið Akthelia Pharmaceuticals sem vinnur nú að þróun sýklalyfja af nýrri gerð. Fyrirtækið varð til við samstarf lífvísindamanna við Háskóla Íslands og Karolinska Institutet í Svíþjóð og stefnumót þeirra við sérfræðing í markaðsmálum.

Risk

Risk ehf. hlaut önnur verðlaun í frumkvöðlakeppninni Innovit sem kennd er við Gulleggjið. Fyrirtækið er sprottið úr rannsóknum innan HÍ. Verkefnið byggist á smíði hugbúnaðar í formi áhættureiknivélar sem metur sjálfvirk áhættu sykursjúks einstaklings á augnsjúkdómum og sjónskerðingu vegna sykursýki. Upplýsingar um þekkt áhættuþætti, s.s. tegund og tímalengd sykursýki, langtímablóðsykur og blóðþrýsting, eru skráðar fyrir hvern einstakling og hugbúnaðurinn metur áhættu einstaklingsins. Þessi áhættugreining mun gefa til kynna skimunartíðni sykursjúkra og því hagræða tíðni skimunar eftir því sem við á og þar af leiðandi spara fjármuni.

ArcticMass

Starfsmenn ArcticMass búa yfir mikilli reynslu á sviði efnagreininga á lífsýnum. ArcticMass býður hágæðabjónustu á sviði efnagreininga í lífsýnum fyrir lyfjajöðnaðinn.

BP lífefni

BP lífefni ehf. var stofnað af vísindamönnum HÍ í sameindalíffræði. BP lífefni þróar lyf sem drepa bakteríur með því að örva framleiðslu bakteríudrepandi peptíða í líkamanum.

Hugarheill

Fyrirtækið Hugarheill snýst um forvarnir og þróun meðferðar gegn þunglyndi unglinga og er enn eitt sprotafyrirtækið innan HÍ.

Icelandic Online

Icelandic Online er gagnvirk og samfelld íslenskunámskeið á Netinu sem byggist á nýjustu rannsóknum í kennslufræði erlendra tungumála. Einnig er stuðst við áralanga reynslu af kennslu íslensku við Háskóla Íslands. Beitt er nýjustu tæknilausnum til að kenna tungumálið og þjálfa helstu færniþætti málsins. Með kennsluferfinu hafa verið þróaðir stuðningsmiðlar, eins og málfræðigrunnur og rafræn orðabók. Hugvísindastofnun HÍ, námsleið í íslensku og Stofnun Sigurðar Nordals standa saman að þessu vefkennsluefni en það er þróað af kennurum og nemendum HÍ í samvinnu við íslenskulektora við fimm evrópska háskóla. Þá er notuð rafræn orðabók kennsluefnisins frá Háskólanum í Wisconsin í Bandaríkjunum.

Þróun lyfs við meltingarfærarsjúkdómum

Sprotafyrirtækið Lipids Pharmaceuticals vinnur nú að þróun lyfs til meðferðar við meltingarfærarsjúkdómum. Lausnin varð til við samstarf prófessora í lyfjafræði og læknisfræði og sérfræðinga hjá Lýsi hf.



Mary Frances Davidson, meistaranemi í umhverfis- og auðlindafræði

HÍ getur orðið sjálfbærasti háskóli í heimi

„Háskóli Íslands er í frábæri stöðu til að verða sjálfbærasti háskóli í heimi vegna hagnýtingar á hreinni orku,” segir Mary Frances Davidson, meistaranemi við HÍ. Hún hefur vakið athygli fyrir vinnu tengda sjálfbærni á háskólasvæðinu.

Mary Frances er nemi í umhverfis- og auðlindafræði, sem er þverfaglegt nám og býður upp á að nemendur sæki námskeið innan mismunandi deilda Háskólans.

„Ég kann mjög vel við þverfaglega námið. Það er nauðsynlegt að tengja saman mismunandi svið, eins og vísindi og stjórnmál, til að leysa flókna hluti eins og umhverfisvanda samtíðarinnar,” segir Mary Frances.

Í meistaritgerð sinni reynir hún að greina vistfræðilegan skilning fólks í háskólasamfélaginu.

„Þetta er gert í þeim tilgangi að henda reiður á hugsunarhætti Íslendinga og nýta hann við mótun lausna á umhverfisvandamálum,” segir Mary Frances.

Mary Frances lagði áður stund á umhverfisfræði við University of Washington í Seattle sem er framsækin borg á vesturströnd Bandaríkjanna.

„Þegar ég kom til Íslands kom mér það mjög á óvart hversu mikið rusl var á götum og hversu lítil áhersla var lögð á endurvinnslu. Ég held að margir útlendingar sem koma til landsins reikni með því að hér sé allt snyrtilegt og umhverfisvænt

en verði fyrir léttu áfalli við komuna þegar þeir sjá hvernig hlutunum er háttað.”

Nú í haust setti Mary Frances saman nefnd nemenda, kennara og starfsfólks við Háskóla Íslands til að vinna að mótun á sjálfbærnisstefnu Háskóla Íslands.

„Mér finnst frábært hvernig fólk við Háskóla Íslands er tilbúið að vinna saman að jákvæðum breytingum. Það er gott að það er strax brugðist við ef maður bendir á eitthvað rangt.”

Leiðbeinendur: Allyson Macdonald, prófessor í menntunarfræði við Menntavísindasvið, og Kristín Vala Ragnarsdóttir, forseti Verkfræði- og náttúruvísindasviðs.

Erlingur Birgir Richardsson, meistaranemi í íþróttá- og heilsufræði

Nemar þurfa að hreyfa sig

„Nær einn af hverjum fjórum er of þungur og helmingur með of hátt fituhlutfall,” segir Erlingur Birgir Richardsson, meistaranemi í íþróttá- og heilsufræði, sem rannsakar heilsu 18 ára framhaldsskólanema. Meistaraverkefni Erlings er hluti af viðamikilli rannsókn á heilsu og lífsstíl framhaldsskólanema sem Sigurbjörn Árni Arngrímsson, dósent í íþróttá- og heilsufræði, stýrir. Þátttakendur í rannsókninni eru 277 nemar úr þremur framhaldsskólum í Reykjavík. Heilsa nemanna var könnuð með því að skoða alla helstu áhættuþætti fyrir hjarta- og æðasjúkdóma eins og þol, blóðfitu, blóðsykur, líkamsfitu, blóðþrýsting og hreyfingu.

„Það kemur mér á óvart hversu margir eru of þungir og of feitir og hversu lítið þeir hreyfa sig. Hlutfall þeirra sem eru of þungir, þ.e. 23%

út frá BMI-stuðli, er samt í takt við niðurstöður rannsókna á öðrum aldurshópum á Íslandi. Það sem er kannski athyglisverðast er hversu gott þol þeirra mælist, þrátt fyrir hversu þung og feit þau eru og hreyfa sig lítið,” segir Erlingur og bætir við að ástæðan sé hugsanlega sú að á þessum árum nær þolið hámarki, þ.e. hjarta- og æðastarfsemin er upp á sitt besta.

Í rannsókninni koma nemarnir vel út hvað varðar þol og þá sérstaklega strákarinnir. Innan við 10% stráka flokkast með lélegt þol en 22% stúlkna. Þrátt fyrir það ná 64,2% stúlkna og 67,6% stráka ekki ráðleggingum um hreyfingu upp á 10.000 skref eða fleiri að jafnaði á dag. Aðeins 34,4% nemenda ná þeirri hreyfingu.

„Offita og kyrrseta hafa aukist mikið á undanförunum árum ásamt sjúkdómum þeim



tengdum. Mig langaði að skoða sérstaklega líkamsástand þessa aldurshóps þar sem hann hefur lítið verið kannaður og engar rannsóknir er að finna á Íslandi sem fjalla um heilsu þessa hóps á eins víðtækan hátt og í rannsókn minni,” segir Erlingur. Hann vonast til að hægt verði að nýta niðurstöðurnar til að skipuleggja og þróa mótvægisáðgerðir til að draga úr vandamálum tengdum offitu og hreyfingarleysi.





Menntavísindasvið og Heilbrigðisvísindasvið

Gjörbyltu heilsu barna

Rannsókn um lífsstíl, hreyfingu og hollustu 7 til 9 ára barna var meginviðfangsefni þáttar sem sýndur var í Sjónvarpinu í vetur. Í þættinum var fjallað um niðurstöður rannsóknar í Háskóla Íslands sem gerð var á árunum 2006 til 2008. Rannsóknin sýnir að unnt er að auka hreyfingu og stuðla að hollara mataræði hjá þessum aldurshópi með samstilltu átaki heimila og skóla.

„Rannsóknin er þverfræðilegt samstarfsverkefni vísindamanna og framhaldsnema við Menntavísindasvið og Heilbrigðisvísindasvið HÍ,“ segir Erlingur Jóhannsson, deildarforseti Íþróttá-, tólmstunda- og þroskaþjálfadeildar. Hann var verkefnisstjóri en að rannsókninni komu einnig þau Ingvar Sigurgeirsson, varadeildarforseti Kennaradeildar, og Inga Þórsdóttir, deildarforseti Matvæla- og næringarfræðideildar.

Erlingur segir að markmiðið hafi verið að auka heilbrigði barna. „Verkefnið var unnið í samstarfi við Menntasvið Reykjavíkurborgar og sex grunnskóla í borginni. Skólunum var skipt í tvo flokka, þrjá íhlutunarskóla og þrjá samanburðarskóla. Leitast var við að auka daglega hreyfingu barna í íhlutunarskólunum, bæði innan og utan skóla, í samstarfi við kennara og foreldra. Þetta var gert með því að flétta hreyfingu og leikjum inn í kennslu ýmissa námsgreina og auka íþróttakennslu,“ segir Erlingur.

„Þá var leitast við að hafa áhrif á mataræði barnanna til aukinnar hollustu, m.a. með fræðslu og samvinnu við kennara, starfsfólk mótuneyta skólanna og foreldra og var þar fylgt markmiðum Lýðheilsustöðvar,“ segir hann.

Erlingur segir að í upphafi hafi verið gerðar ýmsar mælingar á nemendum, á holdafari, þreki, hreyfingu, beinþéttni, mataræði og þáttum



sem tengdust lífsstíl þeirra. Mælingarnar hafi verið endurteknaðar í lok tímabilsins, auk þess sem hreyfingarmælingar hafi verið gerðar á miðju tímabilinu.

„Mælingar í lok tímabilsins leiddu í ljós að mataræði barna í íhlutunarskólunum hafði nálgast markmið Lýðheilsustöðvar mun meira en barna í samanburðarskólunum,“ segir Erlingur.

„Mikil aukning varð á neyslu barnanna á grænmeti og ávöxtum, fiski og lýsi. Neysla barna í íhlutunarskólunum á grænmeti reyndist t.d. 50% meiri en í samanburðarskólunum. Aukning á hreyfingu varð fyrst og fremst á skólatíma og þá einkum meðal drengja. Þá reyndist þol barna í íhlutunarskólunum tíu prósent meira en í samanburðarskólum.“

Erlingur segir að þrjú doktorsnemar og tveir meistaranema hafi einnig tekið þátt í verkefninu. Doktorsnemarnir voru þau Ása Guðrún Kristjánsdóttir, í næringarfræði, Kristján Þór Magnússon, MPH faraldsfræðingur, og Hannes Hrafnkelsson, MD sérfræðingur í heimilislækningum. Meistaraneimarnir voru þær Katrín Heiða Jónsdóttir og Erna Héðinsdóttir.

Hvað stendur upp úr í HÍ?



Stefanía Ósk Arnardóttir,
BS-nemi í viðskiptafræði

Hér er góð stemmning meðal nemenda, kennarar eru góðir og hér er fjölbreytt námsframboð.



Kjartan Maack,
meistaraneimi í stjórnun og stefnumótun

Hér hef ég aðgang að viðlesnum fræðimönnum með þekkingu sem erfitt er að afla sér annars staðar frá og þeir hafa bent mér í rétta átt að því efni sem ég hef mestan áhuga á.



Harpa Þorsteinsdóttir,
BA-nemi í uppeldis- og menntunarfræði

Námið er markvisst, fjölbreytt og þverfaglegt. Það er góður grunnur fyrir áframhaldandi nám á fjölbreyttum sviðum. Ég mæli með þessu námi fyrir alla sem hafa áhuga á að vinna með börnum og unglingum.



Kristín Björnsdóttir,
nýdktor við Félags- og
mannvísindadeild

Í andstöðu við almenningsálitið

Fólk með þroskahömlun ætti að vera með í stefnumótun í málefnum tengdum þroskahömlun. Þetta var meðal þess sem kom fram í doktorsritgerð Kristínar Björnsdóttur sem bar heitið „Í andstöðu við almenningsálitið: Samfélagsþátttaka ungs fólks með þroskahömlun.“

Í ritgerð sinni einbeitti Kristín sér að lífi ungs fólks með þroskahömlun, 29 einstaklinga, fæddra á milli 1974 og 1984, og fylgdi lífi þeirra í þrjú ár. Allir þátttakendurnir voru virkir í samfélaginu. Ritgerðinni var deilt í tvo aðalhluta. Sá fyrri fjallaði um lífsreynslu 6 þátttakenda, þriggja kvenna og þriggja karla, og hinum hlutanum var deilt upp í fjórar þjóðfræðilegar rannsóknir.

Þátttakendurnir voru valdir sérstaklega af því að þeir tilheyra fyrstu kynslóðinni sem elst upp eftir að lög um aðstoð við þroskahefta voru samþykkt árið 1979. Kristín kallaði þá „kynslóðina sem féll að samfélaginu“ og lagði áherslu á það hve mikilvægir þátttakendurnir voru í rannsókn hennar og hve nána samvinnu hún átti við þá.

„Ég ætla ekki einu sinni að láta eins og ég sé hlutlaus. Frá byrjun var ég búin að útskýra að ég var bandamaður þeirra.“

Þrátt fyrir lögin sem tóku gildi 1979 benda gögn Kristínar á að misræmi sé á milli formlegs réttar fólks með þroskahömlun til samfélagsþátttöku og raunverulegs aðgengis þess. Hún tók eftir því hvernig þátttakendur eyddu stærstum hluta tíma síns innan ýmissa sérúrræða fyrir fatlað fólk.

Að lokum komst Kristín að þeirri niðurstöðu að þroskahamlað fólk ætti skilið meira sjálfraði en það býr við nú, meiri áhrif á daglegt líf sitt og ákvarðanir, áhrif sem sumir þessara einstaklinga hafa ekki núna.

*Leiðbeinandi: Rannveig Traustadóttir,
prófessor í fötlunarfræði.*

Student.is stefnir á að birta þúsund fréttir á ári

Um 650 fréttir birtast á student.is á síðasta skólaári og rætt var við mörg hundruð manns sem lífa og hræst á háskólasamfélaginu. Nemendur í meistaranámi í blaða- og fréttamennsku vinna fréttirnar og eru þannig að kljást við raunveruleg viðfangsefni blaðamannsins. Nemendur vinna ekki einungis hefðbundnar textafréttir því þeir unnu líka 50 sjónvarps- og útvarpsfréttir.

Á sínu fyrsta starfsári hefur student.is fest sig í sessi sem alvöru fréttavefur um háskólasamfélagið og sannað sig sem kennslutæki. Heiðurinn af vefnum á Dána Dögg Víglundsdóttir, en vefurinn var lokaverkefni hennar í meistaranámi í blaða- og fréttamennsku. Dána Dögg er nú orðin vefritstjóri Háskóla Íslands.

Hún segir vefinn hafa farið langt fram úr væntingum sínum. „Fréttirnar sem nemendur skrifa eru bæði fleiri og betri en ég hafði búist við. Í upphafi ætluðum við að lífga upp á vefinn með myndböndum frá YouTube, en engin þörf hefur verið á því,“ segir Dána Dögg brosandí.

„Þá hafa viðtökurnar verið mjög góðar og rötgrónir veffréttamiðlar vitna reglulega í fréttir sem birtast á student.is og flytja jafnvel sjálfkrafa fréttir þaðan til birtingar á sínum miðlum.“

Valgerður Jóhannsdóttir, aðjunkt og umsjónarmaður MA-námsins í blaða- og fréttamennsku, segir að student.is sé nauðsynleg viðbót í vefmiðlaflóru landsins. Litla sem enga umfjöllun hafi áður verið að finna um það sem gerist í háskólasamfélaginu.

„Hér gerist svo margt sem á erindi við aðra, enda er samfélagið stórt, eða um 17 þúsund manns. Það jafngildir þeim fjölda sem býr á Akureyri,“ segir Valgerður.

Vefnum student.is var hleypt af stokkunum í október 2008 og er samstarfsverkefni meistaranema í blaða- og fréttamennsku við Háskóla Íslands, Stúdentaráðs, Félagsstofnunar stúdenta og markaðs- og samskiptasviðs skólans.

*Leiðbeinandi: Þorbjörn Broddason,
prófessor í félagsfræði.*



Lenka Kovarova

Where are you from?

Prague, Czech Republic

What is your home university and programme?

Now the University of Iceland is my home university, I am at the MA program Old Norse Religion but I already finished the MA programme at Hussite theology and religious science at the Charles University in Prague.

Why did you choose to study at the University of Iceland?

I came here first as an exchange student. I chose Iceland because here are the best literary sources and Icelandic is helpful to understand them. I also learnt something about Iceland and I considered that it would be the country I would like to go. And it was. Later, I came back here as a regular student.

What do you like the most about the University of Iceland?

The system of exams is objective. Otherwise I like the modern system of education and the UGLA system. We didn't have anything like that in Czech Republic.

What did you feel about the welcome you got when you arrived?

I was really glad to come here and I met nice people. Otherwise I wouldn't come back.

The orientation at the University – what do you think about it?

I have no problem. Here is everything close by.

What is interesting about Iceland?

Icelanders.

Have you heard of Icesave?!

Yes, my friend tried to explain it to me but I don't understand this case perfectly. And I doubt that someone does.

Do you think Iceland is affordable?

Yes, I work. I don't have any scholarship and I have no problem. Of course it would be better not to work but I don't complain about my situation. It was my choice to come here. Even as an exchange student I had to work, Iceland was really expensive a few years back, and even with the highest Erasmus scholarship I had financial problems. Nonetheless this is the problem of the home university, and I expect that now Iceland is a bit cheaper for foreign students, although for Czechs it is still quite expensive here.

ER KÓRFÓLK SÉRSTAKLEGA VINGJARNLEGT?

Ávefnum student.is hefur komið fram sterkur grunur um að fólk sem syngi í kór sé einkar félagslyndur og glaðvær hópur.

Frábært félagslíf og árleg ferðalög eru meginástæða þess að margir ganga til liðs við Háskólakórinn. Öðrum finnst einfaldlega svo gaman að syngja. Blaðamaður student.is rann á ljúfa tóna frá Neskirkju eitt fallett vetrarkvöld, fylgdist með æfingu og velti því fyrir sér hvort kórfólk sé vingjarnlegra en annað fólk.

Nokkrir skiptinemar eru í Háskólakórnum að þessu sinni. Þeirra á meðal er Þjóðverjinn Pascal Johannes Klaus, 5. árs læknanemi frá Þýskalandi, sem syngur bassa... Pascal segir sönggleði helstu ástæðu þess að hann ákvað að ganga í kórinn, en hann vildi líka kynna Íslendingum. Hann er ánægður með hvað fólk tók vel á móti honum. „Mér finnst líka fólk sem syngur í kór almennt vingjarnlegra en aðrir,“ segir Pascal hlæjandi. „Það besta við kórinn er að eyða tíma með þessu skemmtilega fólk.“

Í Háskólakórnum er mikill metnaður í flutningi verka, en hann heldur að minnsta kosti eina tónleika á ári. Á vormisseri 2010 er stefnt á að setja upp 9. sinfóníu Beethovens ásamt Sinfóníuhljómsveit unga fólksins.

Einstakur kvennakór

Félagsskapurinn í Kvennakór Háskóla Íslands er ekki síður einstakur og þrátt fyrir ungan aldur hefur Kvennakórinn sungið sig rækilega inn í hjarta háskólasamfélagsins.

Margrét Bóasdóttir, stjórnandi Kvennakórsins, segir starfsemina fara ört vaxandi. Í fyrra voru um 30 konur í kórnum en í vetur fjölga þeim væntanlega í rúmlega 40. Lagt er upp með tvenna tónleika á ári, ásamt jólatónleikum, sem hafa fest sig í sessi. Einnig heldur kórinn reglulega hádegistónleika.

Margrét segir Kvennakórinn vera hressan og skemmtilegan kór, sem samanstendur bæði af nemendum og starfsfólki skólans.



Sólveig Sigurðardóttir, meistaranemi í Félagsráðgjafardeild

JÖFN BÚSETA BARNNA HJÁ BÁÐUM FORELDRUM EFTIR SKILNAÐ

Forsjá barna eftir skilnað hefur lengi verið bitbein foreldra. Margir þeirra hafa valið þann kostinn að deila forsjánni þannig að barnið dvelur viku og viku í senn hjá foreldrum sínum.

Sólveig Sigurðardóttir vann rannsókn á sameiginlegri forsjá barna í meistaraverkefni sínu í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands sem hún nefnir „Jöfn búseta barna hjá báðum foreldrum eftir skilnað.“

Sólveig tók viðtal við 10 foreldra til að fá reynslu og sýn af fyrirkomulaginu. Öll áttu þau það sameiginlegt að eiga ung börn við skilnað. Foreldrarinn áttu það einnig sameiginlegt að vera vel menntaðir, hafa tekið jafnan þátt í uppeldinu og jafnræði ríkti í hlutverkum þeirra. Meirihluti

foreldra var kominn í nýtt samband. Flest börnin eru á aldrinum 6–8 ára í dag og hafa búið við þetta fyrirkomulag í nokkur ár.

Þegar foreldrar taka meðvitaða ákvörðun um að deila áfram með sér forsjá barnsins eftir skilnað eru þeir fljótir að leggja til hliðar eigin ágreining vegna hags barnsins. Foreldrarinn gera oftast með sér samkomulag með að fella niður meðlagsgreiðslur og flytja jafnvel lögheimili barnsins milli ára. Mikilvægt er að foreldrar búi í sama hverfi til að auðvelda barninu skólagöngu og samneyti við vini. Ákvæði um jafna búsetu er ekki í lögum á Íslandi og kerfið því ekki tilbúið að gera ráð fyrir þessu fyrirkomulagi í dag. Samanburður við löggjöf á Norðurlöndunum sýnir að sameiginleg forsjá barna eftir skilnað varð

mun síðar lögfest á Íslandi, sömuleiðis ákvæði um jafna búsetu, og ýmis önnur réttindi sem snerta samskipti barna við bæði foreldri.

Sólveig segir foreldrana mjög sátta við þetta fyrirkomulag. Þeir telja sig þó verða eigingjarnari á tímann með barninu en ömmur og afar koma þá síður að barnapössuninni. Foreldrarinn eiga í sterkum tengslum við börnin og þá sérstaklega feðurnir. Einhverjir hafa þó fundið fyrir fordómum gagnvart fyrirkomulaginu.

Að lokum segir Sólveig það spennandi framtíðarverkefni að skoða reynslu barnanna eftir að þau eru orðin fullorðin.

Leiðbeinandi: Sigrún Júlíusdóttir, prófessor við Félagsráðgjafardeild.

Sprengjugengi HÍ með háskasýningar

Djarfur hópur efnafraeðinema við Háskóla Íslands, sem gengur undir nafninu Sprengjugengið, hefur vakið landsathygli fyrir háskalegar efnafraeðisýningar á heimsmælikvarða. Sérfræðingarnir í Sprengjugenginu eru þekktir fyrir að skapa efnabrellusýningar sem láta áhorfendur gjarnan gapa af undrun.

Þegar Sprengjugengið er á ferðinni upplifa áhorfendur ótrúlegar litasjónhverfingar, óvenjulegar gastegundir á sveimi og ógurlegar sprengingar sem kitla hlustirnar.



Tryggvi Guðmundsson, MS frá Hagfræðideild

Miklar verðhækkningar á Íslandi

Verðhækkningar eru hlutfallslega tíðari og umfangsmeiri á Íslandi en gengur og gerist í samanburðarlöndum. Þetta kemur fram í nýlegri MS-ritgerð Tryggva Guðmundssonar frá Hagfræðideild Háskóla Íslands, „Verðstífni og efnahagslegur óstöðugleiki: Vísendingar frá Íslandi“ (e. Sticky Prices and Economic Instability: Evidence from Iceland). Leiðbeinandi í verkefninu var Þorvaldur Gylfason, prófessor í hagfræði.

Í ritgerðinni eru teknar saman tölur frá Hagstofnunni um tíðni verðbreytinga á tímabilinu 1997–2009 en gögnin sem stuðst er við eru þau sem liggja til grundvallar vísitölu neysluverðs. Hagfræðingar hafa deilt um áhrif tíðni verðbreytinga á hagkerfið en hún skiptir meðal annars máli vegna þess að ef verð breytist ört má gera ráð fyrir að aðgerðir seðlabanka, eins

og aukning peningamagns í umferð, hafi lítil sem engin áhrif þar sem aukningunni er strax velt út í verðlag. Ef verð breytist hins vegar sjaldnar myndast svigrúm fyrir áhrif af slíkum aðgerðum á meðan verð aðlagast nýju jafnvægi. Lykilhugtak í þessum umræðum er verðstífni en það er þegar verð breytist ekki þegar ákveðnar breytur hafa áhrif á vörur (t.d. eftirspurn eða peningamagn).

Niðurstaða ritgerðarinnar er að þrátt fyrir mikla verðbólgu og mikinn óstöðugleika í íslensku efnahagslífi er verðstífni ekki minni hér á landi en í samanburðarlöndum á borð við Bandaríkin og Evrulöndin, þvert á það sem ætla mætti. M.ö.o. breytist verð ekki örar hér en annars staðar. Það sem helst skilur Ísland frá hinum löndunum er að hér eru verðhækkningar hlutfallslega algengari og verðlækkningar því sjaldgæfari. Einnig eru



hækkningar umfangsmeiri en lækkningar, sem er óvenjulegt í samanburði við önnur lönd. Það er þessi ósamhverfa í verðbreytingum sem einkennir íslenska hagkerfið.

Elísabet Gísladóttir, Lagadeild

Verja þarf börn gegn ofbeldi

Elísabet gerði rannsókn á umgengnis- og forsjármálum sem hafa verið ráðin til lykta hér á landi á síðustu 10 árum þar sem heimilisofbeldi kemur við sögu. Markmiðið var að kanna hvort og þá hvaða áhrif ofbeldi innan veggja heimilisins hafi þegar tekin er ákvörðun um forsjá barna annars vegar og umgengni hins vegar.

Hvað varð til þess að þú gerðir þessa rannsókn?

„Heimilisofbeldi er ein alvarlegasta birtingarmynd ofbeldis gegn börnum, hvort sem það beinist að þeim sjálfum eða þau verða vitni að því gegn einhverjum nákomnum. Þegar foreldrar skilja eða slíta samvistum heldur slíkt ofbeldi oftast ekki áfram. Vildi ég því kanna hvort nægilega sé hugað að vernd barna gegn ofbeldi við

ákvarðanir um áframhaldandi samneyti barns við ofbeldismanninn.“

Hverjar voru helstu niðurstöðurnar?

„Niðurstaðan var í raun sú að heimilisofbeldi hefur mjög takmörkuð áhrif við mat á forsjárhæfni foreldra. Þannig eru jafnvel dæmi um að ofbeldismanni hafi verið fengin forsjá barna sinna. Sömuleiðis þarf mjög mikið að koma til svo að umgengnisréttur sé takmarkaður á grundvelli ofbeldis, jafnvel þótt sýnt sé fram á að samneyti við foreldri geti beinlínis verið barninu skaðlegt. Sem dæmi um það hefur umgengni einungis einu sinni verið hafnað á undanförunum tíu árum vegna ofbeldis gegn barni. Má því draga í efa að vernd barna gegn ofbeldi sé nægilega tryggð í



umgengnis- og forsjármálum hér á landi. Tel ég því nauðsynlegt að breyta núgildandi lögum og lagaframkvæmd og auka vægi heimilisofbeldis við ákvarðanir um forsjá eða umgengnisrétt.“


Leiðbeinandi: Brynhildur G. Flóvenz, dósent við Lagadeild.

GRUNNNÁM 2010–2011 HELSTU NÁMSLEIÐIR:

Almenn bókmenntafræði
Almenn málvísindi
Almenn trúarbragðfræði
Alþjóðlegt nám í menntunarfræði
Atvinnulífsfræði
Austur-Asíufræði
Bókasafns- og upplýsingafræði
Danska
Eðlisfræði
Efnafræði
Efnaverkfræði
Enska
Félagsfræði
Félagsráðgjöf
Ferðamálafræði
Finnska
Fjármál
Fjölmíðlafræði
Fornleifafræði
Franska
Geislafræði
Gríska
Grunnskólakennarafræði
Guðfræði
Guðfræði – Djáknánám
Hagfræði
Hagnýt ítalska fyrir atvinnulífið
Hagnýt spænska fyrir atvinnulífið
Hagnýt þýska fyrir atvinnulífið
Heimspæki
Hjúkrunarfræði
Hugbúnaðarverkfræði
Iðnaðarverkfræði
Íslenska
Íslenska fyrir erlenda stúdenta
Ítalska
Íþróttá- og heilsufræði
Japanskt mál og menning
Jarðeðlisfræði
Jarðfræði
Kennslufræði til kennsluréttinda
Kínverskt mál og menning
Klassísk fræði
Kvikmyndafræði
Kynjafræði
Landfræði
Latína

Leikskólakennarafræði
Listfræði
Lyfjafræði
Lífefnafræði
Lífeindafræði
Líffræði
Líffræðileg mannfræði
Læknisfræði
Lögfræði
Mannfræði
Markaðsfræði
Matvælafræði
Menningarfræði
Norska
Næringarfræði
Rafmagns- og tölvuverkfræði
Reikningshald
Ritlist
Rússneska
Safnafræði
Sagnfræði
Sálfræði
Sjúkraþjálfun
Skólasafnafræði
Spænska
Starfstengt nám fyrir fólk með þroskahömlun
Stjórn málafræði
Stjórnun og forysta
Stærðfræði
Sænska
Tannlæknisfræði
Tannsmíði
Tákn málsfræði
Tákn málsfræði og tákn málstúlkun
Tómstunda- og félagsmálafræði
Tölvunarfræði
Umhverfis- og byggingarverkfræði
Uppeldis- og menntunarfræði
Upplýsinga- og skjalastjórn hjá skipulagsheildum
Upplýsingamiðlun
Vélaverkfræði
Viðskiptafræði
Þjóðfræði
Þroskaþjálfarafræði
Þýðingfræði
Þýska

 Félagsvísindasvið

 Menntavísindasvið

 Verkfræði- og náttúruvísindasvið

 Heilbrigðisvísindasvið

 Hugvísindasvið

Þetta eru helstu námsleiðir í boði. Innan þeirra geta verið margs konar kjörsvið. Allar nánari upplýsingar í Kennsluskrá á hi.is

MEISTARANÁM – DOKTORSNÁM – VIÐBÓTARNÁM:

Almenn bókmenntafræði
Almenn málvísindi
Alþjóðasamskipti
Alþjóðlegt nám í menntunarfræði
Áhættuhegðun, forvarnir og lífssýn
Blaða- og fréttamennska
Bókasafns- og upplýsingafræði MLIS
Bókasafns- og upplýsingafræði
Byggingarverkfræði
Danska
Djóknanám
Eðlisfræði
Efnafræði
Enska
Evrópufræði
Ferðamálafræði
Félagsfræði
Félags- og vinnusálfræði
Félagsráðgjöf
Fjármál fyrirtækja
Fjármálhagfræði
Fjármálaverkfræði
Fjölmenningarfræði
Fornleifafræði
Franska
Fræðslustarf með fullorðnum – mannauðsproun
Fötlunarfræði
Geislafræði
Guðfræði
Hagfræði
Hagnýt jafnréttisfræði
Hagnýt menningarmiðlun
Hagnýt ritstjórn og útgáfa
Hagnýt siðfræði
Hagnýt þjóðfræði
Hagnýtt nám í þýðingum
Heilbrigðisvísindi
Heilsuhagfræði
Heimspeki
Heimspeki og félagsfræði menntunar
Hjúkrunarfræði
Hugbúnaðarverkfræði
Iðnaðarverkfræði
Íslensk fræði
Íslensk málfræði
Íslenska
íslenska sem annað mál
Íslenskar bókmenntir
Íþrótt- og heilsufræði
Jarðeðlisfræði
Jarðfræði
Kennslufræði framhaldsskóla
Kynjafræði
LL.M. Auðlindaréttur og alþjóðlegur umhverfisréttur
Landfræði
Leiðtogar, nýsköpun og stjórnun
Líf- og læknávisindi
Lífefnafræði
Lífendafræði
Líffræði

Lífsleikni og jafnrétti
Lífverkfræði
Ljós módurfræði
Lyfjafræði
Lyfjavísindi
Lýðheilsuvísindi
Læknávisindi
Lögræði
Mannauðsstjórnun
Mannfræði
Markaðsfræði og alþjóðaviðskipti
Matsfræði
Matvælafræði
MBA í viðskiptafræði
MPM í verkefnastjórnun
Miðaldafræði
Náms- og kennslufræði
Náms- og starfsráðgjöf
Norðurlandafræði
Norræn trú
Næringarfræði
Opinber stjórnsýsla MPA
Rafmagns- og tölvuverkfræði
Rafmagnsverkfræði
Reikningsskil og endurskoðun
Reikniverkfræði
Sagnfræði
Sálfræði
Sálfræði, Cand. psych.
Sálfræði í uppeldis- og menntavísindum
Sérkennslufræði
Sérsvið hjúkrunar
Skattaréttur og reikningsskil
Spænska
Stjórn málafræði
Stjórnun og stefnumótun
Stjórnunarfræði menntastofnana
Stærðfræði
Tannlæknisfræði
Tómstunda- og félagsmálafræði
Tungutækni
Tölvunarfræði
Tölvuverkfræði
Umhverfis- og auðlindafræði
Umhverfis- og byggingarverkfræði
Umhverfisverkfræði
Uppeldis- og menntunarfræði
Vélaverkfræði
Viðskiptafræði
Öldrunarfræði
Öldrunarfræði NordMaG, samnorraent meistaranám
Öldrunarþjónusta
Þjóðfræði
Þroskaþjálfing
Þroski, mál og læsi
Þróunarfræði
Þýðingfræði
Þýska
Þýska í ferðaþjónustu og miðlun



Tímarit Háskóla Íslands – Háskólafréttir

1. tölublað: 32. árgangur, febrúar 2010.

Útgefandi:

Markaðs- og samskiptasvið Háskóla Íslands.

Ritstjórar:

Guðrún Bachmann og Jón Örn Guðbjartsson.

Höfundar efnis:

Jón Örn Guðbjartsson, Stefán Helgi Valsson, Sigurjón Ólafsson, Ingi Rafn Ólafsson, María Ásdís Stefánsdóttir, Kolbrún Mjöll Hrafnisdóttir, Guðrún Bachmann, Dagný Ósk Aradóttir, Díana Dögg Víglundsóttir, Ásthildur Sturludóttir, Helga Brá Árnadóttir, Ása Kolka, Andrea Vondrakova og nemendur í meistaranámi í blaða- og fréttamennsku við Háskóla Íslands o.fl.

Lestur prófarka:

Áslaug J. Marinósdóttir, Rut Gunnarsdóttir, Jón Örn Guðbjartsson, Guðrún Bachmann, Sigurlaug Ingibjörg Lövdahl, Magnús Diðrik Baldursson og Sæunn Stefánsdóttir.

Ljósmyndir:

Kristinn Ingvarsson, Stefán Helgi Valsson, Jón Örn Guðbjartsson, Gunnar Sverrisson, Bjarni Grímsson, Ragnar Axelsson o.fl.

Birgir Ísleifur Gunnarsson, Ljósmynd af rektor HÍ.

Hönnun og umbrot:

Tryggvi Ólafsson, tryggvio@gmail.com.
Umbrot forsiðu: Pipar/TBWA

Mynd á forsiðu:

Bjarni Grímsson.

Upplag:

9.000 eintök.

Prentun:

Oddi umhverfisvottuð prentsmiðja.



Prentað á vistvænan pappír.

Ef ritið er ekki varðveitt vinsamlegast skilið því til endurvinnslu að loknum lestri.

ISSN: 1670-2778

www.hi.is

Hverjir vinna Tímarit Háskóla Íslands?

Tímarit Háskóla Íslands er að mestu leyti unnið af starfsfólki markaðs- og samskiptasviðs Háskólans og af kynningarstjórum á fræðasviðum skólans. Einnig tók Andrea Vondrakova frá Tækniháskólanum í Prag viðtöl við erlenda nemendur við HÍ.

Nemendur í MA-námi í blaða- og fréttamennsku við Háskólann lögðu einnig til fjölda greina. MA-nám í blaða- og fréttamennsku er hagnýtt og fræðilegt nám sem býr fólk undir fjölbreytt störf á margs konar fjölmiðlum. Með því að rita greinar í Tímarit Háskólans fengu nemendur tækifæri til að vinna efnis til almennrar birtingar þar sem áhersla var lögð á vísindamiðlun.

Í MA-náminu í blaða- og fréttamennsku er áhersla lögð á að kenna nemendum siðareglur, vinnubrögð og aðferðir sem blaða- og fréttamenn nota við vinnu sína. Einnig er kennt að beita þeim tækjum og tólum sem henta hverjum miðli. Tímarit Háskólans var því kærkomið raunhæft verkefni fyrir meistaranema.



Allt um námið á hi.is

Mikil áhersla er lögð á að allir geti nýtt sér vefsvæði Háskóla Íslands til að nálgast upplýsingar um fjölbreytt námsframboð við skólann.

Vefsvæði Háskóla Íslands er eitt það fjölsóttasta á landinu og býður upp á gríðarlega möguleika. Vefsvæðið skiptist í raun í tvo hluta: innri vef, sem gengur undir nafninu Uglan, og ytri vef sem blasir við öllum.

Notendur ytri vefsins eiga auðvelt með að nálgast upplýsingar og er vefurinn í stöðugri mótun. Vefurinn tekur mið af uppbyggingu

Háskóla Íslands í fimm fræðasvið og 25 deildir sem falla undir fræðasviðin. Litir eru ráðandi við að hjálpa notendum að finna sinn stað.

Aðgengi er einfalt að öllum upplýsingum um á fjórða hundrað námsleiðir og er lýsing á hverju námskeiði með tengingu við kennsluskrá. Þá er hægt að sækja um skólavist á vefnum, bæði í grunnnámi og framhaldsnámi.

Í Uglunni geta nemendur nálgast ýmsar innri upplýsingar en í því sambandi má nefna glærur og efnis sem tengist ákveðnum námskeiðum en þarna má líka sjá námsferilinn eins og hann leggur sig.

Sæktu um í HÍ

Umsóknir um nám eru rafrænar og fara fram á vef Háskólans hi.is. Umsóknarfrestur í grunnnámi fyrir háskólaárið 2010-2011 er til 5. júní 2010. Eingöngu er tekið við rafrænum umsóknum.

Allar nánari upplýsingar um umsóknarferlið, inntökuskilyrði og fleira eru á hi.is. Námsráðgjafar Háskóla Íslands, starfsfólk þjónustuborðs, Nemendaskrár, fræðasviða og deilda veita einnig upplýsingar og aðstoð.

Frestur til að sækja um framhaldsnám er til 15. apríl en til 15. október ef sótt er um nám sem hefst á vörmisseri.

Rafræn umsóknareyðublað eru á hi.is.



Engin skólagjöld eru í Háskóla Íslands en árlegt skrásetningargjald er kr. 45.000

Velkomin í Háskóla Íslands!

Námseiningar og prófgráður

Nám við Háskólann er metið í einingum (e). Hefðbundið ársnám er talið 60 einingar og almennt er miðað við að hver eining svari til 25-30 vinnustunda í námi.

Við Háskólann eru þrjár háskólagráður. Fyrsta háskólagráða kallast grunnnám, þ.e. BA, BS eða B.Ed. Að baki þeirri gráðu er minnst þriggja ára nám en nokkrar leiðir eru lengri og geta tekið 4-6 ár. Önnur háskólagráða er svokallað meistaraþróf,

t.d. MA, MS eða M.Ed., en að baki henni er yfirleitt tveggja ára nám. Þriðja háskólagráðan er síðan doktorsþróf.

Meistaránám og doktorsnám kallast einu nafni framhaldsnám. Því til viðbótar býður Háskóli Íslands ýmsar styttri námsleiðir, diplómanám eða hagnýtt nám, starfsmiðað nám eftir fyrstu háskólagráðu og sjálfstætt grunnnám.

Þjónusta fyrir stúdent við Háskóla Íslands

BÓKSALA STÚDENTA

Allar námsbækurnar og miklu meira á www.boksala.is

KAFFISTOFUR STÚDENTA

Kaffistofur stúdentu eru í Árnagarði, Eirbergi, Háskólabíói, Læknagarði, Odda og Öskju. Fjölbreytt og gott úrval á lágmarksverði.

HÁMA

Háma er veitingastaður, kaffihús og bar staðsett í hjarta háskólasamfélagsins á Háskólatorgi.

LEIKSKÓLAR STÚDENTA

Sólgarður og Leikgarður eru fyrir sex mánaða til tveggja ára og Mánagarður fyrir eins til sex ára börn. Nánari upplýsingar á heimasíðu FS.

STÚDENTAGARÐAR

Umsóknum þarf að skila með rafrænum hætti á umsóknarformi sem finna má á síðunni www.studentagardar.is

STÚDENTAMIÐLUN

Atvinnu-, húsnæðis-, kennslu- og námsbókamiðlun á www.studentamidlun.is



Félagsstofnun
stúdentu

Háskólatorgi, 3. hæð Sæmundargötu 4
Sími 570 0700 fs@fs.is www.fs.is

www.fs.is

BÓKSALA STÚDENTA

KAFFISTOFUR STÚDENTA

LEIKSKÓLAR STÚDENTA

STÚDENTAGARÐAR

STÚDENTAMIÐLUN

HÁMA

Þátttaka í Happpdrætti Háskólans borgar sig - fyrir þig!

Er þetta hús byggt
fyrir happpdrættisfé?

Já, áttu ekki
örugglega miða?



HAPPPDRÆTTI HÁSKÓLA ÍSLANDS

VÆNLEGAST TIL
VINNINGIS

Tryggðu þér miða á www.hhi.is, í síma 800 6611 eða hjá næsta umboðsmanni.